Sóknarfæri

Júní 2019

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi

Byggingarlist - Samgöngur

Skipulagsmál - Græna orkan

Fólk í fyrirtækjum - Húsgögn

Sandurinn í stundaglasinu

Valþór Hlöðversson ritstjóri skrifar

Orkuskipti eru mál heimsbyggðarinnar um þessar mundir. Æ fleiri gera sér grein fyrir því að knýjandi þörf er á að grípa til róttækra aðgerða í loftlagsmálum ef forða á veröldinni frá fjörtjóni og taka upp vistvænni orkugjafa. Nú er ekki lengur í boði að nota orðasambönd eins og „stefnt skal að“ eða „við þurfum að skoða þetta“ því allnokkuð er þegar gengið á sandinn í efri hluta stundaglassins og tíminn naumur. Sem betur fer rís af afli krafan um tafarlausar aðgerðir og ekkert gauf, ekki síst frá yngra fólkinu. Og það er vel.

Þurfum að breyta hratt

Sigurður Friðleifsson framkvæmdastjóri Orkuseturs segir í samtali við Sóknarfæri mikilvægast fyrir Íslendinga að huga að orkuskiptum í samgöngum og fiskveiðum. Hann vekur athygli á því forskoti sem Íslendingar njóti í þessum málum: „Við Íslendingar búum hins vegar svo vel að vera búin með tvo þriðju hluta af pakkanum, þ.e. að hvað varðar heita vatnið og raforkuna,“ segir Sigurður í viðtalinu. Aðspurður hvort við Íslendingar séum á þeim stað í orkuskiptum bílaflotans sem hann hefði vonast eftir fyrir 5-10 árum, svarar hann: „Ef ég á að vera alveg heiðarlegur hvað þetta varðar þá erum við komin býsna langt og lengra en ég hefði búist við. Hins vegar hlýt ég að svara þessu þannig frá faglegu sjónarmiði að við verðum að fara mjög hratt. Ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af því að orkuskipti verði ekki. Það eru engin merki sjáanleg um annað. Spurningin snýst fyrst og fremst um tíma og þar kemur til sögunnar þrýstingur sem er orðinn greinilegur.“

Orkuskiptin ekki allsherjarlausn

Orkuskiptin eru óhjákvæmileg, um það deilir enginn. En við megum ekki aðeins staðnæmast við þann þátt. Ásdís Hlökk Theodórsdóttur, forstjóri Skipulagsstofnunar bendir á að ærið mörgu sé hægt að áorka með skynsamlegu og góðu skipulagi. Til dæmis hafi þéttleiki og fyrirkomulag byggðar áhrif á hvernig fólk ferðast á milli staða og hversu mikil ferðaþörfin er, sem aftur hafi áhrif á hvað mikið við losum af gróðurhúsalofttegundum. „Í skipulaginu þarf að tryggja innviði fyrir orkuskipti í samgöngum, en við verðum að gæta þess að einblína ekki á orkuskiptin sem allsherjarlausn í þessu tilliti. Það er mjög mikilvægt að vinna samhliða að því að efla hlut annarra ferðamáta og draga úr ferðaþörf. Við getum líka tekið á loftslagsmálum í skipulagi með ráðstöfun lands í dreifbýli fyrir skógrækt og verndun og endurheimt votlendis, sem geta verið mjög öflugar leiðir til að draga úr losun og binda gróðurhúsalofttegundir.“

Íslensk stjórnvöld vilja leggja áherslu á umhverfismálin, þau eru að hlusta á raddir unga fólksins um úrbætur og eiga svo sannarlega að hlusta. Spurningin er hvort nóg sé að gert? – Þar er efinn.

Íslensk nýorka fagnar 20 ára afmæli:

Tækifæri til að stíga stór skref við orkuskipti í samgöngum

Íslensk nýorka (ÍN) var stofnuð árið 1999 og fagnaði því í maí 20 ára afmæli sínu. Félagið var í upphafi stofnað út frá stefnu þáverandi stjórnvalda um nýtingu vetnis til samgangna. Fyrsta verkefnið sem félagið kom að var rekstur vetnisstrætisvagna árið 2001. Samstarfsaðilar í því verkefni voru Shell International, Daimler, og Norsk Hydro.

Jón Björn Skúlason er framkvæmdastjóri Íslenskrar nýorku og hefur hann gegnt því starfi frá stofnun. Hann segir vetnisverkefnið hafa gengið vel og að mikil reynsla og þekking hafi skapast í Íslenskri nýorku. Við efnahagshrunið 2008 var öll frekari þróun vetnismála sett á ís og í kjölfarið drógu hinir erlendu samstarfsaðilar sig út úr samstarfinu. Íslensk nýorka er í dag í eigu íslenska ríkisins, OR, Landsvirkjunar, HS orku, Háskólasjóðs, Nýsköpunarmiðstöðvar og Sterkra Stofna. Frá árinu 2009 hefur meginhlutverk ÍN verið að stuðla að aukningu á endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum.

Höfum oft verið álitin hálf vitlaus

„Það er svolítið skemmtilegt frá að segja að við höfum oft verið álitin hálf vitlaus. Fyrst þegar við byrjuðum með vetnisvagna fyrir 15 árum og síðan þegar við komum með fyrstu raðsmíðuðu rafbílana, iMIEV frá Mitsubishi. Þeir komu í upphafi hruns, kostuðu eins og Tesla í dag og voru með stýrið hægra megin. Nú eru flestir sammála um að í framtíðinni verði þetta blandaðar lausnir, fólksbílar á rafmagni beint, stærri bílar á vetni og síðan þurfum við einnig að nýta allt metanið,“ segir Jón Björn. Hann bætir við að menn muni sjá miklu fjölbreyttari flóru orkubera fyrir bifreiðar þar sem í boði verði vetni, rafmagn, metan, lífdísill og síðan gæti metanól og ammoníak orðið mikilvægar lausnir, sérstaklega þegar horft verður til hafs. Markaðurinn muni og eigi eftir að ráða þessu en innleiðingin gæti gerst hratt á næstu árum.

Ísland í fremstu röð

„Ísland er í dag í fremstu röð í heiminum þegar kemur að notkun vistvæns eldsneytis með um 9% af vistvænu eldsneyti í landsamgöngum. Það var sérlega gleðilegt að taka þátt í að opna fyrstu fjölorkustöð Íslands í maí þegar Orkan opnaði fjölorkustöð við Miklubraut sem selur auk hefðbundins jarðefnaeldsneytis, hraðhleðslu fyrir rafbíla, vetni og metan, allt endurnýjanlega orkugjafa sem framleiddir eru á Íslandi. Það eru því gríðarmikil tækifæri fyrir okkur til að stíga stór skref þegar kemur að orkuskiptum í samgöngum.“

Að sögn Jóns Björns eru stærstu áskoranirnar annars vegar stærri tæki, flutningabílar, rútur, strætisvagnar og þess háttar og hins vegar haftengd starfsemi. „Skip eru endurnýjuð á 30-50 ára fresti. Ef við ætlum að nota vistvænt eldsneyti á skip í framtíðinni þurfum við að byrja núna. Norðursigling á Húsavík er góð fyrirmynd en þeir hafa verið með tvö skip á rafmagni síðustu ár og eru algjörir brautryðjendur á þessu sviði. Ég er sannfærður um að forysta þeirra hafði þau áhrif að nú er kominn rafvæddur Herjólfur, sem er annað frábært skref.“

■ Jón Björn hefur farið víða í störfum sínum fyrir Íslenska nýorku. Hér er hann í staddur í strætisvagnaverksmiðju í Kína, sem er stærsti framleiðandi rafmagnsvagna í heiminum og vinnur einnig að framleiðslu vetnisvagna.

■ Jón Björn við nýjasta vetnisbílinn Hyundai Nexo sem þykir marka ákveðin tímamót í gerð fólksbíla.

Brautryðjendur við innleiðingu ívilnana

Oft, þegar rætt er um innleiðingu vistvænnar tækni, er kvartað yfir getuleysi stjórnvalda. „Fólk áttar sig ekki á því að íslensk stjórnvöld voru brautryðjendur í innleiðingu ívilnana. Norðmenn bættu svo um betur og því er innleiðingin hraðari þar,“ segir Jón Björn. „Nú liggja fyrir tillögur um áframhaldandi og víðtækari ívilnanir. Þar eru á ferðinni afar jákvæðar tillögur sem munu styðja enn frekar við innleiðingu vistvæns eldsneytis. Helst vantar frekari ívilnanir fyrir flutningabíla til að þeir geti starfað í samkeppnihæfu umhverfi. Ekkert er þó í þessum tillögum um haftengda starfsemi. Það þarf að huga að skipaflotanum og stíga ákveðið fram þannig að útgerðaraðilar sjái sér hag í að fjárfesta í skipum sem geta gengið fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum.“ Skinney-Þinganes er að sögn Jóns Björns að vinna að athyglisverðum tilraunum með framleiðslu á olíu úr repju til að draga úr jarðefnabrennslu sinni. Metanólframleiðsla er í landinu og slík tækni er nú um borð í tugum skipa erlendis. Vetnisskip eru í smíðum í Noregi og fjölbreyttar lausnir eru í boði sem byggja á nýtingu rafgeyma fyrir lítil skip eða tengiltvinnútgáfur líkt og Herjólfur. „Það eru tækifæri alls staðar til að byrja, hið opinbera þarf að stíga hér inní líkt og gert var varðandi bifreiðar og bjóða ívilnanir og hefja samtal við sjávarútveginn sem fyrst,“ segir Jón Björn Skúlason að lokum.

newenergy.is

Sóknarfæri
Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi

Útgefandi: Ritform ehf.
Ritstjóri: Valþór Hlöðversson (ábm).
Umsjón, textavinnsla og umbrot: Ritform ehf.
Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir
inga@ritform.is

Prentun: Landsprent ehf.

Dreift með Íslandspósti til allra fyrirtækja á landinu í júní 2019.

Rafræn útgáfa af blaðinu er á ritform.is

Gott til endurvinnslu

Mannvit kappkostar að auka arðsemi verkefna með þverfaglegri þjónustu á öllum verkstigum. Þannig má draga úr kostnaði, spara tíma og halda áætlun. Mannvit rekur 9 starfsstöðvar víðsvegar um landið og með öflugum hópi sérfræðinga bjóðum við þjónustu á sviði verkfræði, jarðvísinda, umhverfismála, upplýsingatækni, byggingarefna- rannsókna og verkefnastjórnunar.

MANNVIT

Umhverfið mótar lífsgæði okkar

Rætt við Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur, forstjóra Skipulagsstofnunar

■ Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar segir mörgu hægt að áorka í loftlagsmálum með skynsamlegu og góðu skipulagi.

„Skipulagsstofnun hefur býsna víðfeðmt verksvið því skipulagsmál varða með einum eða öðrum hætti alla uppbyggingu og landnýtingu, jafnt í þéttbýli og dreifbýli og í byggð og óbyggðum," segir Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar þegar hún er beðin um að gera grein fyrir verksviði stofnunarinnar. Hún bendir á að stofnunin sinni stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulagsgerð og umhverfismat og nýjasta verkefni hennar sé að vinna með nýlega skipuðum svæðisráðum að strandsvæðisskipulagi fyrir firði og flóa á Vestfjörðum og Austfjörðum.

„Það er líka á okkar könnu að móta stefnu ríkisins í skipulagsmálum sem sett er fram í svokallaðri landsskipulagsstefnu en þar er mótuð almenn sýn í skipulagsmálum, til leiðbeiningar og útfærslu í skipulagi sveitarfélaga og annarri áætlanagerð stjórnvalda. Í gildandi landsskipulagsstefnu er sett fram sýn um skipulagsmál í þéttbýli, dreifbýli, á miðhálendinu og á haf- og strandsvæðum og lagt út af því að skipulag byggðar sé sjálfbært, hafi viðnámsþrótt gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, tryggi lífsgæði og stuðli að samkeppnishæfni viðkomandi samfélaga."

Ásdís Hlökk segir að nú sé unnið að viðauka við landsskipulagsstefnuna, þar sem mótuð verður nánari stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu, þ.e. hvernig hægt sé að taka betur tillit til þessara mikilvægu þátta við mótun byggðar og þegar landnýting er ákveðin.

Orkuskiptin eru ekki allsherjarlausn

Hvað loftslagsmálin varðar segir Ásdís Hlökk ærið mörgu hægt að áorka með skynsamlegu og góðu skipulagi. Til dæmis hafi þéttleiki og fyrirkomulag byggðar áhrif á hvernig fólk ferðast á milli staða og hversu mikil ferðaþörfin er, sem aftur hafi áhrif á hvað mikið við losum af gróðurhúsalofttegundum. „Í skipulaginu þarf að tryggja innviði fyrir orkuskipti í samgöngum, en við verðum að gæta þess að einblína ekki á orkuskiptin sem allsherjarlausn í þessu tilliti. Það er mjög mikilvægt að vinna samhliða að því að efla hlut annarra ferðamáta og draga úr ferðaþörf. Við getum líka tekið á loftslagsmálum í skipulagi með ráðstöfun lands í dreifbýli fyrir skógrækt og verndun og endurheimt votlendis, sem geta verið mjög öflugar leiðir til að draga úr losun og binda gróðurhúsalofttegundir."

Umhverfis- og loftslagsvænni mannvirkjagerð

Ásdís Hlökk bendir á að með góðu skipulagi sé hægt að gera ýmislegt til að bregðast við þeim umhverfisbreytingum sem verða vegna loftslagsbreytinga. Bregðast þurfi við hækkandi sjávarborði og auknum öfgum í úrkomu með viðeigandi útfærslu byggðar. Þar komi til dæmis til áhugaverðar leiðir, svokallaðar sjálfbærar eða blágrænar ofanvatnslausnir sem geta í senn tekist á við öfgar í úrkomu og falið í sér áhugaverð bæjarrými og útivistarsvæði. „Þessu til viðbótar getum við í gegnum skipulag tryggt umhverfis- og loftslagsvænni mannvirkjagerð með því að byggja síður á svæðum sem myndu losa mikið af gróðurhúsalofttegundum vegna jarðrasks og líka með því að tryggja notkun umhverfisvænna byggingarefna og annarra umhverfisvænna lausna." Ásdís Hlökk segir að þetta sé meðal annars hægt að gera með því að hvetja til notkunar umhverfisvottunar á byggingum, eins og Svansvottunar eða BREEAM eða LEED vottunar.



■ Urriðaholt í Garðabæ er fyrsta hverfið hér á landi þar sem sjálfbærar ofanvatnslausnir eru heildstætt fléttaðar inn í allt skipulag og hönnun hverfis. Það birtist með ýmum hætti; til dæmis í opnum ofanvatnsrásum meðfram götum og á opnum svæðum og í útfærslu lóða og húsagarða.



■ Blágrænar ofanvatnslausnir geta í senn tekist á við öfgar í úrkomu og falið í sér áhugaverð bæjarrými og útivistarsvæði.

Áhrif lýðheilsu á landsskipulagsstefnu

Spurð hvort áhersla á lýðheilsu hafi áhrif á landsskipulagsstefnu bendir Ásdís Hlökk á að viðfangsefnin í yfirstandandi landsskipulagsvinnu séu loftslagsmál, landslag og lýðheilsa. Hver og einn þessara þátta þurfi að vera miðlægt viðfangsefni í meira og minna allri skipulagsgerð. Stóra viðfangsefnið við mótun byggðar til framtíðar sé að tryggja útfærslu byggðar og umhverfis sem styðji lífsgæði, bæði okkar og þeirra kynslóða sem taka við af okkur. „Það skemmtilega er að það eru mikil tækifæri til að útfæra byggð og landnýtingu þannig að hún skili ávinningi jafnt fyrir loftslag, landslag og lýðheilsu," segir Ásdís Hlökk. Hún nefnir sem dæmi að þéttbýlisskipulag sem styðji virka ferðamáta, göngu og hjólreiðar, skili árangri bæði í loftslagstilliti og fyrir lýðheilsu. Einnig geti skynsamlega útfærð skógrækt í senn tryggt bindingu gróðurhúsalofttegunda, lagt af mörkum fyrir landslag viðkomandi svæðis og boðið upp á áhugaverð útivistarsvæði. „Það er slíkur samþættur ávinningur sem er ávallt keppikefli að stefna að í skipulagsgerð, hvort sem það er í þéttbýli eða dreifbýli, byggð eða óbyggðum," segir Ásdís Hlökk Thedórsdóttir forstjóri Skipulagsstofnunar.

skipulag.is

VIÐ KOMUM Í VEG FYRIR VESEN

Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisráðgjöf

Hjá VSÓ starfa sérfræðingar með mikla reynslu og þekkingu á öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum, sem hafa sérhæft sig í að aðstoða atvinnurekendur í þeim efnum.

Að hafa öryggi, heilbrigði og umhverfi í hávegum styrkir ímynd fyrirækja, eykur samkeppnishæfni, bætir rekstur og dregur úr hættu á vinnuslysum.

Kynntu þér málið
nánar á www.vso.is

VSÓ RÁÐGJÖF
VERKFRÆÐISTOFA

90 ár frá lögum um verkamannabústaði

Verkamannahús í Vesturbænum

■ Úr bakgarði randbyggðarinnar sem fyrst reis yfir íslenskt verkafólk í vesturbæ Reykjavíkur. Þar eru íbúðir enn afar eftirsóttar þannig að eitthvað hafa frumkvöðlar fúnkisstefnunnar gert rétt!

Ljósm. Björn G. Björnsson.

BYGGINGARLIST

Valþór Hlöðversson skrifar

Á 3. og 4. áratug síðustu aldar var húsnæðisskortur eitt mesta vandamál Reykvíkinga eftir að fjöldi fólks fluttist úr sveitum á mölina og hafði í fá hús að venda. Húsnæðisvandinn bitnaði auðvitað mest á fátæku verkafólki sem varð að láta sér nægja kjallarholur, háaloft og önnur heilsuspillandi hreysi til búsetu. Verkalýðsfélögin létu þetta auðvitað til sín taka, einkum Verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík. Fyrir atbeina þess og áhrifamanna í verkalýðshreyfingunni á þingi voru sett lög um verkamannabústaði árið 1929. Á grundvelli þeirra laga var Byggingafélag alþýðu stofnað en það reisti í þremur áföngum á árunum 1931-1937 samstæður húsa í vesturbæ Reykjavíkur með 172 íbúðum.



■ Ein af teikningum Einars Erlendssonar að fyrsta áfanga verkamannabústaðanna.

Bjargvættur húsnæðislausra

Það var hinn merki forystumaður Héðinn Valdimarsson (1892-1948) sem flutti frumvarp að lögum um verkamannabústaði sem samþykkt voru á Alþingi árið 1929. Héðinn var á þessum árum einnig formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Raunar var hann einnig forystumaður meðal atvinnurekenda og um tíma skrifstofustjóri Landsverslunar og forstjóri Olíuverslunar Íslands (BP) sem hann stofnaði 1927. Þá var hann um tíma bæjarfulltrúi í Reykjavík og ▼

Magnum

Hleðslueiningakerfi með grófri áferð

Nýtt!

Magnum

Nýtt hleðslueiningakerfi með grófri áferð sem minnir á náttúrulegan klettavegg. Magnum hleðslusteinarnir eru afar meðfærilegir, hægt er að raða þeim upp á fjölbreyttan hátt og þeir henta í smáa sem stóra hleðsluveggi.

Magnum einingarnar eru holar að innan og því minna magn steypu notað við framleiðslu þeirra án þess þó að það hafi áhrif á styrk og endingu þeirra.

Farsæl íslensk framleiðsla í yfir 60 ár - **bmvalla.is**

BM·VALLÁ

Pipar\TBWA \ SÍA

alþingismaður Reykvíkinga 1926-1942. Héðinn lést fyrir aldur frá árið 1948, aðeins 56 ára að aldri.

Í tilefni af 25 ára afmæli Byggingafélags alþýðu árið 1955 var afhjúpuð stytta eftir Sigurjón Ólafsson af Héðni Valdimarssyni við leikvöllinn við Hringbraut en hún er minnisvarði um þennan ötula bjargvætt fjölmargra húsnæðislausra Reykvíkinga á fyrri hluta síðustu aldar. Styttan er til viðgerðar um þessar mundir en Héðinn mun vonandi komast á sinn stall innan tíðar.

Átaksverkefni ríkis og bæjar

Samkvæmt lögunum um verkamannabústaði skyldi stofna byggingarsjóði í kaupstöðum og kauptúnum landsins til þess að stuðla að íbúðabyggingum verkamanna og áttu þeir að njóta árlegs framlags úr ríkissjóði og einnig úr viðkomandi bæjarsjóði. Skyldu sjóðirnir veita byggingarfélögum verkamanna allt að 85% lán til þess að koma upp íbúðum fyrir félagsmenn sína. Fjölmörg hús risu á næstu árum, m.a. í Reykjavík, Hafnarfirði og á Ísafirði.

Reykjavíkurbær úthlutaði félaginu lóðunum sem byggt var á í Vesturbænum. Annars vegar er um að ræða 26 sambyggð hús á reit vestan við Hofsvallagötu, hinsvegar 18 hús í fjórum röðum austan við Hofsvallagötu. Í hvorri samstæðu eru húsin samskonar að gerð, útliti og fyrirkomulagi. Öll húsin eru tvílyft með kjallara og lágu risi og byggð úr steinsteypu. Þegar lögum um verkamannabústaði var breytt árið 1939 og Byggingafélag verkamanna stofnað, fékk félagið ekki lengur lán úr byggingasjóði verkamanna og hætti byggingum.

Þegar undirbúningur að byggingu fyrstu verkamannabústaðanna stóð sem hæst var ákveðið að efna til samkeppni meðal arkitekta um húsin sem rísa skyldu í fyrsta áfanga vestan Hofsvallagötu. Tillögur arkitektanna Arne Finsen og Gunnlaugs Halldórssonar hlutu 1.-2. verðlaun en svo fór að hvorug tillagan var valin til útfærslu. Þess í stað var embætti húsameistara ríksins falin hönnun húsanna. Teikningar að fyrri áfanga samstæðunnar frá 1931 gerði Einar Erlendsson, sem þá starfaði sem fulltrúi á skrifstofu húsameistara. Teikningar að síðari áfanganum frá 1934 eru hins vegar merktar húsameistara sjálfum, Guðjóni Samúelssyni.

Fyrstu funkís húsin

Verkamannahúsin í Vesturbænum eru reist í anda funkísstefnunnar sem var að ryðja sér til rúms í Evrópu undir lok 3. áratugarins. Þeir arkitektar sem fylgdu fúnkísstefnunni vildu bæta þjóðfélagið með góðri hönnun en meginkenningin á bak við stefnuna er sú að form bygginganna leiði af hlutverki mannvirkisins. Útlit húsanna skyldu því endurspegla notkun þeirra. Allt óþarfa flúr og skraut var fjarlægt en í fyrirrúmi skyldi vera hreinleiki og nýting. Þá vildu menn tryggja að íbúðirnar væru bjartar og einnig að útivistarsvæði væru aðgengileg í bakgörðum. Húsasamstæðan austan Hofsvallagötu, sem reis í tveimur áföngum, er gjarnan nefnd sem eitt elsta og besta dæmið hérlendis um heilsteypta íbúðabyggð sem reist var út frá sjónarmiði fúnksjónalismans. Húsin eru enda öll friðuð í dag.

Nýjung á þessum tíma var að hver íbúð var útbúin með sérstöku baðherbergi og rafmagnseldavél í eldhúsi. Þá var einnig rennandi heitt vatn í krönum og fjarhitun í íbúðunum í gegnum tvær miðstöðvar. Upphaflega var kynt með kolum og var kyndiklefi fyrir I. flokk í kjallara Bræðraborgarstígs 47 og fyrir II. flokk í kjallarabyggingu við Hofsvallagötu 18-20. Á hvorum stað voru því reistir háir skortsteinar við húsin sem enn standa. Ennfremur voru dagvöruverslanir í hornhúsunum við Bræðraborgarstíg 47 og Hofsvallagötu 16 en þær heyra sögunni til.

Eftirsóttar íbúðir

Þegar báðum áföngum var lokið mynduðu húsin samfellda og óslitna röð allan hringinn meðfram Hringbraut, Bræðraborgarstíg, Ásvallagötu og Hofsvallagötu. Í miðjunni er stórt lokað svæði eða port með sameiginlegum barnaleikvelli og almenningssvæði. Aðgengi að því er um opin göng á tveimur stöðum, annars vegar frá Bræðraborgarstíg og hins vegar frá Hofsvallagötu. Ennfremur



■ Gunnlaugur Halldórsson hannaði öðru vísi hús í III áfanga en áður höfðu verið reist. M.a. stallaði hann þau sem standa við Hofsvallagötu til að sólar nyti við í öllum íbúðum.



■ Grein í Alþýðublaðinu eftir Héðinn Valdimarsson þar sem hann lýsir útfærslu fyrstu verkamannabústaðanna.

■ Húsnæðisvandinn var löngum tilefni pólitískra átaka á kreppuárunum.

■ Hér er ekkert óþarfa prjál. Næstum aldargömul hús en samt í anda gilda nútímans.

Ljósm. Björn G. Björnsson.

er lítill bakgarður við hvert og eitt hús og litlir garðar milli húsa og götu við Hringbraut. Fjórar íbúðir eru í hverju húsi, tvær á hvorri hæð, og sameiginleg þvotta- og þurrkaðstaða ásamt geymslum í kjallara. Þessar íbúðir eru enn meðal þeirra eftirsóttustu í gömlu Reykjavík og skyldi engan undra. Þar eru höfð í heiðri gildin sem á ný eru að ryðja sér til rúms; nýtni, sjálfbærni og andstaða við óþarfa prjál og sóun.

Frábrugðinn III áfangi

Árið 1936 var tími Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts loks kominn þegar hann fékk það verkefni að teikna húsin sem risu í III áfanga hinum megin við Hofsvallagötuna. Þessi hús voru reist á árunum 1936-1937 og eru talsvert frábrugðin randbyggðinni sem reis í I og II áfanga. Við Ásvallagötu, Brávallagötu og Hringbraut standa húsin fjögur til fimm saman í þremur samsíða röðum en við Hofsvallagötu er þeim skipað í stallaða röð til þess að nægileg birta nái inn í hverja íbúð og garðarnir verði sólríkari. Við hvert hús er lítill garður sunnanmegin og er aðkoma að húsunum í gegnum þessa garða, nema við Ásvallagötu þar sem aðkoma er frá götu. Á miðju svæðinu er sameiginlegur leikvöllur með gæsluskýli í eigu borgarinnar.

Óbrotgjarn minnisvarði

Verkamannahúsin í Vesturbænum í Reykjavík er óbrotgjarn minnisvarði um stórhug manna sem létu sig brýna hagsmuni fátæks verkafólks varða á sinni tíð. Hugmyndafræðin var einföld; þak yfir höfuðið í sómasamlegu húsnæði er brýn nauðsyn hverjum manni og sjálfsögð mannréttindi í nútíma samfélagi. Til að þessu marki væri náð þurfti samtakamátt fjöldans og nauðsynlegan stuðning hins opinbera. Illu heilli hurfu Íslendingar frá þessu verkefni um hríð en við vonum að Eyjólfur sé að hressast.

PiparTBWA \ SÍA

ÞÚ VEIST HVAÐ ÞIG VANTAR

VIÐ FJÁRMÖGNUM

Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is | 540 1700

Lykill
fjármögnun

■ Hér má sjá fyrsta áfanga nýs miðbæjar. Gamla Mjólkurbú Flóamanna er í forgrunni hægra megin, sem verður sýningar- verslunar- og veitingahús. Til vinstri, næst núverandi ráðhúsi, er endurgert Sigtún, fyrsta verslunarhúsið á Selfossi.

Myndir: Sigtún þróunarfélag.

Leikur að **gömlu** og **nýju** á Selfossi

Á Selfossi stendur Sigtún Þróunarfélag fyrir uppbyggingu nýs miðbæjar, þar sem reist verða alls um 35 hús í klassískum íslenskum stíl, þar á meðal nokkur hús sem áður stóðu á Selfossi. Framkvæmdir eru hafnar við fyrri áfanga verksins, sem telur 14 hús og verður hann opnaður á næsta ári. Óhætt er að segja að flest allt við uppbygginguna og aðdraganda hennar sé óvenjulegt.

„Það er rétt. Hugmyndafræði okkar byggir á því að blanda saman nýju og gömlu á skapandi hátt, að brúa gamalt og nýtt í húsagerðinni og aðferðafræðinni," segir Guðjón Arngrímsson, einn þeirra sem standa að óvenjulegri uppbyggingu nýs miðbæjar á Selfossi í samtali við Sóknarfæri. Hann og Leó Árnason eru frumkvöðlar verkefnisins en þeir eru báðir fæddir og uppaldir á Selfossi. Áhugi þeirra á arkitektúr og sögu síns gamla heimabæjar kveikti fyrir tæpum fimm árum hugmynd að uppbyggingu á svæði í hjarta Selfoss sem staðið hafði autt um árabil. Þeir komu að málum hvor úr sinni áttinni – Leó hafði lengi verið virkur í byggingastarfsemi og fasteignaviðskiptum en Guðjón tengst ferðaþjónustu í gegnum stjórnunarstörf hjá Icelandair Group.

„Við fórum í huganum yfir þá miðbæjarkjarna sem við þekktum hér á landi og erlendis og komumst að því að þeir sem höfðu mest aðdráttarafl áttu það sameiginlegt að vera þróaðir fyrir tíma bílsins. Byggingarnar, og rýmin milli bygginganna, tóku einhvern veginn utan um fólk og sköpuðu vellíðan. Söguleg litrík hús með vönduðu handverki, óreglulegar götur og lítil torg. Við byrjuðum því að láta okkur dreyma um einmitt þannig miðbæ á Selfossi. Væri það möguleiki?" segir Guðjón.

■ „Söguleg litrík hús með vönduðu handverki, óreglulegar götur og lítil torg. Þannig miðbæ sáum við fyrir okkur á Selfossi," segir Guðjón Arngrímsson í viðtalinu.

Þróunarvinna fyrir opnum tjöldum

Síðla árs 2014 fóru þeir að tala um þessa hugmynd, fyrst við vini og vandamenn og svo við bæjarstjórnarfólk Árborgar, og svo var hugmyndin kynnt fyrir aðilum í viðskiptalífinu, hugsanlegum leigutökum. „Frábærar viðtökur urðu til þess að við ákváðum að stofna þróunarfélagið og fengum til liðs við okkur fagfólk, sem nauðsynlegt er við svona uppbyggingu, s.s. arkitekta, aðra hönnuði og verkfræðinga auk sérfræðinga í byggingarsögunni. Við tókum þarna óvenjulegt skref miðað við hefðina í skipulags- og fasteignaverkefnum og héldum opna sýningu í Tryggvaskála á hugmyndum okkar í mars 2015 meðan þær voru enn á frumstigi. Áhuginn var mikill – mörg hundruð manns komu og ræddu málin við okkur þessa daga sem sýningin stóð. Það var gæfuspor að vinna þetta fyrir opnum tjöldum, miklar umræður urðu í bæjarfélaginu, margir opnir fundir og fjölmiðlaumfjöllun, og nýjar hugmyndir kviknuðu. Verkefnið stækkaði og stækkaði og sýn okkar á það breyttist," segir Guðjón.

Bæjarstjórn Árborgar, sem studdi verkefnið frá upphafi, samþykkti nýtt deiliskipulag um miðbæjarhugmyndina og því ferli var að ljúka í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna 2018 þegar farið var fram á íbúakosningu um málið. Hún var haldin í ágúst í fyrra og þar fékk skipulagið mikinn meðbyr þegar tillögur Sigtúns voru samþykktar af 60% íbúa með mikilli kosningaþátttöku. Í vetur hefur svo verið unnið að lokahönnun og byggingaframkvæmdir eru nú hafnar.

Lífræn hönnunarvinna

Guðjón bendir á að í heimi skipulagsmála og arkitektúrs sé mikil gerjun og umræða um þróun borga og bæja. „Þar er m.a. töluvert fjallað um hvernig unnið er með söguna og hvernig taka á tillit til hefðar og eldri bygginga þegar nýtt er byggt. Þetta þekkjum við í umræðu um miðbæ Reykjavíkur og svipuð umræða á sér stað um allan heim. Ýmislegt hefur verið reynt, sumt vel heppnað og annað síðra. Það er þó augljós vakning í þá átt að taka meira tillit til sögunnar en gert hefur verið undanfarna áratugi; að halda í og endurreisa horfna miðbæjarkjarna, sérstaklega í borgum og bæjum Evrópu eins og frægt er. Í miðbænum nýja á Selfossi erum við að vinna með tíma og sögu: að reisa nýjan miðbæjarkjarna í gömlum stíl í ungum bæ. Markmiðið er að skapa á Selfossi lifandi og svolítið „tímalaust" lítið hverfi. Húsin sem rísa eru endurgerð bygginga sem áður stóðu á öðrum tíma, í öðru umhverfi og gengdu öðru hlutverki. Nýbyggingarnar bera því aðeins með sér hluta af sögu þeirra, þó þau líti eins út. Húsin fá hér ný hlutverk og nýja nágranna og munu öðlast sinn eigin karakter í samræmi við það. Í samstarfi við Sigurð Einarsson, arkitekt og samstarfsfólk hans, höfum við valið saman hús til að reisa

■ Nýr miðbær á eftir að gjörbreyta ásýnd Selfoss og er m.a. ætlað að laða að sé gesti og gangandi.

á Selfossi út frá nútíma hugsun, nútíma fagurfræði og notagildi, með það að leiðarljósi að þau fari vel við það sem fyrir er. Á þessum rúmlega 4 ára þróunartíma höfum við skoðað ljósmyndir og teikningar og velt fyrir okkur nánast öllum húsum sem reist voru á landinu fyrir 1920 og hafa horfið. Við höfum þrívíddarhannað og mátað saman í tölvulíkani um 60 hús, tæplega tvöfalt fleiri en verða á endanum reist, í leit okkar að bestu hugsanlegu útkomu," segir Guðjón

„Þessi tilraunastarfsemi hefur leitt fram ákaflega lífræna hönnun á hverfinu, sem við teljum eina af grundvallarforsendum þess að vel takist til. Húsin standa sem sagt ekki öll í beinni röð, heldur eru þau aðeins á ská og skjön, rúmt er um sum, en þröngt um önnur. Tengibyggingar eru í nútímastíl með laglegum tilvísunum í söguna. Svo höfum við gefið leigutökum færi á að máta rekstur sinn inn í viðkomandi hús með sínum eigin hönnuðum áður en þau eru reist og það hefur gefið innblástur sem við vonum að skili sér í áreynslulausu og aðlaðandi umhverfi."

■ **Veitingatorgið sunnan mjólkurbúsbyggingarinnar verður skjólgott og þar á eftir að skapast góð stemning. Andi liðins tíma svífur yfir vötnum en húsin fá nýtt hlutverk.**

Horft til þriggja megin markhópa

Guðjón segir þá Sigtúnsmenn einkum horfa til þriggja markhópa. „Heimamenn eru númer eitt. Selfoss er á góðri leið með að verða 10 þúsund manna bær. Þar er fyrir fjölbreytt þjónusta. Nýr miðbær þarf að bæta við það sem fyrir er. Við stefnum auðvitað að því að nýi miðbærinn verði bylting til hins betra fyrir Selfyssinga og þeir muni sækja mikið í hann – bæði á daginn og á kvöldin – í almenna verslun, þjónustu og afþreyingu.

Íslendingar á faraldsfæti eru markhópur númer tvö. Við teljum að með skemmtilegum litlum miðbæ muni ímynd Selfoss meðal Íslendinga breytast mikið og bærinn verði mun vinsælli viðkomustaður en hann er. Fyrir sumarbústaðafólk, sem ráðstefnustaður fyrir fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir og fyrir fjölskyldur í sunnudagsbíltúr svo eitthvað sé nefnt.

Þriðji markhópurinn eru erlendir ferðamenn. Við segjum sem svo: Ef Selfyssingar og aðrir Íslendingar sækja í miðbæinn þá munu útlendingarnir líka koma – vegna þess að alls staðar er það þannig að ferðamenn sækja í þá staði þar sem heimamenn vilja vera. Selfoss er frábærlega staðsett með tilliti til allra þeirra ferðamanna sem eru á Suðurlandinu, leið þeirra liggur beinlínis um miðbæinn og við munum höfða til þeirra með spennandi sýningastarfi," segir Guðjón.

„Þessi þrískipting hjálpar okkur við þróunarstarfið af því hún gerir kröfu um ákveðna fjölbreytni og kemur í veg fyrir að þetta verði eingöngu túristastaður. Þarna verða verslanir með hversdagsvöru og þjónustu fyrir Selfyssinga, en líka verslanir sem einkum þjóna erlendum ferðamönnum. Þarna munu Selfyssingar búa í tugum skemmtilegra íbúða fyrir langtímabúsetu, en þar verða einnig hótelíbúðir til útleigu, veitingastaðir og annað sem vonandi höfðar til allra hópanna.

Við skiptum verkefninu í tvo áfanga. Sá fyrri, sem er á norðurhelmingi svæðisins og nær að hringtorginu við brúna, er í byggingu og verður opnaður á næsta ári. Við stefnum að því að seinni áfanginn komi í beinu framhaldi. Það er mikilvægt að þetta klárist á skömmum tíma. Sigtún þróunarfélag er eigandi allra byggginganna og leigir þær út með skilmálum sem tryggja þá fjölbreytni sem við vorum að tala um og við teljum nauðsynlega fyrir heildarhagsmunina. Það er í anda verkefnisins að það skuli vera heimamenn í verktakafyrirtækinu Jáverki sem annast smíði húsanna," segir Guðjón.

midbaerselfoss.is

www.eignaumsjon.is

Rekstrar- og húsumsjón Eignaumsjónar

Ný þjónusta við rekstrarfélög atvinnuhúsnæðis

Rekstrarumsjón
√ Rekstur húsnæðis
√ Bókhald og fjármál
√ Skipting rekstrarkostnaðar
√ Fundarstjórn og utanumhald

Húsumsjón
√ Eftirlit með daglegri umgegni húseigna og búnaði
√ Samskipti við þjónustuaðila og stjórn húsfélags
√ Fyrirbyggjandi viðhald
√ Betri ásýnd húseigna og lóðar

EIGNAumsjón

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is

Hera Grímsdóttir skrifar

Mikil þörf á fleiri tæknifræðingum

Árið 1964 var Tækniskóli Íslands stofnaður með lögum frá Alþingi. Tilefnið var brýn þörf á tæknimenntuðu fólki til að byggja upp innviði Íslands. Árið 2002 var gamla Tækniskóla Íslands með lögum breytt í Tækniháskóla Íslands og árið 2005 rann hann svo saman við Háskólann í Reykjavík. Grunnur Tækniskóla Íslands veitir iðn- og tæknifræðideild HR sérstöðu, en þar er lögð áhersla á að nemendur öðlist verkþekkingu, auk þess að þekkja fræðin.

■ Hera Grímsdóttir, deildarforseti Iðn- og tæknifræðideildar HR

Enn þann dag í dag er brýn þörf á tæknimenntuðum fólki því til að viðhalda samfélaginu þarf ákveðinn fjölda tæknimenntaðra á hverju sviði og til að geta mætt þessari þörf þarf að mennta enn fleiri en við höfum gert hingað til. Það er mikil eftirspurn hjá atvinnulífinu eftir tæknifræðingum og möguleikarnir til að finna sér starfsvettvang í atvinnulífinu eru nánast óteljandi. Mannvirkjagerð og framkvæmdir eru nú þess eðlis að þörfin fyrir kunnáttu þeirra sem við þær starfa fer vaxandi. Þá má t.d. nefna fjölgun íbúa og ferðamanna og aukin umsvif atvinnulífsins sem kalla á bættar samgöngur. Við þurfum að nýta tækifærin sem felast í því að vera lítil þjóð með mikla endurnýjanlega orku og sýna frumkvæði á því sviði. Það þarf að byggja ódýrara og hagkvæmara húsnæði svo að fleiri geti keypt sér þak yfir höfuðið. Ekkert af þessu gerist af sjálfu sér heldur þarf fólk með sérhæfða menntun og það er mikil eftirspurn eftir því fólki.



■ Með fjórðu iðnbyltingunni verða verkefni í framtíðinni enn fleiri og meira krefjandi.

Enn fleiri tækifæri með fjórðu iðnbyltingunni

Við í iðn- og tæknifræðideild Háskólans í Reykjavík undirbúum nemendur okkar til að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem bíða þeirra við komu út á vinnumarkaðinn. Því miður er það fyrirsjáanlegt að næstu útskriftarárgangar munu engan veginn duga til að fylla þau störf sem í boði eru og full ástæða er til að vekja athygli þeirra sem huga að námi á þeim tækifærum sem fylgja slíku námsvali.

Með fjórðu iðnbyltingunni verða verkefni í framtíðinni enn fleiri og meira krefjandi. Fyrirsjáanlegt er að með henni fylgi miklar breytingar á störfum og tækni. Þessar hröðu breytingar valda meiri eftirspurn eftir fólki með sérhæfða tæknimenntun og aðra stjórnunarhæfni en við höfum áður upplifað.

Lögverndað starfsheiti

Tæknifræðinám er nám á háskólastigi sem tekur þrjú og hálft ár og þeir sem útskrifast með lokapróf í tæknifræði (BSc) hljóta lögverndaða starfsheitið tæknifræðingur með þeim starfsréttindum sem því fylgja. Aðstaðan til náms við Háskólann í Reykjavík er til fyrirmyndar og námið er skemmtilegt en jafnframt krefjandi. Það byggir að miklu leyti á að leysa raunverulegt viðfangsefni sem hafa beina tengingu við það hvernig menn starfa úti í mörkinni. Til að auka fjölbreytni í námsframboði er hægt að velja einstök námskeið úr verkfræði, viðskiptafræði eða tölvunarfræði. Nemendum gefst kostur á því að taka starfsnám sem hluta af náminu í samstarfi við fyrirtæki í byggingariðnaði svo sem verkfræðistofur og verktakafyrirtæki. Á síðustu önninni vinna nemendur að lokaverkefni á sérhæfingarsviði sem er oftast unnið í samstarfi við fyrirtæki eða stofnun. Margir nemendur hafa fengið tilboð um starf til lengri eða skemmri tíma í kjölfar starfsnáms eða lokaverkefna og ganga þeir í svipuð störf og verkfræðingar. Útskrifaðir tæknifræðingar frá iðn- og tæknifræðideild Háskólans í Reykjavík hafa val um vel launuð störf á sínu áhugasviði eða að halda áfram í meistaranámi síðar meir og öðlast þá lögverndað starfsheiti sem verkfræðingar. Það er ekki að ósekju að nám í tæknifræði hefur verið kallað best geymda leyndarmálið í íslenska menntakerfinu.

Fjölbreyttur starfsvettvangur

Námið er aðgengilegt einstaklingum sem hafa lokið stúdentsprófi en hentar líka mjög vel þeim sem hafa lokið iðnnámi eða hafa umtalsverða starfsreynslu í byggingaiðnaði. Það, að hafa ekki lokið formlegu stúdentsprófi, er ekki fyrirstaða þar sem við Háskólann í Reykjavík er í boði undirbúningsnám í Háskólagrunni sem er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra sem hyggjast stunda tæknínám.

Það er markmið Háskólans í Reykjavík að nám í tæknifræði sé miðað að þörfum atvinnulífsins, með áherslu á öfluga og hagnýta tækniþekkingu sem nýtist vel frá fyrsta degi í starfi. Nemendur fást við raunhæf verkefni og fylgja verkefnum frá hugmynd til framkvæmdar þar sem fræðileg undirstaða er sett í tæknilegt samhengi. Með öðrum orðum má segja að tæknifræðingurinn sé frá brautskráningardegi tilbúinn til að takast á við raunveruleg verkefni í sínu fagi. Möguleikarnir til að finna sér starfsvettvang eru miklir og langt mál þyrfti til að gefa meira en smávegis yfirlit yfir það hvað tæknifræðingar starfa við. Beinast liggur við að nefna hönnunarstörf á verkfræðistofum, framleiðslufyrirtækjum og orkufyrirtækjum. Allnokkur fjöldi starfar í verktakafyrirtækjum og fasteignafélögum. Einnig er nokkuð algengt að tæknifræðingar starfi á sviðum sem ekki tengjast fagsviðinu með beinum hætti. Ófáir reka eigin fyrirtæki, allmargir hafa gegnt trúnaðarstörfum á vegum sveitarfélaga og ríkis og verður ekki annað séð en að fagþekking þeirra nýtist vel til slíkra starfa.

Háskólinn í Reykjavík stefnir á að halda áfram að vera í nánum tengslum við atvinnulífið og tekur nám í iðn- og tæknifræði mið af þörfum atvinnulífisins hverju sinni. Við sjáum fyrir okkur að alltaf verður pláss fyrir tæknifræðinga í íslensku atvinnulífi sem og á erlendum vinnumarkaði.

Hera Grímsdóttir er deildarforseti Iðn- og tæknifræðideildar Háskólans í Reykjavík

■ Aðstaðan til náms við Háskólann í Reykjavík er til fyrirmyndar og námið er skemmtilegt en jafnframt krefjandi.

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til uppbyggingar á hraðhleðslustöðvum fyrir rafbíla

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.
Eitt af áhersluatriðum áætlunarinnar eru orkuskipti í samgöngum sem er stærsti losunarþátturinn sem snýr að beinum skuldbindingum Íslands.
Því er ráðist í átaksverkefni með það að markmiði að fjölga aflmiklum hraðhleðslustöðvum (DC) þar sem þörfin er mest til að tryggja hindrunarlausan akstur á langferðum.

Við úthlutun styrkja verður miðað við að:

- Verkefnið leiði til uppsetningar á aflmeiri stöðvum en fyrir eru og stytti þar með hleðslutíma.
- Verkefnið bæti aðgengi og hleðsluhraða fyrir lengri ferðir rafbíla. Sérstaklega skal þar horft til uppsetningu stöðva þar sem umferð milli svæða er hvað mest.
- Verkefnið mæti þörfum bílaleigubíla og flýti þannig innleiðingu rafbíla í ferðaþjónustu.
- Rekstur þeirra hleðslustöðva sem styrktar verða skal tryggður í a.m.k. 3 ár.
- Greiðslufyrirkomulag á stöðvum verði opið öllum án skuldbindinga.
- Þegar fleiri en einn sækir um uppsetningu stöðva á sama stað, þá er sá umsækjandi valinn sem býður lægsta kostnað við uppsetningu.
- Við uppsetningu hleðslustöðva verði hugað að aðgengi fatlaðra

Til úthlutunar eru 200 milljónir króna. Eingöngu eru veittir fjárfestingarstyrkir og geta styrkir hæst numið 50% af áætluðum kostnaði verkefnis.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2019.

Rafrænar umsóknir sendist um þjónustugátt af vef **www.os.is**

Staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 15. október 2019

Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri.
Sími: 569 6083. Netfang: jbj@os.is.

ORKUSTOFNUN ORKUSJÓÐUR

Linde Material Handling

Handlyftivagnar
máláðir, galvaniseraðir og ryðfríir

Dulevo
Sópar og skúringarvélar

Rafgeymar

Sellur og hleðslutæki

Goupil rafmagnsbílar

Merlo skotbómulyftarar

John Deere dráttarvélar

Íslyft ehf
STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564 1600 - islyft@islyft.is

Framkvæmdir að hefjast við Kröflulínu 3

Tryggir betur stöðugleika raforkukerfisins

Heildarkostnaður tæpir 8 milljarðar og verkinu lýkur í lok næsta árs

„Það er alltaf heilmikill áfangi þegar hafist er handa við stór verkefni sem lengi hafa verið í undirbúningi," segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets, en um þessar mundir eru framkvæmdir að hefjast á vegum fyrirtækisins við Kröflulínu 3 og felst í byggingu nýrrar háspennulínu í meginflutningskerfinu. Stefnt er að því að ljúka verkinu síðla árs 2020. Heildarkostnaður nemur tæplega 8 milljörðum króna.

■ Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets. „Þessi framkvæmd er mikilvægur hlekkur í að styrkja flutningskerfið í heild og mikilvæg styrking næst á milli framleiðslueininga á norðaustur- og austurhluta landsins."

■ Húsið séð úr suðvestri. Golfvöllur Kópavogs og Garðabæjar er til hægri á myndinni.

■ Aðalinngangur í nýja fjölnotahúsið í Vetrarmýri. Húsið verður 18.200 m² að flatarmáli.

Myndir: ASK arkitektar.

Glæsilegt íþróttahús að rísa í Vetrarmýri

Framkvæmdir eru hafnar við glæsilegt fjölnota íþróttahús í svokallaðri Vetrarmýri í landi Vífilsstaða í Garðabæ en það verður byggt í alverktöku af Íslenskum aðalverktökum hf. Áætluð verklok eru í apríl 2021. Í húsinu verður rými fyrir knattspyrnuvöll í fullri stærð auk upphitunaraðstöðu ásamt tilheyrandi stoðrýmum. Stærð íþróttasalarins verður um 80x120 m. Húsið í Garðabæ verður um 18.200 m² að flatarmáli. Arkitektar hússins eru ASK arkitektar og um verkfræðiþáttin sér VERKÍS.

Það var í lok síðasta árs sem auglýst var eftir umsóknum um þátttöku í lokuðu alútboði vegna hönnunar og byggingar á fjölnota íþróttahúsi í landi Vífilsstaða í Garðabæ. Tilboð Íslenskra aðalverktaka skoraði hæst með tilliti til gæða og verðs og var verksamningur milli Garðabæjar og Íslenskra aðalverktaka um hönnun og byggingu undirritaður í desember á síðasta ári. Hönnun hófst í byrjun þessa árs og í byrjun maí sl. var skóflustungan tekin af börnum í barnakór leikskólans Hæðarbóls. Þeim til aðstoðar voru bæjarfulltrúar Garðabæjar og fulltrúar félaga eldri borgara í Garðabæ og Álftanesi.

Kröflulína er 220 kílóvolta loftlína sem liggur á milli Kröflu og Fljótsdals, alls um 122 kílómetra leið. Línan liggur í gegnum þrjú sveitarfélög sem öll þurftu að breyta skipulagi og gefa út framkvæmdaleyfi. Þau eru nú öll í höfn. Undirbúningur að þessu verkefni hefur staðið um skeið en lokið var við umhverfismat á árinu 2017.

Gegnir veigamiklu hlutverki

Steinunn segir tilganginn með framkvæmdinni að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norðurlandi og Austurlandi með betri samtengingu þessara landshluta. „Þannig aukum við öryggi við afhendingu raforku og gæðin aukast einnig," segir hún. „Þessi framkvæmd er mikilvægur hlekkur í að styrkja flutningskerfið í heild og mikilvæg styrking næst á milli framleiðslueininga á norðaustur- og austurhluta landsins þar sem virkjanaklasinn á Norðausturlandi, þ.e. Kröflustöð og Þeistareykjastöð, tengist betur við Fljótdalsstöð. „Það hefur reynst erfitt að reka jarðgufuvirkjanir einar og sér og án stuðnings frá vatnsaflsvirkjunum en með öflugri og raunar tvöfaldri tengingu við Fljótsdalsstöð er áhættan lágmörkuð."

Aukið afhendingaröryggi

Framkvæmdaleyfi liggur fyrir á allri línuleiðinni og segir Steinunn að verkið hafi verið boðið út og stefnt á að hefjast handa nú í lok júní. „Eftir að Kröflulína 3 er komin í rekstur mun afhendingaröryggi á áhrifasvæðum línununnar aukast til muna því með henni er þá komin önnur tenging inn á Austurland til viðbótar við núverandi 132kV tengingar, sem annars vegar eru frá Sigöldu um Höfn í Hornafirði og hins vegar frá Kröflustöð. Það verður áfram nauðsynlegt að halda þeim línum í rekstri auk Kröflulínu 3 til að ná fram bættu afhendingaröryggi inn á svæðið," segir Steinunn og bætir við að hið sama gildi um Norðausturland, bætt tenging við Fljótsdalsstöð auki afhendingaröryggi á því svæði.

Samráð skilar árangri

Steinunn segir að verkefnaráð hafi verið sett á laggirnar vegna Kröflulínu 3, samráðsvettvangur þar sem allir helstu hagsmunaaðilar fyrir utan landeigendur komu saman með reglulegu millibili. Samráð við landeigendur hafi verið með sviputum hætti, m.a. í formi reglulegra kynninga- og samráðsfunda auk þess sem aðrar samskiptaleiðir sem best hentuðu hverju sinni vor einnig nýttar. „Markmiðið var að tryggja virkara samtal, skilning og betra upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdir á okkar vegum. Þessi vettvangur hefur reynst ótrúlega vel, það vel að við höfum sett á laggirnar verkefnaráð í öllum okkar stærri framkvæmdum," segir Steinunn.

landsnet.is

■ **Framkvæmdir eru að hefjast á vegum Landsnets við Kröflulínu 3, nýja háspennulínu á milli Kröflu og Fljótsdals. Áætlað er að framkvæmdum ljúki síðla árs 2020.**

■ **Línan liggur í gegnum þrjú sveitarfélög sem öll þurftu að breyta skipulagi og gefa út framkvæmdaleyfi.**

Málningarefni fagmannsins

International
Nordsjö
sikkens

Sérefni | Síðumúla 22 | Sími 517 0404 | serefni.is | Opið kl. 8-18 virka daga og kl. 10-14 á laugardögum

Stórhuga uppbygging atvinnuhúsnæðis í borginni

Fjárfest fyrir hundruð milljarða króna

Engum sem kynnir sér uppbygginguna í Reykjavík þessa dagana dylst sú gríðarlega uppbygging sem þar hefur átt sér staða á síðustu misserum. Tími góðæris hefur verið vel nýttur og athafnasemi stórhuga framkvæmdamanna fengið mikla útrás. Má í raun segja að miðborgin hafi skipt um svip – ekki aðeins Kvosin og hennar nánasta umhverfi heldur austurbyggðin allt upp fyrir Hlemm. Þá eru gríðarstór verkefni í gangi um allt borgarlandið þar sem verið er að byggja tugþúsundir fermetra af atvinnuhúsnæði.

Á dögunum var haldinn áhugaverður fundur í kjallara Ráðhússins þar sem fulltrúar borgarinnar og nokkurra framkvæmdaaðila fóru yfir sviðið. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs hóf fundinn og sagði frá samstarfi borgarinnar við atvinnulífið. Í hennar máli kom fram að borgin vildi koma á reglulegum vettvangi þar sem fulltrúar borgarinnar og atvinnulífsins gætu skipst á skoðunum varðandi þróun borgarinnar.

Góður tími til að fjárfesta

Dagur B. Eggertsson sagði í sínu yfirliti að nú væri í gangi mesta uppbyggingarskeið í sögu borgarinnar. Hann sagði að varlega áætlað væru fjárfestingar í miðborginni á undanförnum 5 árum á milli 150 og 200 milljarðar króna. Borgarstjóri sagði ljóst að á næstu árum myndi borgin fjárfesta fyrir tæplega 200 milljarða til viðbótar vítt og breytt um borgarlandið og sagði hann mikilvægt að Reykjavíkurborg og ríkið ættu gott samstarf til að skapa frekari skilyrði til uppbyggingar. Hann vék að slaka í efnahagslífinu og sagði mikilvægt að þá yrði ekki dregið saman í fjárfestingum af hálfu hins opinbera. „Við eigum að halda dampi svo það verði ekki neikvæð þróun. Þess vegna eru skilaboðin hér í dag þau að nú er góður tími til að fjárfesta.“

„Við erum að sjá fjölbreytta uppbyggingu atvinnuhúsnæðis um alla borg, allt frá Úlfarsárdal, Gufunesi, Grafarvogi, Árbæ og vestur eftir borginni. Mér finnst sérstaklega mikið fagnaðarefni að stærsta frumkvöðlasetur landsins, Gróska, sé nú að rísa í Vatnsmýrinni þar sem CCP reisir nú höfuðstöðvar sínar. Nú, þegar blikur eru á lofti í efnhagslífinu, er mikilvægt að greina tækifærin til að ráðast í fjárfestingar sem eru skynsamlegar til lengri tíma litið. Reykjavíkurborg mun ekki láta sitt eftir liggja,“ sagði borgarstjóri.

Gróska atvinnulífsins

Af hálfu atvinnulífsins komu nokkrir fulltrúar fram og lýstu sínum verkefnum. Ljóst er af máli þeirra að það er gangur í framkvæmdum og gríðarlega spennandi verkefni í farvatninu. Í máli Halldóru Vífilsdóttur arkitekts og verkefnastjóra Landsbankans kom t.d. fram að markmiðið með nýbyggingu bankans við Austurbakka væri fyrst og fremst að hagræða í rekstri, auka skilvirkni og mæta kröfum um breytt vinnulag í fjármálaþjónustu. Hún sagði að bankinn myndi aðeins nýta hluta af nýja húsnæðinu sem nú er hafin bygging á eða um 60% af flatarmálinu. Því myndu um 6.500 m² nýtast fyrir verslun og aðra þjónustu.

Árni Geir Magnússon, framkvæmdastjóri Grósku sagði frá starfseminni en Gróska er að reisa metnaðarfulla byggingu í Vatnsmýri þar sem verður sannkallaður suðupottur hugmynda inn í framtíðina. Húsið verður 17.500 m² á fjórum hæðum, auk bílakjallara og á að taka í notkun í lok ársins.

Á fundinum í Ráðhúsinu sagði Ögmundur Skarphéðinsson arkitekt frá hönnun nýs meðferðarkjarna Landspítala en ítarlega var sagt frá þeirri tímamótaframkvæmd í síðasta Sóknarfæri. Hann sagði að samvinna væri hornsteinn í þessu stærsta byggingaverkefni á Íslandi til þessa. Bæði væri horft til þeirrar þjónustu sem ætti að veita en ekki síst til þess mikla fjölda sem þarna vinnur. Við hönnun væri sérstaklega hugað að flæði fólks og verka. Hann minnti á að þótt nú væri verið að byggja þetta umfangsmikla hús væri sannarlega tími til að velta fyrir sér næstu aðalstöðvum Landspítalans. „Verkefni sem þessu líkur aldrei,“ sagði Ögmundur.

■ Framtíðarland byggingariðnaðarins í Reykjavík er Ártúnshöfðinn en þar mun skv. skipulagi verða eitt helsta uppbyggingarsvæði borrgarinnar á næstu árum. Um er að ræða þétta byggð íbúða og atvinnuhúsnæðis þar sem Borgarlínan gengur í gegn sem rauður þráður.



■ Hér sést vel hve uppbygging atvinnuhúsnæðis í borginni hefur aukist ár frá ári í fermetrum talið. Aukningin er um 84.000 m² á ári að meðaltali.

■ Bekkurinn var þétt setinn í Tjarnarsal Ráðhússins þar sem kynningin fór fram.

Hönnunardrifin nýsköpun

Ragna M. Guðmundsdóttir, stofnandi Mstudio – Innovationlab hélt áhugavert erindi um hönnunardrifna nýsköpun sem hún sagði að væri lykillinn að samkeppnisforskoti framtíðarinnar. Hún benti á mörg tækifæri sem mætti þróa í borgarumhverfinu, allt frá því að bjóða fólki til þátttöku í sjálfbærri ræktun til þess að fá heimsendingar eða í markaðskassa á næsta horni. „Markmið okkar er að hjálpa fólki og fyrirtækjum að nýta sér þessi tækifæri,“ sagði Ragna.

Árni Sverrir Hafsteinsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar fór yfir greiningu á stöðu og framtíðarþróun verslunar í Reykjavík. Fram kom í máli hans að velta sérvöruverslunar í miðborginni væri nærri 8 milljörðum árlega. Hann sagði greiningar sýna að helmingur verslunar væri nú gegnum netið.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Sjá verð, teikningar og skilalýsingu á husa.is

Gerður - 107 m² sumarhús

Gerður er stórt og glæsilegt, 107 m² heilsárshús. Húsið er mjög rúmgott og fallegt.

Allar einingar afhendast samsettar með hurðum og gluggum. Þakstál, flasningar, þakkantaefni og festingar fylgja. Vandaður frágangur og hús sem hentar vel íslenskum aðstæðum.

Verð frá: 13.950.000 kr. m.vsk

Einingahús

Vönduð heilsárshús á ótrúlega góðu verði

Frigg - 27m²

Frigg er fallegt 27 m² heilsárshús með einu svefnherbergi. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.

Verð frá: 3.250.000 kr. m.vsk

Freyja - 40m²

Freyja er fallegt 40 m² heilsárshús með einu svefnherbergi. Fallegt einingahús, fullklárað að utan. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.

Verð frá: 4.250.000 kr. m.vsk

Sif - 60m²

Sif er rúmgott og fallegt 60 m² heilsárshús með tveimur svefnherbergjum. Fallegt einingahús, fullklárað að utan. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.

Verð frá: 5.950.000 kr. m.vsk

Gígja - 80m²

Gígja er mjög rúmgott og fallegt 80 m² heilsárshús með þremur svefnherbergjum. Fallegt einingahús, fullklárað að utan. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.

Verð frá: 8.150.000 kr. m.vsk

Björk - 167m²

Björk er stórt og fallegt 167 m² heilsárshús. Skemmtilega skipulagt með þremur svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum, þvottaherbergi og rúmgóðri stofu.

Verð frá: 16.850.000 kr. m.vsk
Nánari upplýsingar á husa.is

Ösp - 116 m²

Ösp er fallegt 116 m² heilsárshús með fjórum svefnherbergjum. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.

Verð frá: 12.850.000 kr. m.vsk
Nánari upplýsingar á husa.is

Húsasmiðjan hefur áratuga reynslu af sölu einingahúsa og byggingarefna á Íslandi og býður til sölu falleg, vönduð heilsárshús.Húsin eru hönnuð af íslenskum arkitektum og byggingatæknifræðingum fyrir íslenskar aðstæður og að sjálfsögðu í samræmi við íslenska byggingareglugerð.

Mjög einfalt og fljótlegt er að reisa húsin. Allar einingar afhendast samsettar með hurðum og gluggum, tilbúin til uppsetningar. Húsasmiðjan er í nánu samstarfi við hönnuði húsanna og vísum fúslega á þeirra þjónustu sé óskað frekari ráðgjafar við hönnun, skil á teikningum til sveitarfélaga o.þ.h. Við leggjum okkur fram við að ferlið sé einfalt og í góðu samráði við kaupanda.

Nánari upplýsingar veitir Guðbjartur Halldórsson, söluráðgjafi í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar á netfangið gh@husa.is eða í síma 525 3000. Einnig má finna verð, teikningar og fleira á husa.is

Kletturinn
– nýtt hús Landsbankans

Athyglisvert almannarými í miðborginni

■ Nýi Landsbankinn verður glæsileg bygging. Þar skapast mikið rými fyrir verslanir og aðra atvinnustarfsemi auk útisvæða fyrir almenning. Húsið stallast niður í eina hæð við Hörpu.

Myndir: Landsbanki Íslands.

Nú hillir undir lok mikilla framkvæmda í miðborg Reykjavíkur sem hófust með Hörpu og færðust smám saman út að Lækjartorgi og gömlu götunum í Kvosinni. Lokahnykkurinn í uppbyggingu á þessum stað er að hefjast en það er athyglisverð nýbygging Landsbanka Íslands sem rísa mun við Austurbakka. Þegar birtar útlitsteikningar lofa góðu en byggingin mun að verulegu leyti skera sig frá þeim húsum sem þegar eru risin. Þar sýnist vera í uppsiglingu athyglisvert almannarými í miðborg Reykjavíkur.

Eins og fram hefur komið mun nýtt hús Landsbanka Íslands koma í stað skrifstofa sem bankinn rekur í dag í einum tólf húsum í Kvosinni. Fram kom í máli Halldóru Vífilsdóttur arkitekts og verkefnastjóra á fundi í Tjarnarsal Ráðhússins fyrir skömmu, að núverandi húsnæði bankans vítt og breytt um miðborgina væri of stórt, það þjónaði illa nútíma bankastarfsemi, viðhalds- og rekstrarkostnaður væri hár og að öllu samanlögðu væri sparnaður fólginn í því fyrir bankann að komast með starfsemina á einn stað. Einnig væru aðgengismál víða erfið og starfsmannaaðstaða ekki sem skyldi.

Glæsileg bygging

Eftir að bankinn efndi til samkeppni meðal arkitekta um hönnun nýrrar byggingar á þessum stað skiluðu sex teymi inn frumtillögum. Tillaga Arkþings og C. F. Møller, sem hét Kletturinn, var af dómnefnd valin til hönnunar og frekari þróunar. Jafnframt var samið við Eflu verkfræðistofu um verkfræðihönnun og VSB falin umsjón og eftirlit með framkvæmdinni. Og nú er bygging hússins hafin.

■ Á árunum 1922-1924 var Landsbankahúsið við Austurstræti endurreist í stækkaðri mynd eftir að fyrra hús hafði eyðilagst í brunanum mikla 1915. Umdeild og móderníst viðbygging reis svo við húsið árið 1940.

Kletturinn verður um 16.500 m² að flatarmáli en þar af verða um 2.000 m² í kjallara. Að auki er gert ráð fyrir um 1.500 m² í tæknirými og bílakjallara sem tengist öðrum slíkum rýmum í nágrenninu. Bankinn sjálfur mun nýta um 10.000 m² í húsinu eða um 60%. Afgangurinn, eða um 6.500 m² verða seldir eða leigðir til þriðja aðila undir verslanir og skrifstofur. Húsið er stallað frá einn hæð næst Hörpu en rís í fimm hæðir við Geirsgötu. Af útlitsmyndum og teikningum að dæma er gert ráð fyrir aðgengilegu rými á svæðinu milli hinnar nýju byggingar og torgsins fyrir framan



■ **Landsbankinn mun nýta um 60% af fyrirhuguðu stórhýsi. Starfsemi bankans mun verða á færri fermetrum en hann nýtir í dag.**

■ **Í dag er Landsbanki Íslands í fjölmörgum húsum í miðborginni en það skapar mikið óhagræði í starfsemi fyrirtækisins.**

Hörpu. Þannig tengjast tjarnir saman og útisvæði verða til sem mynda spennandi almannarými. Að utan verður byggingin með stallaðri steinklæðningu sem minnir á íslenskt klettalandslag með láréttum og lóðréttum línum. Íslenska stuðlabergið er ekki langt undan.

Alltaf í Kvosinni

Landsbanki Íslands var stofnaður árið 1886 og var fyrstu árin til húsa í Bakarabrekkunni sem síðar var nefnt Bankastræti eftir bankanum. Árið 1896 fór bankinn að hugsa sér til hreyfings og hafði í huga að byggja stórhýsi í Reykjavík. Í því skyni festi hann kaup á húsinu að Amtmannsstíg 1, sennilega í þeim tilgangi að reisa þar nýtt hús. Ekkert varð af þeim áformum heldur tók bankinn þann kostinn að kaupa verslunarhús og lóð við Hafnarstræti og keypti síðar upp lóðir og hús í grenndinni, auk nokkurra verslunar- og íbúðarhúsa við Austurstræti og Hafnarstræti með tilheyrandi lóðum. Tilgangur bankastjórnarinnar með þessum stórkaupum mun hafa verið að hafa nægan grunn til umráða fyrir væntanlega stórbyggingu.

Árið 1899 flutti bankinn í hús sitt á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis, en sú glæsibygging kostaði um 80 þúsund krónur. Það hús varð eldi að bráð í brunanum mikla 1915 og fékk bankastjórnin þá hug á að byggja nýtt bankahús á Arnarhólstúni. Kaupmönnum í Kvosinni þótti það ekki góð hugmynd en þeir vildu hafa bankann nær „miðbænum“. Á árunum 1922-1924 var Landsbankahúsið endurreist í stækkaðri mynd, lengt til vesturs og hækkað um eina hæð. Breytingarnar gerði Guðjón Samúelsson og hann teiknaði jafnframt allar innréttingar í húsinu. Húsið var hið veglegasta og spunnust meðal annars heitar umræður á Alþingi um bruðl bankastjórnarinnar. Húsið varð fljótlega of lítið og árið 1934 var haldin samkeppni um stækkun þess. Og þá spunnust aftur deilur. Gunnlaugur Halldórsson arkitekt teiknaði móderníska viðbyggingu sem reis á árunum 1938-1940 og sjálfur Jónas frá Hriflu hvatti til þjóðarsorgar þegar byggingin var tekið í notkun. Sitt sýnist hverjum um þessa smíð enn þann dag í dag.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Háskólanám eftir iðnnám

Í HR er starfsþekking og hæfni til að leysa margvísleg og flókin viðfangsefni vel metin. Skoðaðu leiðarvísinn okkar og lestu reynslusögur nemenda HR sem hafa lokið iðnnámi á **hr.is/idn**.



„Ég er með með mjög sterkan bakgrunn í verklegum framkvæmdum og þegar iðnfræðináminu er bætt ofan á þessa reynslu finn ég hversu eftirsótt sú blanda er í atvinnulífinu.“

Ívar Helgason
Nemi í rekstrariðnfræði
Diplóma í véliðnfræði 2018
Sveinspróf í stálsmíði

■ Baðstofa frá 1895. Torfbærinn er þyrping bæjarhúsa frá ýmsum stöðum sem byggð voru á árunum 1830 til 1896. Viðir eru að mestu af rekafjörum.

■ Í Skógum má finna góða fulltrúa húsa frá fyrri tíð.

Skógasafn 70 ára

Endurreisn í Skógum

Texti og myndir:
Björn G. Björnsson

Byggðasafnið í Skógum er 70 ára á þessu ári. Það er í raun þrjú söfn undir einum hatti, ef ekki fleiri. Þar er Byggðasafnið elst, stofnað af Þórði Tómassyni í Skógaskóla þegar skólinn tók til starfa árið 1949. Fyrsta safnhúsið var svo byggt 1954, endurbætt og stækkað nokkrum sinnum síðan. Þar er meðal annars að finna áraskipið Pétursey sem kom í safnið 1952. Þar fyrir utan eru svo Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, ljósmyndasafn og merkilegt náttúrugripasafn.

Austast á safnsvæðinu er Samgöngusafnið, opnað árið 2002, með sýningum um reiðtygi, póst, síma, rafmagn, fjarskipti, vegagerð, björgunarstörf og bíla – að sjálfsögðu. Í Samgöngusafninu er rúmgóð ferðamannaverslun og veitingahúsið Skógakaffi.

Húsasafnið í Skógum

Skógasafn býr að stóru og glæsilegu útisýningarsvæði í fögru umhverfi og þar er safn gamalla húsa sem hafa hlotið vandaða endurreisn í Skógum og verðugt framhaldslíf. Þar má finna góða fulltrúa fyrir húsagerð fyrr á öldum og þar eru hús og húshlutar úr einum 14 byggingum auk kirkjunnar sem er prýdd húshlutum og gripum úr jafnmörgum kirkjum.

Í miðju svæðisins setur torfbærinn mikinn svip á staðinn. Þar eru saman komin fjós, smiðja, skemma, baðstofa, hlóðaeldhús, búr og stofa sem mynda eina heild.

Á neðri hluta sýningarsvæðisins er rafstöð sem er góður fulltrúi fyrir þá hugvitsmenn í Skaftafellssýslum sem voru brautryðjendur í virkjun vatnsafls til framleiðslu rafmagns. Austan við rafstöðina er eitt haf brúarinnar yfir Jökulsá á Sólheimasandi sem smíðuð var árið 1921.

Á efri hluta svæðisins er að finna skólabyggingu sem er dæmigerð fyrir sveitaskóla í upphafi 20. aldar og fjósbaðstofa ásamt skemmu. Efst er elsta íbúðarhús úr timbri á safnsvæðinu, einnig fyrsta timburhús Vestur-Skaftafellssýslu byggt í Holti á Síðu 1878 og svo safnkirkjan, byggð og vígð hundrað árum síðar. Allt er svæðið afar snyrtilegt og húsin njóta sín vel með skógi vaxna hlíðina að bakgrunni.

Torfbærinn

Árið 1968 var fyrsta húsið flutt að Skógum og endurreist þar. Var það skemma frá Varmahlíð undir Eyjafjöllum sem langafi Þórðar Tómassonar byggði á bæ sínum um 1840 og er upphaf húsasafnsins í Skógum. Fljótlega komu svo skarsúðarbaðstofa, hlóðaeldhús, stofa og búr. Torfbærinn er góður fulltrúi fyrir sunnlenska húsagerð. Veggir eru að mestu hlaðnir úr móbergi og blágrýti, þök hellulögð undir torfi.

Þetta er þyrping bæjarhúsa frá tímabilinu 1830 til 1896. Húsin eru frá ýmsum stöðum, tekin niður og endurbyggð í safninu. Viðir eru að mestu af rekafjörum. Innsmíði er öll frá 19. öld, hin elsta er frá 1838. Stofan er frá 1896, svefnherbergi frá 1838, búr frá um 1850, eldhús frá um 1880, baðstofa frá 1895, skemma frá um 1830, krossbyggt fjós frá um 1880 og eldsmiðja frá um 1950.

■ Barnaskóli frá Litla-Hvammi í Mýrdal, byggður 1901. Skólahúsið var jafnframt eina funda- og samkomuhúsið í sveitinni og þingstaður hreppsins.

■ Í Skógasafni er að finna eitt haf brúarinnar yfir Jökulsá á Sólheimasandi sem smíðuð var árið 1921.

■ Torfbærinn í Skógum er góður fulltrúi fyrir sunnlenska húsagerð. Veggir eru að mestu hlaðnir úr móbergi og blágrýti, þök hellulögð undir torfi.



■ Skólapúlt og landakort. Með nýjum fræðslulögum frá árinu 1908 var komið á skólaskyldu fyrir 10-14 ára gömul börn á Íslandi.

Barnaskólahús frá Litla-Hvammi

Húsið var byggt árið 1901 í Vatnsskarðshólum sem fundahús og barnaskóli Dyrhólahrepps en fært í Litla-Hvamm árið 1903. Samkvæmt nýjum fræðslulögum frá árinu 1908 var komið á skólaskyldu fyrir 10-14 ára gömul börn og sama ár voru gerðar verulegar endurbætur á skólanum. Skólahúsið var einnig frá upphafi eina funda- og samkomuhúsið í sveitinni og þingstaður hreppsins. Kennt var í skólanum til ársins 1968 og hann var endurbyggður í Skógum 1999-2000.

Sýslumannshúsið frá Holti á Síðu

Íbúðarhús frá Holti á Síðu var endurbyggt í Skógum 1980, fyrsta timburhús í Vestur-Skaftafellssýslu. Það var byggt að öllu leyti úr rekaviði af Árna Gíslasyni sýslumanni árið 1878. Þiljur í vesturstofu eru úr spítalaskipinu Sankti Páli sem strandaði í Meðallandi 1899. Búið var í húsinu til 1974.

Skál á Síðu

Bæjarhús frá Skál á Síðu, byggð 1919-20, endurbyggð í Skógum 1989. Fjósbaðstofa þar sem fólkið svaf á loftinu yfir fjósinu til að fá ylinn frá kúnum og frambær með eldhúsi og stofu. Hér var búið til 1970. Einnig skemma frá Gröf í Skaftártungu frá um 1870.

Safnkirkjan

Ein gersemin í Húsasafninu er Skógakirkja, sem vígð var við hátíðlega athöfn sunnudaginn 15. júní 1998. Það var biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, sem vígði kirkjuna. Hún er byggð í 19. aldar stíl úr byggingarhlutum

aflagðra kirkna í nærliggjandi sýslum. Fjölmenni var við vígsluna. Skógakirkja er teiknuð af Hjörleifi Stefánssyni arkitekt í samráði við Þórð Tómasson. Hún er ný hið ytra, en innsmíði að mestu gömul úr Kálfholtskirkju frá 1879. Gluggar frá 1898 eru úr Grafarkirkju og klukkur frá því um 1600 og 1742. Allir kirkjugripir eru frá 17. og 18. öld, m.a. altaristafla úr Ásólfsskálakirkju (1768).

Þetta er falleg kirkja og garðurinn umhverfis er hlaðinn af snilld. Þær innréttingar sem til voru réðu forminu, en kirkjan er af sömu stærð og síðasta kirkjan í Skógum sem var rifin 1890. Safnkirkjan í Skógum er dæmigerð fyrir aldalanga hefð sveitakirkna á Íslandi, með kórgrindum og kórdyrum. Kórgrindurnar eru smíðaðar eftir fyrirmynd úr síðustu torfkirkjunni á Kálfafelli í Fljótshverfi, en gotneski boginn í kórdyrunum er úr Stóra-Dalskirkju undir Eyjafjöllum. Útsagað skraut í kórdyrum og ofan á kórbita á sér fyrirmyndir úr Eyvindarhólakirkju undir Eyjafjöllum, sem var rifin 1963, en að nokkru leyti er það upprunalegt. Himinn yfir predikunarstóli er einnig þaðan.

Skrautmálunin er verk Guðlaugs Þórðarsonar málarameistara en hann er einn fárra sem kann þetta gamla handverk. Liti sótti hann í umgjörð altaristöflu kirkjunnar. Kirkjubekkir eru úr Kálfholtskirkju frá 1879 og kirkjuþiljur sömuleiðis. Gluggar eru úr Grafarkirkju í Skaftártungu frá 1898, en grátur úr Stóra-Dalskirkju frá 1895. Altarið er úr Sigluvíkurkirkju í Landeyjum frá miðri 19. öld og prédikunarstóllinn úr Hábæjarkirkju í Þykkvabæ, áður í Háfskirkju í Holtum.

Höfuðgersemi kirkjunnar er altaristaflan. Séra Sigurður Jónsson fékk hana til Holtskirkju undir Eyjafjöllum árið 1768. Hún er vel varðveitt dönsk vængjabrík og var í Holti til 1888 en síðar í Ásólfsskálakirkju. Tveir forkunnargóðir ljósahjálmar eru í kirkjunni, ljósahjálmur Steinakirkju undir Eyjafjöllum í kór, en í framkirkju er hangandi hjálmur Skógakirkju frá því um 1600. Í klukknaporti hanga tvær klukkur, önnur frá Ásum í Skaftártungu, talin frá 1742, hin frá því um 1600 úr Höfðabrekkukirkju í Mýrdal. Henni var bjargað undan Kötlugosi 1660.

Rafstöð frá Breiðabólsstað á Síðu

Dæmigerð lítil rafstöð sem nýtir vatnið í bæjarlæknum til að framleiða raforku. Margir bændur undir Eyjafjöllum og í Vestur-Skaftafellssýslu teiknuðu og smíðuðu slíkar rafstöðvar fyrir sig og aðra, sumir jafnvel tugi stöðva sem settar voru upp víða um land. Þessi rafstöð var reist af Guðmundi Einarssyni raffræðingi frá Ytri Sólheimum (1891-1932) árið 1926 á læknissetrinu Breiðabólstað á Síðu. Rafstöðin var flutt í heilu lagi á Skógasafn árið 1990.

Jökulsárbrú

Árið 1921 var lokið við 206 metra langa og 2,6 metra breiða brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi, rétt austan við Skóga. Hún var mikil samgöngubót og merkilegt mannvirki, byggð úr níu 22 metra löngum járneiningum á tíu stöplum. Brúin var í notkun allt til ársins 1967 þegar ný brú var byggð. Ein einingin er nú varðveitt í Skógasafni. Hún var gefin safninu af Vegagerðinni til minningar um Jóhann Ólafsson brúarsmið og konu hans Kristínu Gísladóttur.

■ **Skógakirkja var vígð 15. júní 1998. Hún er byggð í 19. aldar stíl úr byggingarhlutum aflagðra kirkna í nærliggjandi sýslum. Kirkjan er teiknuð af Hjörleifi Stefánssyni arkitekt í samráði við Þórð Tómasson.**

■ **Höfuðgersemi Skógakirkju er altaristaflan, vel varðveitt dönsk altarisbrík. Hún kom til Holtskirkju undir Eyjafjöllum árið 1768 en var síðar í Ásólfsskálakirkju.**

Ný kynslóð málningarefna

ONE SUPER TECH

Sjálfhreinsandi akrýlmálning sem byggir á nanótækni. Hentar á við, stein, bárujárn og innbrenndar klæðningar. One Super Tech er afar litheldin, þekur ótrúlega vel og endist margfalt á við önnur málningarkerfi. Svansvottuð.

ONE TRANSPARENT

Ný hálfþekjandi og sjálfhreinsandi viðarvörn sem dregur fram æðar og áferð viðarins og hefur sérlega gott þol gegn veðrum og vindum. Efnið er með innbyggðri sólarvörn sem kemur í veg fyrir sprungumyndun. One Transparent byggir á nanótækni sem tryggir að óhreinindi ná ekki að festa sig ekki á fletinum.

SUPERMATT

Efnið sem fagurkerarnir hafa beðið eftir: Almött þekjandi viðarvörn. Nýja Supermatt viðarvörnin sameinar almatt yfirborð og hámarks gæði. Liturinn er dýpri og náttúrulegri á sama tíma og málningin verndar húsið þitt til lengri tíma.

Nordsjö

SÉREFNI
Veldu betri málningu

Síðumúla 22 | Sími 517 0404 | serefni.is | Opið kl. 8-18 virka daga og kl. 10-14 á laugardögum

Eignaumsjón hefur tekur við rekstri Húsastoðar

Skrifstofa Eignaumsjónar annast nú alla þjónustu við viðskiptavini Húsastoðar í samræmi við gildandi þjónustusamninga eftir að Eignaumsjón hf. keypti Húsastoð ehf., dótturfélag PwC, um miðjan apríl 2019. „Við erum á lokasprettinum þessa dagana við að koma húsfélögum sem eru í viðskiptum við Húsastoð inn í okkar verk- og umsjónarkerfi. Þetta hefur verið nokkuð tímafrekt en jafnframt lærdómsríkt ferli," segir Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar.

Daníel áréttar að engar efnislegar breytingar hafi orið á samningum hús- og rekstrarfélaga sem eru í þjónustu hjá Húsastoð við til flutninginn. Húsastoð er áfram í rekstri, nú undir hatti Eignaumsjónar og sömu þjónustusamningar í gildi en nú er það skrifstofa Eignaumsjónar og Húsastoðar að Suðurlandsbraut 30 sem þjónustar jöfnum höndum viðskiptavini félaganna.

„Við erum þess fullviss að vel muni takast til með þessa viðbót, enda höfum við verið leiðandi í þessari þjónustu allt frá því að við „vöktum" þennan markað árið 2001. Með tilkomu Húsastoðar sjáum við nú um hátt í 500 hús- og rekstrarfélög með nærri 12 þúsund íbúðum/einingum. Áhersla okkar til framtíðar er að mæta vaxandi þörfum eigenda fasteigna með góðri þjónustu og skilvirkum lausnum sem byggja á gagnsæi upplýsinga og umhverfisvænum gildum," segir Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar.

■ Friðgeir Sigurðsson, forstjóri PwC á Íslandi, Sigurveig Friðgeirsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Húsastoðar og Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar við undirritun kaupa Eignaumsjónar á Húsastoð.

eignaumsjon.is

husastod.is

ÍSAGA 100 ára í haust

Það er ekki á hverjum degi sem fyrirtæki á Íslandi ná því að verða 100 ára gömul. Í haust, nánar til tekið 30. ágúst, fagnar ÍSAGA þessum áfanga en þá verða liðin 100 ár frá því að fyrirtækið var stofnað, í samstarfi við sænska fyrirtækið AGA, til að framleiða acetylengas vegna vitavæðingar við strendur Íslands. Verður tímamótanna minnst með ýmsum hætti, þar á meðal með opnu húsi fyrir gesti og gangandi, í höfuðstöðvum ÍSAGA að Breiðhöfða á Ártúnshöfða í Reykjavík.

Allt frá stofnun hefur ÍSAGA sinnt þörfum íslensks iðnaðar og síðar einnig heilbrigðisstofnana og fleiri atvinnugreina. Félagið er nú í eigu þýsku Linde-samsteypunnar, sem er í dag stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum og með starfsemi í yfir 100 löndum. Það er mikill styrkur fyrir ÍSAGA að vera hluti af alþjóðlegu fyrirtæki eins og Linde. Þannig er tryggður aðgangur að þeirri miklu þekkingu og tækni sem móðurfélagið hefur yfir að ráða, sem nýtist svo til að aðstoða viðskipavini fyrirtækisins hérlendis við að ná sem bestum árangri.

■ Ný súrefnis- og köfnunarefnisverksmiðja ÍSAGA í Vogum á Vatnsleysuströnd var tekin í gagnið í fyrra.

Vaxtarsprotar í fiskeldi og málmvinnslu

AGA og Linde hafa alla tíð verðið nýsköpunarfyrirtæki og í gegnum árin komið fram með ýmsar tækninýjungar á mörgum sviðum. Það á m.a. við um ýmis konar suðutækni, nýtingu og framleiðni í málmvinnslu, dreifingu á súrefni í fiskeldiskerum, pökkun á matvælum og framleiðslu á lyfjalofttegundum fyrir heilbrigðiskerfið, svo fátt eitt sé nefnt.

Fiskeldi hefur verið í miklum uppgangi hérlendis og talið að það muni aukast enn frekar á næstu árum. Súrefni, sem ÍSAGA framleiðir nú í nýrri verksmiðju í Vogum á Vatnsleysuströnd, er lykilþáttur í eldinu, sérstaklega í landeldi þar sem fiskurinn þarf á stöðugri súrefnisgjöf að halda. Súrefnisgjafar er einnig þörf á fyrstu stigum framleiðslunnar í kvíaeldi.

Vaxtarsprotar eru einnig í tengslum við málmvinnslu hérlendis, s.s. í kísilframleiðslu þar sem þarf bæði súrefni og köfnunarefni og hefur ÍSAGA m.a. gert þjónustusamninga við PCC á Bakka við Húsavík. Þá kemur súrefni frá ÍSAGA einnig við sögu við endurvinnslu álgjalls, sem fram fer hér á landi á iðnaðarsvæðinu við Grundartanga, en súrefnið er notað til að sýra hitastiginu í ferlinu og halda því jöfnu.

Innlend framleiðsla og innflutningur

Ásamt því að framleiða koldíoxíð að Hæðarenda í Grímsnesi flytur ÍSAGA einnig inn lofttegundir eins og glaðloft, argon, helíum, acetylen og própan. Um 28 manns starfa að jafnaði hjá fyrirtækinu. Höfuðstöðvar þess eru nú að Breiðhöfða á Ártúnshöfða, þar sem er áfyllingarstöð, skrifstofa og afgreiðsla, auk þess sem sjö afgreiðslustaðir eru víðsvegar um landið.

aga.is

Dreiri sómir sér vel í hvaða stofu sem er.

Geitir er léttur og stílhreinn sófi í 60‘ stíl.

Alíslenskur Sindri á Bessastöðum

„Mér finnst gríðarlega mikilvægt að íslenskri hönnun sé gert hátt undir höfði og þess vegna tökum við heils hugar þátt í sýningunni á Bessastöðum og teflum fram Sindrastólnum en hann er alíslenskur, þ.e. hann er hannaður af Íslendingi en einnig smíðaður hér á landi. Við hjá GÁ húsgögnum höfum alltaf lagt áherslu á handverksþáttinn og ég sjálfur er eindregið þeirrar skoðunar að húsgagn geti ekki talist íslenskt nema það sé bæði hannað og smíðað hér á landi.“

Þetta segir Grétar Árnason, framkvæmdastjóri GÁ húsgagna sem hefur rekið fyrirtæki sitt allt frá árinu 1975. Hann segist fagna frumkvæði Samtaka iðnaðarins um að auka sýnileika íslenskra húsgagna með fyrrgreindu framtaki á Bessastöðum. „Maður er eiginlega undrandi að svona skuli ekki hafa verið gert miklu fyrr en betra er seint en aldrei. Bessastaðir eru frábær sýningargluggi fyrir íslensk húsgögn og stjórnvöld eiga að styðja betur við íslenska hönnun en ekki síður íslenska framleiðslu. Hér skiptir atvinnusköpunin miklu máli og við sem höfum lengi barist í þessum bransa höfum fyrir löngu sýnt að við erum samkeppnisfærir við erlenda framleiðendur. Hjá okkur skipta gæðin öllu máli og við finnum það hjá óteljandi viðskiptavinum í gegnum tíðina að það kunna þeir vel að meta.“

■ Feðgar í GÁ húsgögnum. Frá vinstri Árni Grétarsson, sem hefur haft veg og vanda af framleiðslu Sindrastólsins og Grétar Árnason framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Sindrastólinn endurvakinn

Stóllinn Sindri er hannaður af Ásgeiri Einarssyni (1927-2001) árið 1962 og varð hann fljótlega mjög vinsæll meðal landsmanna. Nefndist hann H-5 í byrjun. Um langt skeið var þessi stóll ófáanlegur uns GÁ húsgögn settu hann í framleiðslu á ný árið 2012 þegar hálf öld var liðin frá því hann kom fram á sjónarsviðið. „Þetta hefur verið mjög skemmtilegt verkefni og við höfum útfært stólinn með ýmsu móti í samráði við ættingja hönnuðarins. Sindrastóllinn er alltaf klæddur úr íslensku efni, m.a. gæru, geitarskinni og roði. Þá höfum við boðið upp á að klæða sjálfa skelina íslensku ullarefni. Það eru Sólóhúsgögn sem smíða grindina, Ikan bátasmiðja steypir skelina og Feldur framleiðir gærurnar sem alltaf eru vinsælar í þennan stól,“ segir Árni Grétarsson hjá GÁ húsgögnum.

Sérsmíðuð húsgögn

GÁ húsgögn eru sem fyrr segir stofnuð árið 1975 og á þeim tíma hefur stofnandinn Grétar Árnason og hans fólk staðist ýmsar áskoranir. „Við höfum alltaf lagt áherslu á að mæta kröfum viðskiptavinarins og útfært okkar vörur á þann hátt sem hann vill. Megináhersla okkar hefur alltaf verið á sérhönnuð húsgögn fyrir heimili, stofnanir, hótel og veitingahús. Áherslan á þessa sérsmíði hefur haldið okkur gangandi öll þessi ár,“ segir Grétar.

Í verslun GÁ húsgagna í Ármúlanum er að finna fjölbreytt úrval af stólum og sófum og við látum myndirnar af nokkrum þeirra tala sínu máli.

gahusgogn.is

Stóllinn Sindri er ein vinsælasta framleiðsluvara GÁ húsgagna.

Gnjóstri – klassískur gæðasófi.

Sómar er hægt að fá smíðaðan eftir máli eins og aðra sófa GÁ húsgagna.

Barist gegn loftlagsbreytingum

Grænar þróunarlóðir í Reykjavík

Reykjavíkurborg hefur um skeið verið þátttakandi í samstarfi yfir 90 borga gegn loftslagsbreytingum undir merkinu C40 Reinventing Cities en þar er sjónum beint að sjálfbærri og umhverfisvænni hugsun í uppbyggingu borga. Seint á árinu 2017 tilnefndi borgin þrjár lóðir til uppbyggingar í samkeppni innan ramma verkefnisins: við Frakkastíg, Lágmúla og Malarhöfða. Á dögunum voru hugmyndir hönnunarteyma um uppbyggingu á tveimur þeirra valdar sem vinningstillögur.

■ Fabric við Lágmúla. Grænu þróunarlóðunum er ætlað að verða að fordæmi fyrir framtíðaruppbyggingu með sjálfbærni og umhverfisgæði að leiðarljósi.

■ Lifandi landslag. Ef hugmyndir ganga eftir mun stærsta timburhús landsins senn rísa við Malarhöfða. Þetta verður kolefnishlutlaus bygging.

Samkeppni á heimsvísu

Í keppninni fengu þverfagleg teymi tækifæri til að breyta vannýttum svæðum borga í sjálfbær svæði með aukin umhverfisgæði og minna kolefnisfótspor ásamt því að styðja við góða borgarþróun. Fyrirmyndin er vel heppnað verkefni Reinventing Paris sem hleypt var af stokkunum 2015. Yfir 230 umsóknir bárust um þátttöku í samkeppninni á heimsvísu og um var að ræða lóðir í öllum helstu borgum heims; Mílanó, Osló, Madrid, Chicago, París, San Francisco og Reykjavík svo einhverjar séu nefndar. Keppnin var í tveim áföngum og í þeim fyrri voru 16 lið en í þeim seinni voru 8 teymi valin en 5 skiluðu inn tillögum. Teymin voru þverfagleg þar sem arkitektar, umhverfisfræðingar, fjárfestar, landslagsarkitektar, skipulagsfræðingar og verktakar unnu saman að tillögunum. Tekist var á við tíu lykiláskoranir, t.d. hringrásarhagkerfi, sjálfbærar samgöngur, sjálfbær byggingarefni, líffræðilegan fjölbreytileika og samfélagslegan ávinning.

Tvö teymi voru valin sem sigurvegarar samkeppninnar í Reykjavík, annars vegar hópurinn sem stóð að tillögunni Lifandi landslag við Malarhöfða og hins vegar teymi sem lagði fram tillöguna Fabric við Lágmúla.

Lifandi landslag við Malarhöfða

Lifandi landslag er kolefnishlutlaus bygging með blandað notkunargildi sem er hönnuð með vistvæn gildi að leiðarljósi. Byggingin er nútímaleg og náttúruvæn í háum gæðum, með góðri innivist og mjög lágri orkunotkun. Lifandi landslag verður stærsta timburbygging landsins.

Lifandi landslag mun fara eftir metnaðarfullum markmiðum um líffræðilegan fjölbreytileika, en 75% svæðisins verður grænt, þar meðtalið miðsvæði og græn þök. Byggingin er hringlaga og í miðju hennar er stór garður með staðbundnum plöntutegundum, grjóti og landslagi. Skipulag umhverfis miðar að því að bæta grunnkerfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Hugmyndin að tillögu nýs þéttbýlisskipulags Elliðaárvogs – Ártúnshöfða er að skapa nýjan þéttbýliskjarna þar sem nú er aðeins mengað iðnarsvæði. Að vinningstillögunni standa Jakob+Macfarlane. T.ark, Landslag, Efla, Heild og Upphaf.

Fabric við Lágmúla

Tillagan Fabric bar sigur úr býtum í samkeppni C40 um hönnun á 5.700 m² lóð við Lágmúla. Fabric mun samþætta íbúðar- og atvinnuhúsnæði með áherslu á deilingu og samvinnu í orkunýtinn miðpunkt með það í huga að skapa betri, heilbrigðari og grænni borg. Til að draga úr kolefnisspori sínu eins og unnt er, mun Fabric notast við lágkolefna byggingarefni, þ.m.t. timbur og einnig steinull sem framleidd hefur verið á Íslandi. Með þessu mun Fabric stuðla að metnaðargjörnu hringrásarhagkerfi og hafa þau áhrif að um 95% minni úrgangur mun rata á urðunarstaði.

Verkefnið mun sameina líffræðilegan fjölbreytileika og vellíðan með gróðurveggjum, grænum þökum, gróðurhúsum og vetrargarði. Öll sameiginleg svæði hússins eru tengd saman með grænum borða sem rennur í gegnum alla bygginguna, þar sem nýttur verður jarðhiti svæðisins og græna orkan býður upp á. Lóðin við Lágmúla hentar einstaklega vel fyrir slíkt verkefni þar sem ein helsta sérstaða lóðarinnar er sá mikli jarðhiti sem finnst umhverfis hana.

Að tillögunni standa Basalt arkitektar, Efla, Landmótun og Reginn fasteignafélag.

Fleiri brýr innan menntakerfisins

Samstarf um að efla og kynna háskólanám eftir iðnnám og aðra starfsmenntun

Fulltrúar Háskólans í Reykjavík, Samtaka iðnaðarins, Tækniskólans, Iðunnar fræðsluseturs og Rafmenntar skrifuðu á dögunum undir viljayfirlýsingu um samstarf um að kynna tækifæri á háskólanámi eftir iðnnám og aðra starfsmenntun með atvinnutengd lokamarkmið. Markmiðið með samstarfinu er að m.a. að fjölga nemendum í iðnnámi sem og þeim sem vilja byggja háskólanám ofan á iðnnám. Háskólinn í Reykjavík mun leiða verkefnið.

■ Skrifað var undir samstarfið í húsakynnum Háskólans í Reykjavík.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, var viðstödd undirritunina í Háskólanum í Reykjavík og sagði m.a.: „Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um mikilvægi þess að efla iðn-, verk- og starfsnám í þágu fjölbreytni og öflugra samfélags og að því vinnum við með ötulum hætti í góðri samvinnu. Liður í því er að byggja fleiri brýr innan menntakerfisins, og við atvinnulífið, sem stuðlað geta að nánari samskiptum og samþættingu. Þessi viljayfirlýsing er frábært dæmi um slíkt.“

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík: „Háskólinn í Reykjavík vinnur að því að efla íslenskt atvinnulíf og samfélag, meðal annars með því að mennta nemendur sína vel og undirbúa þá sem best fyrir framtíðina. Það hefur alltaf verið mikil þörf fyrir sérfræðinga með tæknimenntun og iðnmenntun, en þær breytingar sem fylgja yfirstandandi tæknibyltingu auka þessa þörf enn frekar. Íslenskt samfélag þarf öflugt fólk með fjölbreytta menntun sem getur nýtt þekkingu sína til að skapa ný verðmæti og þetta samstarf er mikilvægt skref í þeirri vegferð.“

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins: „Mikil tækifæri bíða þeirra sem ljúka iðn- og tæknínámi enda opnar slíkt nám fjölmargar dyr. Atvinnulífið bíður starfskrafta þeirra en þorri þeirra félagsmanna Samtaka iðnaðarins sem vilja bæta við sig starfsfólki leitar að starfsmenntuðu fólki. Það er einfalt að fara í frekara nám fyrir þau sem það kjósa og er háskólamenntað fólk með starfsnám að baki mjög eftirsótt á vinnumarkaði. Með þessu samstarfi er markmiðið að fjölga enn frekar þeim tækifærum sem felast í iðnnámi með því að kynna námsmöguleika og þróa námsleiðir í takt við breytilegar þarfir atvinnulífs.“

Um þróunarverkefni er að ræða sem á við iðnmenntun í byggingar-, málm-, vél-, bíl- og rafiðngreinum og háskólanám í Háskólanum í Reykjavík sem hentar í framhaldi af iðnnámi í þeim greinum. Um leið er stefnt að því að verkefnið geti orðið fyrirmynd sem hægt verði að yfirfæra á aðrar iðngreinar og starfsmenntun.

Forysta í fjarvarmaflutningi

Miklar framfarir hafa orðið við nýtingu á lághita fyrir neysluvatn með Set hitaveiturörum.

Í yfir 100 ár hafa Íslendingar nýtt heitt vatn til húshitunar og voru meðal fyrstu þjóða á heimsvísu til þess. Þetta hefur orðið til þess að lífsgæði Íslendinga hafa aukist til muna og gert Ísland að einum ákjósanlegasta stað í veröldinni til búsetu.

Set hefur í áratugi verið leiðandi í framleiðslu hitaveitulagna hér á landi, og með tímanum hefur skapast aukin reynsla og tæknivitund hjá öflugu vöruþróunarteymi fyrirtækisins þar sem unnið er markvisst að því að þróa nýjar og hagkvæmar lausnir í nýtingu á lághita.

Set ehf.
Röraverksmiðja
Eyravegur 41
800 Selfoss

Sími: +354 480 2700
Fax: +354 482 2099

Netfang: info@set.is

Veljum íslenskt og sköpum með því verðmæti og störf.

www.set.is

Set ehf • Röraverksmiðja

■ Eitt fjörurra hæða hús skapar byggðinni skjól fyrir norðaustanátt. Húsin út við sjóinn eru einungis tvær hæðir til að hámarka fjölda íbúða með útsýni. Tölvuteikning: Yrki arkitektar.

Nýtt vistvænt smáíbúðahverfi í Gufunesi

Þorpið vistfélag hefur fengið vilyrði borginnar vegna lóðar fyrir byggingu hagkvæms húsnæðis fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur í Gufunesi. Félagið auglýsir nú íbúðir sem það hyggst reisa á aðeins 17-34 milljónir króna sem verða afhentar kaupendum eftir ár. Húsin verða reist úr timbureiningum frá Modulus en það fyrirtæki hefur á síðustu árum byggt hótel á Kirkjubæjarklaustri og fjölbýlishús fyrir Byggingafélagið Bjarg á Akranesi.

„Gufunesið býður upp á einstaka staðsetningu fyrir þorp í miðri borg. Nýtt smáíbúðahverfi Þorpsins verður vistvænt samfélag þar sem metnaður verður lagður í endurvinnslu og umhverfismál," segir Runólfur Ágústsson verkefnisstjóri í samtali við Sóknarfæri.

Vistþorp í borg

Þorpið vistfélag hefur undanfarin tvö ár unnið að þróun á nýju hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og varð í 2. sæti í samkeppni Reykjavíkurborgar um lóðir í haust. Borgarráð hefur nú samþykkt lóðavilyrði til félagsins á grundvelli samkeppninnar. Þorpið hugsar þetta nýja hverfi í Gufunesi sem lifandi vistþorp í borg. Íbúðirnar sem reistar verða eiga að vera vandaðar, umhverfisvænar og ódýrar. Þær eru úr timbureiningum (módúlum) sem framleiddar eru innanhúss við kjöraðstæður. Slík hús eru mun vistvænni en steinsteypt hús úr steypu en um 8% af heildarlosun CO_2 í heiminum er vegna framleiðslu og notkunar á sementi og steypu. Húsin verða framleidd með timbri úr sjálfbærum skógum og félagið hefur óskað eftir því við Reykjavíkurborg að fá heimild til að planta grenndarskógi á grænu aðliggjandi svæði fyrir ofan byggðina til kolefnisjöfunar á flutningi og samsetningu húsanna.

Grænt og skjólsælt

„Í gildandi deiliskipulagi í Gufunesi er leyfi til þess að byggja 5-7 hæða blokkir á lóðinni sem Þorpið hefur fengið vilyrði fyrir. Hugmyndafræði félagsins byggir hins vegar á lægri og þéttari byggð þar sem 2-4 hæða hús eru byggð í kringum sameiginlegt torg en grænar götur tengja saman byggðina sem opnast út til sjávar. Við torgið verða sameiginlegt þvottahús, kaffihús og veislusalur ástamt pósthúsi fyrir aðsendar vörur og matvæli. Hverfið á þannig að verða sjálfbært þorp þar sem göturnar eru vistgötur fyrir fólk en ekki bíla," segir Runólfur.

Staðsetning og hæð húsanna á lóð Þorpsins mun skapa skjólsælt, sólríkt og grænt umhverfi þar sem mikil sameign er við torgið á fyrstu hæð en íbúðir þar fyrir ofan. Hæsta húsið skapar byggðinni skjól fyrir norðaustanátt en allar götur verða með sjávarsýn og húsin út við sjóinn eru einungis tvær hæðir til að hámarka fjölda íbúða með útsýni. Byggðin liggur að einstakri stönd og handan við byggingarnar tekur við stórt grænt svæði. Þorpið hefur óskað eftir því við Reykjavíkurborg að fá til ráðstöfunar á aðliggjandi grænu svæði reiti fyrir grænmetisgarða og hænsnabúskap. Þá munu þeir íbúar sem það kjósa geta fengið aðgang að rafknúnum deilibílum.

Hönnuðir Gufunesverkefnis Þorpsins eru Yrki arkitektar sem hafa m.a. hannað nýjar íbúðir á Móavegi fyrir Byggingarfélagið Bjarg og stúdentagarða í Vatnsmýri fyrir Félagsstofnun stúdenta.

thorpidvistfelag.is



■ Þorpið býður íbúðir á verðbilinu 17-34 milljónir eftir stærð, gerð og staðsetningu. Verð eru háð breytingum fram til þess tíma sem kaupandi greiðir staðfestingargjald.

Hættulegur vegarkafli endurnýjaður

Góður gangur er í framkvæmdum við breikkun hringvegarins á milli Hveragerðis og Biskupstungnabrautar en það eru Íslenskir aðalverktakar sem annast framkvæmdina í kjölfar útboðs sem fram fór sl. haust. Um er að ræða 1. áfanga endurnýjunar vegarins á 2,5 km kafla. Tilboð ÍAV var upp á 1.361 milljón króna og verður verkinu lokið 15. september nk.

Fyrsti áfangi framkvæmda

Þessi áfangi framkvæmdanna kallast Gljúfurholtsá-Varmá og felst í breikkun hringvegar í 2+1 veg þar á milli ásamt gerð nýrra gatnamóta við Vallaveg og Ölfusborgaveg. Til framkvæmdanna telst einnig gerð nýrra hliðarvega sem tengjast nýjum vegamótum, annars vegar Ölfusvegar frá Ölfusborgavegi að Hvammsvegi og hins vegar Ásnesvegi frá Vallavegi að Ásnesi. Nýju hliðarvegirnir verða samhliða Suðurlandsveginum. Inni í verkinu er einnig breikkun brúar yfir Varmá og undirgöng austan Varmár fyrir gangandi og ríðandi. Þá eru og innifaldar breytingar á lagnakerfum veitufyrirtækja sem og nýlagnir og landmótun auk annarra þátta sem nauðsynlegir eru til að ljúka verkinu.

Mikil samgöngubót

Vegarkaflinn frá Kömbum að Selfossi hefur lengi verið einn einn hættulegasti hluti hringvegarins enda á honum fjölmargar vegtengingar. Með nýjum vegi leggjast þær mestmegnis af og fara þess í stað um hliðarvegi. Tvær tengingar verða inn á þjóðveginn í fyrsta áfanga, önnur rétt við Eldhesta sem tekur við umferð frá svæðinu neðan við veg og hin við Ölfusborgir sem tekur við umferð ofan við veg. Vegurinn verður eins og áður sagði svokallaður tveir plús einn vegur, með aðskildum akreinum, en gert er ráð fyrir því að í framtíðinni verði hægt að breikka veginn í tvo plús tvo án mikilla vandkvæða enda undirbygging vegarins útbúinn með það í huga.

Vonast er til að hægt verði að bjóða út næsta áfanga verksins í haust sem mun þá ná að Biskupstungnabraut. Síðar verður ráðist í gerð nýs vegar frá Kömbum að Varmá en sá vegur mun liggja talsvert sunnar en núverandi vegur við Hveragerði. Þá er einnig ætlunin að gera nýjan veg frá Biskupstungnabraut að nýrri brú yfir Ölfusá austan Selfoss. Það verður ein lengsta brú landsins, 300 m stagbrú með 60 m háum turni. Brúin mun liggja yfir Efri Laugardælaeyju.

■ Í fyllingu tímans mun ný brú verða byggð yfir Ölfusá, austan Selfoss. Hönnun liggur fyrir en um verður að ræða 300 metra stagbrú með 60 m háum turni.

■ Nú er unnið að því að breikka hringveginn á 2,5 km kafla milli Hveragerðis og Selfoss. Því hefur aðalveginum verið lokað og umferð beint um hjáleið. Lokunin stendur til verkloka 15. september nk. Ljósm. Vegagerðin.

Akureyri

Bjarg byggir fjölbýlishús með 31 íbúð

Framkvæmdir við byggingu fjölbýlishúss í eigu Bjargs íbúðarfélags eru hafnar á Akureyri. Húsið stendur við Guðmannshaga 2 í Hagahverfi og er Lækjarsel ehf. verktaki við bygginga. Húsið er á tveimur og þremur hæðum og er í því lyfta og stigahús. Í húsinu verður 31 íbúð, þar af eru fjórar í 2ja hæða kálfi og verða þær afhentar Bjargi í ágúst árið 2020. Aðrar íbúðir í húsinu, 27 talsins verða afhentar í nóvember á næsta ári. Íbúðirnar eru af ýmsu stærðum, 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja en almennt í minni kantinum. Nú þegar hafa um 50 umsóknir borist um íbúðirnar. Tendra arkitektar teiknuðu húsið, AVH á Akureyri sá um verkfæðivinnu, rafhönnun var í höndum Raftákns og Teiknistofan Storð sá um lóðahönnun.

■ Í húsinu verður 31 íbúð og verða þær afhentar Bjargi á næsta ári.

■ **Framkvæmdir við byggingu fjölbýlishúss í eigu Bjargs íbúðarfélags eru hafnar.**

Akureyrarbær fær ráðstöfunarrétt á 20% íbúðanna

Fyrir liggur viljayfirlýsing um samstarf Akureyrarbæjar og Bjargs íbúðarfélags sem felur í sér að bærinn veitir 12% stofnframlag til byggingar 75 nýrra íbúða á vegum félagins á Akureyri á næstu þremur árum. Það var gert í ljósi þeirra brýnu verkefna sem blasa við í húsnæðismálum en bærinn mun veita lóðum fyrir 75 leiguíbúðum til ársins 2020. Akureyrarbær setti það skilyrði fyrir veitingu stofnframlags síns vegna þessa verkefnis að fjölskyldusvið Akureyrarbæjar hafi að jafnaði ráðstöfunarrétt að 20% íbúðanna.

Húsnæðivandi hjá tekjulágum

Björn Snæbjörnsson formaður Einingar-Iðju og formaður Starfsgreinasambands Íslands segir ekki að ástæðulausu að verkalýðshreyfingin berjist fyrir því að gera stórátak í húsnæðismálum. „Húsnæðisvandi þeirra tekjulægstu er gríðarlegur og hið opinbera verður að styðja við fólk sem vill eignast húsnæði. Sömuleiðis verður að stórbæta réttarstöðu þeirra sem leigja húsnæði," segir hann, en samkvæmt könnun sem Gallup gerði meðal félagsmanna Einingar-Iðju á liðnu ári bjuggu um 25% félagsmanna í leiguhúsnæði og rúm 13% í foreldrahúsum.

Bjarg íbúðarfélag er rekið án hagnaðarsjónarmiða og ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðahúsnæði í langtímaleigu á hagstæðu verði.

Sveitarfélagið Árborg gæti verið kjörin staðsetning fyrir þitt fyrirtæki

» Nálægð við inn- og útflutningshöfn
» Fjölskylduvænt umhverfi
» Nálægð við höfuðborgarsvæðið
» Kraftmikið samfélag með hátt menntunarstig

Nánari upplýsingar veitir
Gísli H. Halldórsson,
bæjarstjóri Árborgar
gislihh@arborg.is

Sveitarfélagið ÁRBORG
www.arborg.is

TREYSTU
Á TRIMBLE
BJÓÐUM HEILDARLAUSNIR FYRIR ÖLL VERK.
HÖNNUN / FRAMKVÆMD / UPPGJÖR
Trimble
Authorised Dealer

SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI 5105100

/ ISMARICELAND · WWW.ISMAR.IS

ÍSMAR

...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA

Það er **enginn tími** til að slóra

Rætt við Gísla Halldór Halldórsson, bæjarstjóra sveitarfélagsins Árborgar

„Við hér í Árborg stöndum frammi fyrir krefjandi verkefni á næstu árum en það er að byggja upp innviði sveitarfélagsins til að mæta fordæmalausri fjölgun íbúanna og uppsafnaðri þörf á framkvæmdum til að bæta samfélagið. Við þurfum auðvitað að fara gætilega því fjárhagsstaða bæjarsjóðs Árborgar, eins og flestra annarra sveitarfélaga er viðkvæm, en um leið verðum við að vera áræðin; hugsa út fyrir boxið og leita allra leiða sem færar eru með farsæld íbúa og sjálfbæran fjárhag sveitarfélagsins að leiðarljósi. Það er enginn tími til að slóra.“

Þetta segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Árborgar í samtali við Sóknarfæri. Gísli Halldór kom til starfa í Árborg upp úr miðju síðasta ári en hafði áður gegnt stöðu bæjarstjóra á Ísafirði í eitt kjörtímabil og setið þar á undan í bæjarstjórn Ísafjarðar í tvö kjörtímabil. Hann er því gjörkunnugur sveitarstjórnarmálum. Við innum hann nánar eftir uppganginum sem nú er á Árborgarsvæðinu.

■ Ný dælustöð hitaveitunnar í Árborg er í byggingu við Austurveg 67 á Selfossi en hún mun þjóna íbúum Árborgar næstu áratugina.

Þurfum að styrkja innviðina

„Já, eins og ég segi fjölgar íbúum hér dag frá degi og fjölgun í maí sl. samsvaraði 8% fjölgun á ársgrundvelli, en árin 2017 og 2018 var fjölgunin tæp 6% á ári. Árborg er orðið áttunda stærsta sveitarfélag landsins og í hópi þeirra þriggja þar sem íbúafjölgun er mest en hin eru Reykjanesbær og Mosfellsbær. Allt húsnæði sem hér er byggt selst jafnóðum, einkum hér Selfossi en einnig er verið að byggja einbýlishús og raðhús á bæði Eyrarbakka og Stokkseyri. Þessi hraði vöxtur kallar á nýjar lausnir í húsnæðismálum og einmitt þessa dagana erum við að endurskoða húsnæðisáætlunina okkar og undirbúa nýtt aðalskipulag. Aðalskipulagsvinnan mun standa yfir næstu tvö árin en þar verður mótuð stefna um framtíðaruppbyggingu sveitarfélagsins og ný íbúðar- og atvinnusvæði skipulögð. Þá þarf að taka afstöðu til fleiri þátta eins og hugmynda um nýjan alþjóðaflugvöll í Stokkseyrarmýri og hvernig við hyggjumst mæta heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni í umhverfismálunum, svo dæmi séu tekin. Einnig er áhugi á að byggja upp hjólreiða- og göngustíga af myndarskap hér í Árborg og almennt efla þá þætti sem stuðlað geta að aukinni velferð og hamingju íbúanna. Það er nefnilega nauðsynlegt að um leið og við leggjum áherslu á að mæta aukinni eftirspurn eftir byggingalóðum þurfum við að styrkja innviðina því íbúarnir gera ríkar kröfur um félagslegt öryggisnet, góða skóla og sterka umgjörð utan um börnin og unglingana, m.a. á íþróttasviðinu.“

Gísli Halldór er bjartsýnn á að Árborg takist að sinna þessum krefjandi verkefnum en hann segir ljóst að það þurfi að slá undir nára til að mæta aukinni eftispurn eftir lóðum því sveitarfélagið vilji taka á móti nýjum íbúum og styrkja með því samfélagið. „Við erum ágætlega sett með landrými til

> **Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í sveitarfélaginu Árborg til að mæta vaxandi fjölda íbúa og er undirbúningsvinna í fullum gangi við grunnskóla, leikskóla og fjölnota íþróttahús.**

bygginga, hvort sem við lítum til okkar eigin lands eða þess sem er í eigu fyrirtækja og einstaklinga. Næsta byggingarsvæði okkar er svokallað Björkustykki en þar er áformað að byggja um 650 íbúðir skv. nýju deiliskipulagi. Við reiknum með að geta úthlutað fyrstu lóðunum þar strax í haust og að gatnagerðin hefjist næsta vetur. Í augnablikinu er of lítið um íbúðalóðir á lausu þannig að ég reikna með einhverjum slaka í byggingaframkvæmdum á næsta ári en á næstu árum þar á eftir fari allt á fullt. Þá eru einkaaðilar að skoða skipulagningu nýrra hverfa og ég fagna slíku framtaki um leið og

VIÐ ERUM GÓÐIR Í LOKUM

• Rennilokar
• Keilulokar
• Spjaldlokar
• Kúlulokar
• Einstefnulokar

KSB
Þýsk gæðavara

Vandað og varanlegt
VARMA & VÉLAVERK
Knarrarvogi 4 104 Rvk Sími 585 1070 vov@vov.is www.vov.is

Grafika 19

■ Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar. „Við reiknum með að geta úthlutað fyrstu lóðunum í Björkustykki strax í haust og að gatnagerðin hefjist næsta vetur.“

ég minni á að slíkt skipulag og framkvæmdir í framhaldinu, verða auðvitað að vera á forsendum sveitarfélagsins og í þágu þess.“

Umhverfismálin í fyrirrúmi

Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í sveitarfélaginu Árborg til að mæta vaxandi fjölda íbúa og er undirbúningsvinna í fullum gangi við hjúkrunarheimili, grunnskóla, leikskóla og fjölnota íþróttahús.

„Núverandi meirihluti í bæjarstjórninni setur markið hátt þegar kemur að aðstöðu fyrir unga fólkið okkar. Til að framhald verði á góðum árangri okkar íþróttafólks þarf aðstöðu til æfinga og keppni eins og best gerist. Við vinnum nú að undirbúningi fjölnota húss sem í fyrsta áfanga mun hýsa hálfan fótboltavöll og aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir. Síðan er verið að skoða hvernig fjárfestingunni verður best dreift á framkvæmdatímanum þannig að bæjarsjóður geti tekist á við verkefnið með farsælum hætti. Markið er nú sett á að ljúka þessum áfanga á árinu 2021.“

Gísli Halldór nefnir umhverfismálin og segir að nú sé unnið að umhverfismati fyrir nýja hreinsistöð við Ölfusá og því eigi að ljúka í haust. „Áætlað er að heildarkostnaður við stöðina geti orðið um einn og hálfur milljarður. Hreinsistöðin verður tveggja þrepa, sem þýðir að skolpið verður fyrst grófhreinsað og svo fínhreinsað áður en vatninu er hleypt í ána. Fyrra þrepinu verður lokið á þessu kjörtímabili og er áætlaður kostnaður við það rúmlega hálfur milljarður. Síðara þrepið verður unnið á næsta kjörtímabili ef ekki gefst svigrúm í fjárfestingum til að ljúka því á næstu þremur árum,“ segir Gísli Halldór.

■ Víða er tekið til hendi í Árborg. Hér er verið að endurnýja stofnæð hitaveitunnar. Myndin er tekin við Langholt.

Nýr miðbær verður segull

Meðal uppbyggingarverkefna í Árborg er nýr miðbær en þar eru einkaaðilar að hefja byggingu þéttrar byggðar sögulegra húsa sem reist verða í sinni upprunalegu mynd í tveimur megin áföngum, bæði íbúðarhúsa og bygginga undir fjölbreytta atvinnustarfsemi. Sagt er frá þeim framkvæmdum annars staðar í blaðinu.

„Áformin hér á miðbæjarsvæðinu hafa vakið mikla athygli enda óvenjulega og frumlega staðið að verki. Ég er ekki í nokkrum vafa að þetta verður mjög til að efla Árborgarkjarnann hér á Suðurlandi og að sú starfsemi sem þarna er áformuð mun virka sem segull á þá sem leið eiga um þetta svæði. Við sjáum fram á að innan fárra ára muni ný Ölfusárbrú verða tekin í notkun en þá mun umferðin á hringveginum ekki lengur fara í gegnum Selfoss eins og nú er. Þetta mun hafa ýmis áhrif, m.a. þau að við þurfum að laða ferðamenn til okkar með öðrum ráðum og mér finnst einsýnt að þessi miðbæjarframkvæmd geti haft stór áhrif hvað það varðar. Ég finn það á framkvæmdaaðilanum að hann vill vanda sig við þetta verkefni og leggur sig fram um að skapa þar skemmtilega stemningu og frjótt umhverfi. Það verður gaman að fá þessa góðu granna hér við hlið ráðhússins okkar.“

arborg.is

Alþjóðaflugvöllur í Flóanum?

Nú er verið að skoða hvort henti að skipuleggja alþjóðaflugvöll í Flóanum þar sem heitir Stokkseyrarmýri og Brautartunga. Næsta skref er að sveitarfélagið Árborg taki afstöðu til þess hvort slíkur flugvöllur verði innifalinn í aðalskipulagslýsingu sem samþykkt verður í lok þessa árs. Í kjölfar þess færi fram umhverfismat áætlana og tilheyrandi rannsóknir sem leiða myndi í ljós fýsileika þessa verkefnis. Verkefnið er leitt af hópi áhugafólks sem hyggst stofna félag um undirbúninginn.

Það sem einna helst styður við hugmyndir um alþjóðaflugvöll í Flóanum er sú gífurlega sterka staða sem Suðurland hefur í ferðaþjónustu, en yfir 70% erlendra ferðamanna sækja Suðurland heim. Annar styrkleiki er svo að hér væri um að ræða traustan varaflugvöll fyrir Keflavík í sömu fjarlægð frá Reykjavík. Þá má nefna sem styrkleika nálægðina við vaxandi útflutningshöfn í Þorlákshöfn og það samspil sem verður milli flutninga með skipum og í flugi vegna útflutnings á eldisfiski, ræktuðum þörungum og öðrum afurðum frá matarkistu landsins á Suðurlandi. Aðrir kostir alþjóðaflugvallar í Flóanum gætu m.a. verið styrking innviða á Suðurlandi, aukin atvinnutækifæri, aukið þjónustustig á svæðinu og sterkara sveitarfélag með auknar tekjur. Gallar gætu m.a. verið að þar með verður landið, sem fer undir, ekki nýtt í annað, hugsanleg hljóðmengun, vistmengun og kolefnislosun.

Tímamót í samgöngumálum Eyjamanna

Vistvænn Herjólfur kominn í heimahöfn

■ Hinn nýi Herjólfur er hið rennilegasta fley. Ljósm. Vegagerðin/G.Pétur Matthíasson.

■ Gamli Herjólfur rennir inn í Vestmannaeyjahöfn og sá nýi fylgir í humátt á eftir. Skipstjórar skipanna skiptust á að þeyta skipslúðrana.

Langþráður draumur Eyjamanna og gesta þeirra rættist á dögunum þegar nýr Herjólfur kom til heimahafnar eftir siglingu frá skipasmíðastöðinni Crist S.A. í Póllandi. Þar hafði skipið tafist nokkuð vegna deilna um lokauppgjör Vegagerðarinnar en sá hnútur var farsællega leystur á endanum. Ferjan Herjólfur er sú fjórða í röðinni samnefndra skipa og mun hún hefja fastar siglingar milli lands og eyja á næstu vikum. Skipið er knúið með rafmótorum sem fá afl frá þremur diselvélum og rafhlöðum en stærð þeirra miðast við að skipið geti siglt fyrir rafafli milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar.

■ Það vafðist ekki fyrir Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra að gefa skipinu nafn.

Herjólfur í tölum

Lengd	71,78 m	Kojur	36
Breidd	15,50 m	Hæð bíladekks	5,10 m
Brúttólestir	3.160 GT	Fólksbifreiðar	73
Hönnunardjúprista	2.85 m	Flutningabílar	5
Mesti farþegafjöldi	540 manns	Siglingahraði	15,5 kn

Mikið um dýrðir

Formleg móttaka nýju Vestmannaeyjarferjunnar Herjólfs var haldin í Friðarhöfn í Vestmannaeyjum laugardaginn 15. júní. Mikill mannfjöldi safnaðist saman til að taka á móti Herjólfi og ríkti mikil gleði meðal gesta með komu hinnar nýju ferju. Athöfnin hófst á því að Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, hélt ávarp þar sem hún lýsti yfir einlægri gleði yfir því að Herjólfur væri loks kominn í heimahöfn. „Það er krefjandi að sigla í Landeyjahöfn í íslenskri veðráttu og takast á við miskunnarlaust Atlantshafið. En Vestmanneyingar vita að einmitt þær siglingar skipta öllu máli fyrir Eyjar, bæði íbúana og atvinnulífið. Það er von okkar og vissa að ný ferja muni verulega fjölga þeim dögum sem siglt verður í Landeyjahöfn og þannig bæta lífskjörin hér í Eyjum. Það er til mikils að vinna fyrir okkur öll," sagði Bergþóra m.a. í ræðu sinni.

Fulltrúi Herjólfs ohf., formaður bæjarráðs Vestmannaeyja og pólski sendiherrann héldu einnig ávörp. Séra Guðmundur Örn Jónsson prestur Landakirkju blessaði skipið. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitastjórnarráðherra, flutti ávarp þar sem hann færði Vestmannaeyingum hina nýju ferju. Loks tók Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra að sér að nefna skipið formlega og leysti hún það verkefni vel af hendi ásamt börnum sínum tveimur.

Vandað til verka

Nýja Vestmannaeyjaferjan er hönnuð af norsku skipaverkfræðistofunni Polarkonsult undir stjórn Jóhannesar Jóhannessonar skipaverkfræðings. Ferjan er hönnuð til siglinga í a.m.k. 3,5 m ölduhæð á grunnsævi sem er fyrir utan Landeyjahöfn. Til að sannreyna getu og hagkvæmni ferjunnar til siglinga var við hönnun skrokksins stuðst við fullkomnustu tölvuforrit og vatnslíkanprófarnir hjá Force Technology í samvinnu við Polarkonsult.

herjolfur.is

Dýrafjarðargöng á undan áætlun

Vinna við lokastyrkingu, lagnavinnu og vegagerð í Dýrafjarðargöngum gengur vel eftir að slegið var í gegn 17. apríl í vor. Göngin koma til með að verða gríðarleg samgöngubót fyrir Vestfirðinga og leysa af hólmi veginn um Hrafnseyrarheiði, einn erfiðasta fjallveg landsins. Göngin munu stytta leiðina milli Reykjavíkur og Ísafjarðar um 27 km en þau verða tekin í notkun haustið 2020.

Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng hafa gengið afar vel allt frá því gröftur hófst þar fyrir um 20 mánuðum og engar meiriháttar tafir hafa orðið á verktíma. Við gröftinn sjálfan voru mörg met slegin, svo sem grafnir út 405 m í einum mánuði og 111 m á einni viku. Samningur við verktakana, Metrostav a.s. og Suðurverk hf., var undirritaður 20. apríl 2017 en það eru Geotek ehf. og Efla hf. sem hafa eftirlit með verkinu. Gert er ráð fyrir að verkið í heild kosti um 9 milljarða króna.

Göngin eru 5,6 km löng, þar af 5,3 km í bergi og 300 m í vegskálum. Hæð vegskálaenda er 35 m y.s. í Arnarfirði og 67 m y.s. í Dýrafirði. Gólf í göngum fer mest í 90 m y.s. í miðjum göngum og er mesti lengdarhalli 1,5%. Þversnið ganganna er um 8,0 m í veghæð. Í göngunum eru 10 útskot, þar af fjögur snúningsútskot. Inni í göngunum sjálfum eru fjögur steypt tæknirými og tvö lítil fjarskiptahús utan ganga. Göngin verða malbikuð með steyptum upphækkuðum öxlum.

Rafmagnsbúnaður og öryggisbúnaður í Dýrafjarðargöngum er fjölþættur. Þar verða m.a. 4 spennistöðvar, 16 loftræstiblásarar og um göngin liggja háspennukaplar á vegum Landsnets fyrir 132 kV spennu.

■ Borað í bergið. Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng hafa gengið afar vel allt frá því gröftur hófst þar fyrir um 20 mánuðum. Ljósm. Efla/Geotek.

Helstu magntölur

Gröftur í göngum	312.000 m^3
Fylling	580.000 m^3
Burðarlag	90.000 m^3
Rofvörn	13.000 m^3
Boltar	28.000 stk.
Sprautusteypa	14.000 m^3
Einangrunarklæðing	50.000 m^2
Steypa	3.200 m^3
Jarðvatns- og ofanvatnslagnir	18.400 m
Ídráttarrör	45.000 m
Rafstrengir	74.000 m
Ljósleiðandi strengir	12.400 m
Upplýst umferðarmerki	83 stk.

Byggður verður nýr vegur beggja vegna gangamunna. Nýir vegir eru u.þ.b. 3 km Arnarfjarðarmegin og 4,8 km Dýrafjarðarmegin, samtals um 7,8 km auk tenginga. Vegurinn verður 8 m breiður með 7 m akbraut. Í tengslum við vegagerð að göngum er verið að byggja nýjar brýr á Mjólká (14 m) og Hófsá (16 m).

2017 2018
Framúrskarandi fyrirtæki

Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Snickers® WORKWEAR

DUNDERDON

Mikið úrval af öryggisvörum

uvex · MILLER · OTTER · TOE GUARD · SOLID gear · Honeywell · Hultafors

Nú fást Snickers® WORKWEAR vinnuföt í

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

HILTI
Verkfæri og festingar

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • Hagi ehf HILTI

Framkvæmdir við Háskólagarða HR ganga vel

Byggingu Háskólagarða HR við Nauthólsveg og rætur Öskjuhlíðar, norðan við háskólann, miðar vel áfram. Stefnt er að því að taka fyrsta áfangann í notkun strax haustið 2020. Hann verður tæpir 5.900 fermetrar, á 4-5 hæðum og þar verða 125 íbúðir til útleigu. Áætlaður heildarkostnaður við þennan áfanga er um 2,6 milljarðar króna.

Byggingarframkvæmdirnar ganga vel en fyrsta skóflustungan var tekin 19. september í fyrra. Með Háskólagörðum HR er stigið stórt skref til að bæta enn frekar þá þjónustu sem háskólinn veitir nemendum sínum en stefnt er að því að byggja þarna í fjórum áföngum um 400 íbúðaeiningar fyrir einstaklinga og fjölskyldufólk, ásamt þjónustukjarna.

„Við vitum hversu erfitt það getur verið fyrir nemendur að finna íbúðarhúsnæði við hæfi og á hagkvæmum kjörum. Hér getum við boðið nemendum glænýtt húsnæði á besta stað og á lægsta leiguverði sem hægt er að bjóða, enda Háskólagarðar ekki reknir í hagnaðarskyni," segir Ari Kristinn Jónsson, rektor HR.

Bað- og eldunaraðstaða í öllum íbúðum

Íbúðirnar í Háskólagörðum HR verða allt frá litlum 25 fermetra einstaklingsíbúðum upp í um 80 fermetra þriggja herbergja íbúðir. Baðherbergi og eldunaraðstaða verður í öllum íbúðum en þvottarými og önnur slík aðstaða verður sameiginleg. Aðaláhersla er á nemendaíbúðir í fyrstu en á seinni stigum er gert ráð fyrir að nokkrar íbúðanna verði nýttar til leigu og tímabundinnar búsetu fyrir starfsfólk HR og fyrirtækja sem starfa fyrir HR eða önnur þekkingarfyrirtæki, sem tengjast háskólanum. Syðst á svæðinu, næst HR, verður þjónustukjarni með fjölbreyttri þjónustu.

Það eru Kanon arkitektar sem hanna byggingarnar, verktaki er JÁverk og Landsbankinn fjármagnar framkvæmdirnar.

ru.is

■ Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, Eygló M. Björnsdóttir, formaður Stúdentafélags HR, Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík tóku fyrstu skóflustunguna að fyrsta áfanga Háskólagarða HR.

■ Framkvæmdir ganga hratt og vel við Háskólagarða HR við rætur Öskjuhlíðar. Þar verða til 125 námsmannaíbúðir í fyrsta áfanga.

■ Svona á fyrsti áfangi Háskólagarða HR að líta út að loknum framkvæmdum.

MD VÉLAR
REYNSLA – ÞEKKING – RÁÐGJÖF

SPRINKLER SYSTEM – VATNSÚÐAKERFI
ÞENSLUTENGI

Metraflex
for pipes in motion

Nýjung í benslutengjum fyrir Sprinkler System

FireLoop-tengin frá Metraflex

- Einstakur hreyfanleiki
- Taka mun minna pláss en fyrri lausnir
- Auðveld í uppsetningu
- Hönnuð fyrir jarðskjálftasvæði
- UL Listed og FM Approved

Vagnhöfða 12 | 110 Reykjavík | Sími 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | www.mdvelar.is

Hjá okkur færðu allt fyrir öryggið!

Heyrnarhlífar - samskiptabúnaður - fatnaður - hjálmar - gleraugu hanskar - skór - dælur - fallvarnir - blakkir - grímur - höfuðljós úðabrúsar - rafstöðvar - teppahreinsivélar - sokkar - gasmælar eyrnatappar - fyrsta hjálp og margt fleira.

Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.

65 1954-2019
DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

Mikil umsvif á Blönduósi

Endurbyggður Blönduskóli og gagnaver

Stærsta einstaka framkvæmd sveitarfélagsins Blöndós á yfirstandandi ári, er endurbygging eldri húsnæðis, ásamt viðbyggingu við Blönduskóla. Valdimar O. Hermannsson sveitarstjóri segir að um sé að ræða endurbyggingu á bakhúsi aftan við eldri byggingu skólans, þar sem áður var yfirbyggð sundlaug með búningsklefum. Heildarkostnaður er áætlaður um 300 milljónir. Framkvæmdir eru hafnar að loknu útboði í fyrstu áfanga verksins, sem fram fór nú á vordögum.

Stækkað um 619 fermetra

Valdimar segir heildarstærð þessarar viðbyggingar verða 619 fermetrar, sem skiptast í 436 fermetra hæð og 183 fermetra í kjallara. „Við munum dreifa þessari framkvæmd á þrjú til fjögur ár. Fyrsti áfanginn hefst á þessu ári með niðurrifi, grunnvinnu við lagnabreytingar og uppsteypu og er stefnt á að komast undir þak fyrir veturinn eða í árslok. Um er að ræða stærstu einstöku framkvæmd sveitarfélagsins á þessu ári og væntanlega næstu ár, þar sem í ár verður framkvæmt fyrir á bilinu 60 til 90 milljónir króna," segir hann.

Í nýrri viðbyggingu munu m.a. verða verknámsstofur fyrir skólann, aðstaða fyrir smíðakennslu og heimilisfræði og að auki tvær fjölnota kennslustofur. Geymslu- og lagnarými verður í kjallara þar sem áður var sundlaug. Þá verður aðstaða fyrir framleiðslueldhús við mötuneyti skólans stækkað.

Hraðamet við byggingu gagnavers

Önnur stór framkvæmd á vegum sveitarfélagsins, á yfirstandandi ári er að leggja veitur, þ.e. vatnsveitu og fráveitu, ásamt öðrum lögnum, frá bænum að nýja gagnaverssvæðinu sem byggðist upp á síðasta ári. Þar er nú risið nýtt og glæsilegt gagnaver, sem er um 4000 fermetrar undir þaki, í alls 6 byggingum, ásamt þjónustuhúsi og tengibyggingu. Um er að ræða gagnaver sem sérhæfir sig í reiknigetu, og var það byggt á mettíma, þar sem skóflustunga var tekin, 23. maí 2018, en fomleg opnun og vígsla var 21. maí 2019. Hvert hús var innréttað og tekið í notkun á byggingartímanum, sem hefur að mati Valdimars örugglega slegið met í uppbyggingu.

■ Stærsta einstaka framkvæmdin á vegum Blönduósbæjar í ár er endurbygging á eldra húsnæði Blönduósskóla ásamt viðbyggingu sem reist verður við skólann.

Kostnaður sveitarfélagsins við þessar tengiframkvæmdir er áætlaður allt 50 milljónir, en Valdimar segir verkið væntanlega boðið út nú í sumar. „Þessi framkvæmd mun styrkja gagnaverssvæðið til muna, bæði fyrir núverandi starfsemi og til framtíðar litið," segir Valdimar.

Er sameignin munaðarlaus?

Vanda þarf til verka við rekstur atvinnuhúsnæðis eins og annarra fjöleignarhúsa en oft vill það brenna við, sérstaklega í húsum með dreifðu eignarhaldi, að sameignin verði hálf munaðarlaus.

Oftar en ekki, þegar Eignaumsjón tekur við rekstri og umsjón atvinnuhúsnæðis, þarf fyrst af öllu að vinda ofan af allskyns vandamálum og fjármálaóreiðu. Þannig var til dæmis eitt félag með margra milljóna króna vanskilakröfur á sig vegna framkvæmda en ekkert hafði verið hugað að því að koma upp framkvæmdasjóði til að mæta þessum útgjöldum, né heldur að spá í vsk-endurgreiðslur vegna umræddra framkvæmda.

Mörg dæmi eru um að rekstrarfélög hafi sett í gang innheimtu í banka fyrir gjöldum og reikningum, sem eru borgaðir eftir því sem peningar eru til, en enginn er í raun að fylgjast með því að staðið sé við allar skuldbindingar félagsins því viðkvæðið hjá mörgum er oftar en ekki að þessi mál séu ekki á þeirra ábyrgð – einhver annar á að annast þetta!

Hlutlaus og fagleg þjónsuta

Hjá Eignaumsjón er allt kapp lagt á gera rekstur félaga sem koma í þjónustu bæði markvissari og ódýrari með faglegum og skilvirkum vinnubrögðum, gagnsæi í rekstrinum og aðgengilegum upplýsingum um allar ákvarðanir með hlutleysi og fagmennsku að leiðarljósi.

Þannig verður Eignaumsjón skrifstofa viðkomandi félags og hefur vakandi auga með öllu, sér um bókhald og fjármál og annað sem lítur að rekstrinum, samkvæmt samþykktum sem stjórnendur félagsins hafa samþykkt.

Húsumsjón Eignaumsjónar

Æ fleiri rekstrarfélög eru líka farin að nýta sér Húsumsjón Eignaumsjónar, sem er nýleg þjónustuleið fyrir bæði hús- og rekstrarfélög sem tryggir reglubundna umsjón með sameign fasteignar og betri umgengni. Þá er fylgst með því að þrif og önnur aðkeypt þjónusta sé vel af hendi leyst, skipt um perur og tryggt að skrár og lamir séu í lagi. Einnig er fylgst með ástandi og búnaði viðkomandi eignar, s.s. aðgangs-, hita- og snjóbræðslukerfum, lyftum, sorphirðu, raf- og pípulögnum og brunavörnum. Fyrirbyggjandi viðhaldi er jafnframt sinnt og bent á úrbætur þegar við á.



■ Flokkun á rusli er oft ábótavant og sorptunnur ekki tæmdar nægilega oft.



■ Umgengni í sorpgeymslum er oft slæm og ekki hægt að tæma sorpílát.

■ Dæmi um breytingar á sameign inni eftir að rekstrarfélag kom í Húsumsjón hjá Eignaumsjón.



■ Hér hefur verið tekið til á útisvæði eftir að rekstrarfélag kom í Húsumsjón hjá Eignaumsjón.

Slæm umgengni í sorpgeymslum

Það er reynsla Húsumsjónarmanna Eignaumsjónar að oftast séu það sorp-, lýsingar- og aðgangsmál sem þurfi helst að huga að. Umgengni í sorpgeymslum er mjög oft vandamál, bæði flokkun og almenn umgengni. Þá er ástandið oft slæmt í sameign félaga sem eru að byrja í Húsumsjón. Þar hefur gjarnan verið skilið eftir allskyns dót, bæði úti og inni, sem enginn virðist eiga. Þá er strax farið í að koma skikki á alla umgengni um sameignina í samstarfi við stjórn viðkomandi félags.

Frá því Eignaumsón hóf að bjóða upp á Húsumsjónina hefur viðskiptavinum fjölgað jafnt og þétt en hægt er að ákveða tíðni heimsókna eftir þörfum og óskum hvers og eins. Mikil áhersla er lögð á skráða verkferla og fylgt ákveðinni verklýsingu fyrir hvern viðskiptavin. Að lokinni hverri heimsókn er svo skilað skýrslu með myndum um það sem gert var og hvað betur mætti fara, enda skipta góð samskipti og upplýsingagjöf til viðskiptvina sköpum fyrir þjónustufyrirtæki eins og Eignaumsjón.

eignaumsjon.is

KOPAR ÁL
SINK BÁRUPLAST

METAL

Suðurhrauni 12b - 210 Garðabæ | 545 4600 | Fax 545 4601 | metal@metal.is

Akureyrarflugvöllur

Framkvæmdir vegna nýs aðflugsbúnaðar

Framkvæmdir hafa staðið yfir nú í vor við flugbraut Akureyrarflugvallar vegna uppsetningar á nýjum aðflugsbúnaði vallarins. Uppsetningu búnaðarins á að vera lokið í september næstkomandi en efni hefur verið keyrt í uppfyllingar sem síðan þarf að fergja og láta síga til fulls áður en sjálfur búnaðurinn verður settur upp. Hjördís Þórhallsdóttir, flugvallarstjóri ISAVIA á Akureyrarflugvelli, segir tilkomu búnaðarins breyta miklu fyrir völlinn.

■ Plan er nú komið við norðvestanverða flugbraut Akureyrarflugvallar þar sem aðflugsbúnaður verður settur upp síðsumars.

Auðveldar markaðssetningu flugvallarins

„Búnaðurinn verður á tveimur stöðum við völlinn, þ.e. við norðvestanverða flugbrautina þar sem nú er verið að keyra efni í uppfyllingu og við suðaustanverða brautina þar sem fylling er þegar komin en verið er að láta hana síga til fulls. Á þessum plönum koma lítil hús með búnaði og á fyllingunni við norðanverða brautina kemur 14 metra hátt mastur, líkt og nú þegar er komið við suðurenda brautarinnar," segir Hjördís. Núverandi aðflugsbúnaður vallarins tekur til aðflugs úr suðri en nýi búnaðurinn er í raun speglun á þeim sem fyrir er og tekur til aðflugs úr norðri. Þetta segir Hjördís breyta hvað mestu fyrir aukningu sem orðin er og mun fyrirsjáanlega verða á næstunni í beinu þotuflugi erlendis frá.

„Nýi búnaðurinn er hefðbundinn fyrir millilandaflugvelli og sem dæmi þá setja lággjaldaflugfélög sem skilyrði fyrir lendingum á flugvöllum að þeir séu með slíkum aðflugsbúnaði. Tilkoma hans fyrir okkur hér á Akureyrarflugvelli er því mikill áfangi í framtíðarþróun vallarins. Þetta skref þýðir í raun að fleiri flugrekstraraðilar treysta sér til að koma hingað inn án þess að þurfa að þjálfa flugmenn til þess sérstaklega. Með tilkomu búnaðarins verður auðveldara að markaðssetja Akureyrarflugvöll," segir Hjördís en heildarkostnaður þessarar framkvæmdar nemur um 180 milljónum króna.

Brýnt að stækka flugstöðina

Breska ferðaskrifstofan SuperBreak flaug síðastliðinn vetur með ferðamenn frá Bretlandi til Akureyrar tvisvar í viku, annan veturinn í röð. Vikulegt flug frá Rotterdam til Akureyrar hófst í maí og er áætlað að fljúga einnig þaðan um miðbik næsta vetrar þannig að fastar þotulendingar verða fjórar í hverri viku þar sem reiknað er með að SuperBreak haldi sínum ferðum áfram næsta vetur.

Hjördís segir knýjandi að stækka flugstöð Akureyrarflugvallar en þar verður þröng á þingi þegar afgreiða þarf stórar þotur.

„Það leggjast allir á eitt hér innanhúss að láta þetta ganga upp, bæði starfsfólk og farþegar. Við getum ekki beðið í mörg ár eftir stækkun flugstöðvarinnar en það skref er fyrst og fremst spurning um fjármagn. Á meðan erum við að skoða hvaða möguleika við höfum í tilfærslum hér innanhúss til að skapa okkur betra rými en það eykur vissulega bjartsýni að finna verulega aukinn áhuga á úrbótum til framtíðar hvað flugstöðina varðar," segir Hjördís.

Við höfum varðveitt ylinn í íslenskum húsum í 60 ár

CE-vottuð einangrun á að vera í öllum byggingum á Íslandi

Hágæða einangrunarplast

- fyrir sökkla
- undir gólfplötur
- á útveggi og þök

TEMPRA
einangrun – umbúðir

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@tempra.is • www.tempra.is

Sigríður Ósk Bjarnadóttir skrifar

Loftslagsbreytingar og álag og öryggi bygginga

Hitastig jarðar hefur hækkað á síðustu öld. Þessi hlýnun hefur í för með sér bráðnun jökla, hækkun sjárvarmáls, hlýnun sjávar og auknar líkur á öfgaveðri. Vísindamenn eru almennt sammála um að þessi hlýnun sé af manna-völdum. Það hefur verið mikil aukning í losun á gróður-húsalofttegundum á síðustu árum vegna aukins iðnaðar. Gróðurhúsalofttegundir eru koltvíoxíð (CO_2), vatnsgufa, metan, tvínituroxíð (N_2O), óson (O_3) og ýmis halógen-kolefnissambönd. Þessar lofttegundir eru í daglegu tali nefndar gróðurhúsalofttegundir vegna þess að þegar þeim er hleypt út í loftið virka þær eins og gler í gróðurhúsi og halda sólar-varma innan lofthjúpsins.

■ Sigríður Ósk Bjarnadóttir, bygg-ingaverkfræðingur Ph.D. hjá VSÓ ráðgjöf.

■ „Allar rannsóknir benda til þess að aðstæður eigi eftir að breytast og þegar við erum að horfa á 50 til 100 ára líf-tíma bygginga þarf að meta þessar breytingar og vera tilbúin fyrir framtíðina.“

Loftslagsbreytingar og veðurfar

Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) spáir því að hitastig jarðar muni hækka um 0,3 til 4,8°C á næstu hundrað árum. Hitastig jarðar hefur þegar hækkað um 0,8°C á síðustu hundrað árum. Mikil hröðun hefur átt sér stað á síðustu 30 árum þar sem 75% af hækkuninni hefur átt sér stað á þeim tíma. Rannsóknir sýna fram á það að hitastigið á Íslandi gæti hækkað um 1,4-2,4°C fyrir lok þessarar aldar.

IPCC varar einnig við því að veðurfar muni breytast á komandi árum vegna breytinga á loftslagi. Spár sýna að úrkoma muni líklegast aukast um 2-4% fyrir hverja gráðu sem hitastigið hækkar. Þurrum dögum, eða dögum án úrkomu, muni þar af leiðandi að öllum líkindum fækka. Erfitt er að segja til hvernig vindhraði eða hvassviðri muni breytast. Flestar rannsóknir benda til þess að vind-styrkur muni hækka lítillega á norðurslóðum. En hins vegar má búast við aukningu í úrkomuákefð og öfgaveðri.

55 ríki undirrituðu Parísarsátt-málann 2015 með það að mark-miði að draga úr losun gróður-húsalofttegunda og halda hlýnun innan við 2°C á þessari öld. Ísland er aðildarríki að sáttmálanum og hefur það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030. En þrátt fyrir þessa stefnu eru við nú þegar byrjuð að glíma við þær afleiðingar sem fóru af stað í kjölfar iðnbylt-ingarinnar.

Öryggi og áreiðan-leiki bygginga

Byggingar eru hannaðar til þess að standast ákveðnar álagsforsendur, þ.e.a.s. efnisstyrkur þarf að vera nægur til þess að standast ákveðið álag. Grunnstaðall Eurocode, EN 1990, inniheldur m.a. upplýsingar um álagsforsendur. Hins vegar eru upplýsingar um efnisstyrk bygg-ingaefna yfirleitt að finna hjá fram-leiðendanum sjálfum. Við hönnun er því verið að tryggja áreiðanleika bygginga og lágmarka þar með tjón. Til þess að ákvarða áreiðan-leika er líkindafræðilegum aðferð-um beitt.

Fyrri myndin sýnir áreiðan-leikagreiningu í sinni einföldustu mynd. Við sjáum líkindaferlana fyrir álag og styrk með ákveðni óvissu. Byggingar eru hannaðar þannig að styrkur byggingar er meiri en álagið sem reiknað er með en þrátt fyrir það eru óvissuþættir þannig að tjón verður alltaf óhjá-kvæmilegt. Það er til dæmis ákveð-in óvissa í framleiðslu á byggingar-efnum og í uppbyggingu bygginga. Það má reikna með meiri óvissu þegar það er verið að áætla álag vegna veðurs, þess vegna er ferilinn fyrir álagið breiðari með lægri topp. Það er of kostnaðarsamt að hanna til að koma í veg fyrir öll tjón og þess vegna skarast ferlarnir alltaf eitthvað.

■ Áreiðanleikagreining í sinni ein-földustu mynd.

Álagsforsendur og veðurfar

Álagsforsendur eru að hluta til ákvarðaðar út frá veðurfari. Bygg-ingar þurfa að standast ákveðið álag frá veðri eins og til dæmis vindálag, rigningarálag og snjóálag. Þegar álagsforsendurnar eru ákvarðaðar er litið til fortíðarinnar. Ef gert er ráð fyrir því að veðurfar muni breytast vegna aukinna gróð-urhúsalofttegunda þá þarf að skoða hvaða breytingar eiga eftir að eiga sér stað á líftíma byggingarinnar.

Helstu líkön sem skoða áhrif loftslagsbreytinga á veðurfar horfa 50 til 100 ár fram í tímann sem samsvarar vel áætluðum líftíma bygginga. Ef við erum að hanna byggingu núna sem á að standa í 50 til 100 ár þá þarf hún að vera í stakk búin til að standast það álag sem er áætlað eftir 50 til 100 ár.

Skoðum aftur einfalda mynd af áreiðanleikagreiningu en tökum nú tillit til loftslagsbreytinga. Fyrir þetta einfalda dæmi er skoðuð 5% aukning í álagi. Þegar loftslags-breytingar eru skoðaðar má vænta meiri óvissu í veðurfari og þess vegna er ferillinn nú breiðari en áður. Ef styrkur byggingar er ennþá sá sami þá má reikna með töluvert meira tjóni eins og greini-lega sést á myndinni.



■ Áreiðanleikagreining að teknu tilliti til loftslagsbreytinga.

Aðlögun til að draga úr tjónnæmi

Náttúruhamfaratryggingar Íslands reikna að um einn fjórði af tjóna-kostnaði síðustu þrjátíu ára á Ís-landi sé tilkominn vegna atburða tengdum loftslagi. Tryggingarfélög í Bandaríkjunum og Bretlandi eru nú farin að mælast til þess að bygg-ingar, staðsettar á skilgreindum hættusvæðum, séu hannaðar á grunnvelli álagsforsendna sem eru 10-20% hærri en hönnunarfor-sendur í byggingareglugerð segja til um. Með því að hækka grunngildi álags er verið að knýja fram sterkari hönnunarlausnir. Til dæmis eru tengingar milli byggingahluta oft veikur hlekkur í utanhúsklæðningu en með því að hækka álagsforsend-ur er verið að tryggja þéttari teng-ingar sem þola tíðari öfgaveður.

Ef það má áætla að veðurfar breytist vegna breytinga í loftslagi verða byggingarnar okkar ekki að vera tilbúnar til þessa að standast það álag? Það er þarft að skoða hversu mikilla breytinga í álagsfor-sendum má vænta á næstu 100 ár-um. Það er einnig nauðsynlegt að skoða hversu kostnaðarsamt það er að bregðast við þessum breyting-um. Meta þarf hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að draga úr tjónnæmi bygginga og athuga hversu lengi þær eru að borga sig. Einnig þarf að skoða hvað á að gera til þess að styrkja byggingarnar og mannvirkin sem eru nú þegar í notkun til að lágmarka tjón og kostnað í framtíðinni. Allar rann-sóknir benda til þess að aðstæður eigi eftir að breytast og þegar við erum að horfa á 50 til 100 ára líf-tíma bygginga þarf að meta þessar breytingar og vera tilbúin fyrir framtíðina.

Getur þú hugsað þér **daglegt líf án rafmagns?**







RARIK rekur í dag stærsta dreifikerfi raforku á Íslandi. Frá árinu 1991 hafa loftlínur markvisst vikið fyrir jarðstrengjum sem aukið hefur rekstraröryggi dreifikerfisins og dregið úr sjónrænum áhrifum þess. Nú þegar eru um 59% dreifikerfis RARIK í jarðstrengjum og stefnt er að því að allt kerfið verði komið í jörð árið 2035.

www.rarik.is

RARIK

Fjölnota íþróttahús sem tengja saman kynslóðir

Sumarið 2016 stóð íslenska þjóðin á öndinni, Karlalandsliðið okkar í knattspyrnu var í fyrsta skipti á stórmóti þar sem þeim tókst að fanga hug og hjörtu knattspyrnuunnenda um allan heim með frammistöðu sinni. Það má segja að fulltrúar fámennustu þjóðar sem komist hefur á EM hafi í raun staðið uppi sem sigurvegarar, þrátt fyrir að gullið hafi farið annað. Glaðbeittu mennirnir í bláu treyjunum náðu til þúsunda barna, kveiktu áhuga þeirra á íþróttinni og hvöttu aðra til að halda áfram að æfa og gera enn betur.

■ Fjölnota íþróttahús á Selfossi. Mynd: Alark arkitektar ehf.

■ Fjölnota íþróttahús í Garðabæ. Mynd: ASK arkitektar ehf.

Iðkendum fjölgaði umtalsvert hér á landi og ljóst var að víða yrði þörf á bættri æfingaaðstöðu til að þjónusta aukinn fjöldann. Það voru ekki einungis börnin sem vildu stefna hærra, velgengni karla- og kvennalandsliðsins í knattspyrnu hefur einnig minnt fullorðna fólkið á mikilvægi hreyfingar. Regluleg hreyfing er góð leið til þess að vinna gegn andlegum og líkamlegum sjúkdómum og rannsóknir hafa sýnt að aldraðir sem stunda reglubundna hreyfingu hafa andlegt og félagslegt forskot fram yfir kyrrsetufólk. Þá sýna rannsóknir að þátttaka barna og unglinga í skipulögðu frístundastarfi hefur forvarnargildi. Ljóst er að ávinningur þess að bjóða fólki upp á að stunda íþróttir allan ársins hring er töluvert mikill.

Þessa dagana hefur Verkís verkfræðistofa aðkomu að byggingu fimm íþróttahúsa; í Garðabæ, Mosfellsbæ, Suður Mjódd, á Selfossi og í Hafnarfirði. Áður hefur Verkís komið að byggingu fjölda íþróttamannvirkja, t.d. tveggja knatthúsa í Hafnarfirði, íþróttaaðstöðu í Þorlákshöfn, fjölda sundlauga hér á landi og erlendis og íþróttamiðstöðvum um land allt.



■ Gunnar Kristjánsson, verkefnastjóri á Byggingarsviði Verkís.

■ Eiríkur Steinn Búason, viðskiptastjóri íþróttamannavirkja hjá Verkís.

„Það er mikill áhugi hjá íþróttahreyfingunni fyrir bættri aðstöðu til íþróttaiðkunar hér á landi. Íþróttafélögin hafa óskað eftir bættri umgjörð hjá sínum félögum og þá er mikið horft til fjölnota íþróttahúsa sem verða sífellt vinsælli. Í þeim húsum er áhersla lögð á vel útfærð mannvirki sem eru hagkvæm í rekstri og hönnuð samkvæmt hugmyndafræði algildrar hönnunar, þ.e. hönnun með aðgengi fyrir alla. Í þessum húsum er boðið upp á knattspyrnuvelli í mismunandi stærðum auk göngubrauta eða skokkhringja sem nýtast vel fyrir eldri borgara, skokkhópa og hinn almenna borgara. Íþróttahúsin eru sem sagt fyrir fólk á öllum aldri og nýtast til að tengja saman kynslóðir. Hugmyndin er að húsin nýtist sem nokkurs konar miðstöð sem hægt er að sækja frá unga aldri og út ævina," segir Gunnar Kristjánsson, verkefnastjóri á Byggingarsviði Verkís. Gunnar hefur undanfarin ár sinnt verkefnisstjórnun á nokkrum íþróttahúsum sem munu rísa hér á landi á næstunni.

Auðveldara að æfa allan ársins hring

Gunnar segir mikilvægt að íþróttafélög hafi aðgang að húsum sem þessum að vetri til. „Það er oft erfitt að halda uppi útiæfingum í íslensku vetrarveðri. Áður fyrr æfðu margir fótbolta yfir sumarið og tóku sér síðan hlé eða skiptu yfir í aðrar íþróttir yfir veturinn. Með tilkomu yfirbyggðu fjölnota íþróttahúsanna er hægt að æfa fótbolta allan ársins hring, sem og aðrar íþróttir," bendir hann á og bætir við að gera megi ráð fyrir að þátttaka í íþróttum hafi aukist og muni halda áfram að aukast með tilkomu húsanna.

„Við erum meðal annars að vinna að hönnun fjölnota íþróttahúss á lóð UMFS á Selfossi. Verkís sér um fullnaðarhönnun á íþróttahúsinu auk hönnunar- og verkefnastjórnunar. Verkefnið er unnið í nánu samstarfi við Alark arkitekta ehf. Í fyrsta áfanga hússins er hálfur knattspyrnuvöllur og aðstaða fyrir frjálsar íþróttir. Fullbyggð mun íþróttamiðstöðin verða nálægt 22 þúsund fermetrum," segir Eiríkur Steinn Búason, viðskiptastjóri íþróttamannvirkja hjá Verkís og aðstoðarverkefnisstjóri hússins á Selfossi.

„Verkís sér einnig um alla verkfræðihönnun vegna fjölnota íþróttahúss í Garðabæ, auk landslagshönnunar. Þar verður rými fyrir knattspyrnuvöll í fullri stærð innanhúss, auk upphitunaraðstöðu með tilheyrandi stoðrýmum. Uppbyggingin er í anda viljayfirlýsingar sem undirrituð í vor um að bærinn verði heilsueflandi samfélag," segir Eiríkur Steinn. Verkefnið er unnið í samstarfi við ASK arkitekta. Magnús Skúlason, byggingarverkfræðingur á Byggingarsviði Verkís, er verkefnisstjóri hússins.

Það eru spennandi tímar í hönnun íþróttamannvirkja á Íslandi og Verkís fagnar því að fá að taka þátt í uppbyggingu innviða hjá nokkrum af þróttmestu íþróttafélögum landsins.

verkis.is

Átak í uppbyggingu ferðamannastaða

Á næstu þremur árum er ætlunin að verja ríflega þremur og hálfum milljarði króna til uppbyggingar ferðamannastaða sem notið hafa vinsælda og um leið ágangs af völdum ferðamanna. Átak í þessum efnum hófst í fyrra og verður fram haldið næstu árin. Úthlutun úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða og Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fór fram fyrir skömmu og í sumar verður unnið við endurbætur á 130 fjölsóttum stöðum.



■ Aðgengi ferðamanna að Dynjanda hefur verið stórbætt.

■ Senn verður ráðist í fyrsta áfanga hjólaleiðar við Jökulsárgljúfur sem liggur frá Ásbyrgi í átt að Dettifossi.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, tilkynntu um úthlutunina á dögunum. Þetta er í annað sinn sem kynnt er sameiginlega um úthlutun úr þessum sjóðum en frá því í fyrra hafa innviðir verið byggðir upp á fjölmörgum stöðum, t.d. við Dynjanda, í Þingvallahrauni, við Rútshelli undir Eyjafjöllum og við Stuðlagil í Jökuldal sem óvænt hefur orðið vinsæll ferðamannastaður. Í áætluninni nú er ekki einungis horft til stakra staði í náttúrunni heldur lögð áhersla á heildræna nálgun í gegnum svæðisheildir og skilgreindar leiðir sem liggja á milli staða. Hvítserkur við Vatnsnes er dæmi um stað þar sem bæta á öryggi gesta og aðgengi niður í fjöruna. Bætt aðgengi við þrjá manngerða hella við Ægissíðu á bökkum Ytri-Rangár er dæmi um svæðisheild. Þá er áætlað að ráðast í fyrsta áfanga hjólaleiðar við Jökulsárgljúfur sem liggur frá Ásbyrgi í átt að Dettifossi.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitir að þessu sinni styrki til 40 verkefna og nemur heildarstyrkupphæðin alls 505 milljónum króna. Hæsti styrkurinn fer til innviðauppbyggingar við Goðafoss sem er nú kominn á lokastig eftir markvisst uppbyggingarstarf á undanförnum árum. Önnur verkefni sem fá hærri en 30 milljóna króna styrki eru Breiðin á Akranesi, Laufskálavarða í Álftaveri, Reykjadalur og Hveradalir í Ölfusi.

Auk þeirra ráðstafana sem gerðar eru með úthlutun Landsáætlunar og Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er áætlað að verja um 1,3 milljörðum króna sérstaklega til landvörslu á næstu þremur árum. Þetta er gert til að tryggja ráðningu heilsársstarfsmanna sem og mönnun á háannatíma á fjölsóttum stöðum og friðlýstum svæðum.

3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI

TENGDU 2 SÍMA VIÐ HEYRNARHLÍFINA

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint. Samskiptamöguleiki við 2 síma, FM útvarpi og umhverfishljóðnema. Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi þar sem míkrafónnin í heyrnarhlífin útilokar allan umhverfishávaða.

Kemi ehf | Tunguhálsi 10 | Sími 415 4000 | kemi@kemi.is | www.kemi.is

■ Við hönnun lýsingar á svæðinu er borin virðing fyrir gömlu steinbryggjunni og yfirborði hennar haldið óupplýstu að mestu.

Mynd: Mannvit.

Lýsingin getur gert gæfumuninn

Þegar framkvæmdir stóðu yfir við endurgerð Tryggvagötu og Bæjartorg í miðborg Reykjavíkur í fyrrasumar kom gamla steinbryggjan í ljós en hún var byggð af bæjarsjóði Reykjavíkur árið 1884. Steinbryggjan þótti á sínum tíma dýr framkvæmd en hún tók við af gömlu trébryggjunum út af fjörukambinum sem voru í einkaeigu kaupmanna. Bryggjan var vel sýnileg fram að seinni heimsstyrjöld, en hefur í gegnum tíðina aðeins skotið upp kollinum við gatnaframkvæmdir og lagnavinnu. Í ljósi sögunnar var ákveðið að breyta hönnun götunnar og gera bryggjuna sýnilega. Landmótun var falin hönnun svæðisins ásamt Mannviti verkfræðistofu sem sá m.a. um lýsingarhönnun svæðisins. Framkvæmdum á svæðinu lýkur í sumar.

Virðing fyrir gömlu bryggjunni

„Okkar þáttur var að hanna lýsingu á þessu svæði en við sérhæfum okkur m.a. í hönnun lýsingarkerfa í allar gerðir mannvirkja. Í þessu verkefni stóð Reykjavíkurborg mjög vel að verki og tryggði að lýsingarhönnuður væri hluti af hönnunarteyminu allt frá byrjun til að hann gæti haft áhrif á ferlið í samráði við aðalhönnuð verksins. Við hönnun lýsingarinnar vildum við tryggja að borin væri virðing fyrir gömlu steinbryggjunni og því er yfirborði hennar haldið óupplýstu að mestu. Hins vegar komum við fyrir hófstilltri dimmanlegri lýsingu umhverfis sjálfa bryggjuna og er hún að mestu falin í bekkjum, handriðum og veggjum. Þannig myndar umhverfi hennar jafnvægi við annars óupplýsta bryggju. Þá má nefna að eitt einkenni bryggjunnar verður útskorin, pixluð veggmynd sem vísar í bryggjuna og næsta umhverfi en myndin er baklýst og birtir þannig myndina í gegnum opnanir á klæðningu veggjarins. Þetta mun koma glæsilega út," segir Andri Garðar Reynisson, arkitekt og lýsingarhönnuður hjá Mannviti.

■ Eitt einkenni bryggjunnar verður út skorin, pixluð veggmynd sem vísar í bryggjuna og næsta umhverfi.

Mynd: Landmótun.

Framfarir í lýsingarhönnun

Andri Garðar segir að á torginu við hlið bryggjunnar verði lágstemmd lýsing í jörðu, nokkurs konar ratlýsing sem mótar og gerir grein fyrir áframhaldi bryggjunnar eins og hún var á sínum tíma. Á völdum punktum torgsins verði svo komið fyrir sérhönnuðum lömpum en þeir eru hálfgerðar ljósasúlur sem rísa fjóra metra frá jörðu og eiga vísa í möstur skipa sem tróna yfir bryggjunni.

Andri Garðar leggur áherslu á að það sem geri borgir aðlaðandi séu ekki endilega stærstu og merkustu byggingarnar heldur svæðin og þær aðstæður sem mótast á milli þeirra. „Þetta eru svæðin sem íbúar þekkja og njóta dags daglega, svæðin sem gera borg að borg. Lýsingin skiptir hér gríðarlegu máli og er órjúfanlegur þáttur í upplifun einstaklinga af svæðinu. Góð lýsing snýst um þetta viðkvæma jafnvægi ljóss og skugga og ef vel tekst til getur hún upphafið arkitektúrinn og alla hönnun svæðisins og þannig haft mikið fagurfræðilegt gildi. Ég vona að eitt slíkt svæði sé að myndast í miðborg Reykjavíkur."

„Lýsingarhönnun er fag sem er sífellt að uppfærast með tilkomu nýrra upplýsinga og því er mikilvægt að hönnuðir fylgist vel með því fagið er í stöðugri þróun. LED tæknin opnar alveg nýjar víddir og möguleikarnir nánast endalausir. Ég finn t.d. fyrir því að arkitektar og verkkaupar eru orðnir mun kröfuharðari um gæði lýsingar og meðvitaðri hvað markaðurinn hefur upp á að bjóða. Þeir sætta sig ekki við hvað sem er lengur. Lýsing getur nefnilega upphafið góðan arkitektúr rétt eins og önnur lýsing getur dregið hann niður."

Falleg á sinn hátt

Áslaug Traustadóttir landslagsarkitekt FÍLA hjá Landmótun og hennar hönnunarlið sér um hönnun á torginu fyrir Reykjavíkurborg í samvinnu við Mannvit.

„Þegar steinbryggjan kom í ljós reyndist hún ótrúlega heilleg og falleg á sinn hátt. Hófst þá spennandi tími við að fella bryggjuna við þáverandi hönnun á Tryggvagötu og Bæjartorgi. Bryggjan er lögð grágrýti og ennþá má sjá ýmsar festingar úr ryðguðu járni. Bryggjan hallar og myndar gróp í átt að sjónum. Opnað var niður á yfirborð bryggjunnar eins og hægt var án þess að takamarka um of eðlilegt gönguflæði og hönnunin umhverfis miðar af því beina athygli að bryggjunni. Unnið var með efni sem fellur að útliti steinbryggjunnar; setþrep úr bryggjutimbri mynda skjólsæla aðstöðu í gróp-inni, grágrýti er notað í lága kanta, þrep og rampa og cortenstál þekur vegg sem heldur við hæðarmun að Tollhúsi. Stálveggurinn er jafnframt nokkurskonar lágmynd þar sem misstór göt sýna báta liggja við bryggjuna ef vel er að gáð. Steinbryggjan er ákaflega skemmtileg viðbót við miðborgina og áhugavert að sjá handverk frá fyrri tímum á þennan hátt."

■ Steinbryggja er á milli Tryggvagötu og Geirsgötu, austan Tollhússins.

Holtahverfi á Akureyri

Búsfesti vill byggja 130 til 160 íbúðir á svæðinu

■ Fram er komin hugmynd um að byggja fjölbýlishús og raðhús í Holtahverfi, austan Krossanesbrautar. Gangi áform eftir verða allt að 160 nýjar íbúðir byggðar á þessu svæði.

Húsnæðissamvinnufélagið Búfesti kynnti á aðalfundi sínum á dögunum hugmyndir um nýbyggingar sem félagið hefur verið með í undirbúningi undanfarin misseri. Um er að ræða heildstæða nýtingartillögu fyrir reit í Holtahverfi, á svæði við Jötunfell og Bárufell, en félagið hefur þegar lagt þá tillögu inn til skipulagsyfirvalda.

Búfesti hét áður Búseti á Norðurlandi og starfar bæði á Akureyri og Húsavík. Á Akureyri er m.a. unnið á grundvelli viljayfirlýsingar félagsins í samstarfi við Félag eldri borgara á Akureyri og nágrenni og Akureyrarbæjar. Félagið hefur þegar fengið úthlutað lóðum við Skarðshlíð undir 6 íbúðir í parhúsi og raðhúsi og verður hafist handa við byggingu þeirra um leið og undirbúningsgögn liggja fyrir. Þá hefur félagið kannað byggingalóðir við Vestursíðu undir 10 til 16 íbúðir og við Gránufélagsgötu 22 undir 6 til 8 íbúðir.

60% fyrir 60+

Hugmyndin gengur út á að byggja 7 til 8 smærri fjölbýlishús á þremur til fjórum hæðum og 33 raðhús á tveimur til þremur hæðum með þægilegri aðkomu og útisvæðum, en alls yrðu á svæðinu á bilinu 130 til 160 íbúðir. Gert er ráð fyrir að um 60% íbúðanna verði í forgangi fyrir aldurhópinn 60 ára og eldri og er hönnun íbúða og sameignar miðuð við þarfir eldri borgara.

Fram kom á aðalfundinum að fjöldi íbúða og byggingahraði mun ráðast af eftirspurn, en hagkvæmasta nýting næst einungis með því að einn aðili haldi á verkefninu og raðsmíðalausnir virki á þann hátt að fermetraverð lækki. Veruleg breidd verður í stærðum en íbúðir verða frá 50 fermetrum. Einnig verða í boði 70-90 fermetra íbúðir og stærri fjölskylduíbúðir frá 100-150 fermetrar í raðhúsum og á efstu hæðum fjölbýlishúsanna.

Mismunandi þörfum verði mætt

Eldri borgarar hafa lagt áherslu á að mismunandi þörfum 60 ára og eldri verði mætt með leiguíbúðum, sveiganlegum búseturétti og að eins geti velstæðir einstaklingar fullfjármagnað sínar íbúðir. Nái tillagan fram að ganga hjá skipulagsyfirvöldum á Akureyri munu Búfesti og Félag eldri borgara á Akureyri og nágrenni leita samkomulags við Akureyarbæ um útfærslu og uppbyggingu á þjónusturými sem sinnir þeim hópi sem festir kaup á íbúð í kjarnanum.

Tillagan er unnin af arkitektum Faktabygg í Stavanger í Noregi. Fram kom á aðafundi Búfestis að þegar skipulagsráð Akureyrarbæjar hefði fengið ráðrúm til að bregðast við hugmyndinni eins og hún er lögð fram, yrði hægt að kynna áformin nánar. Skipulagsráð hefur tekið jákvætt í tillögur að skipulagi þessa svæði og hefur sviðsstjóra skipulagssviðs verið falið að vinna að því að samræma þær inn í tillögu að deiliskipulagi sem verið er að vinna fyrir Holtahverfi.

bufesti.is

VARMA & VÉLAVERK

VIÐ ERUM GÓÐIR Í HREINSUN Á FRÁVEITUVATNI

Við útvegum búnað til hverskonar hreinsunar á fráveituvatni.



Biorock. Fyrir sumarhús og bóndabæi

Vélræn eða lífræn hreinsun eftir aðstæðum á hverjum stað.

Okkar búnaður er í nær öllum núverandi fráveitu-hreinsikerfum á Íslandi.

Hafið samband við okkur og við gerum tillögur um viðeigandi búnað.



Tröppurist í kassa fyrir sveitarfélög. Vélræn hreinsun

Lífræn hreinsun fyrir sveitarfélög með viðkvæman viðtakanda

Vandað og varanlegt

VARMA & VÉLAVERK

Knarrarvogi 4 104 Rvk Sími 585 1070 vov@vov.is www.vov.is

Orkuskiptin í samgöngum eru stóra verkefnið

Rætt við Sigurð Friðleifsson, framkvæmdastjóra Orkuseturs

„Áhugi á orkuskiptum er greinilega meiri í samfélaginu en áður og þar kemur tvennt til. Annars vegar umræðan um loftlagsmálin og þörfina fyrir orkuskipti og hins vegar sífellt fleiri og spennandi lausnir til orkuskipta. Heimurinn stendur frammi fyrir því að þurfa að ráðast í orkuskipti en við Íslendingar búum hins vegar svo vel að vera búin með tvo þriðju hluta af pakkanum, þ.e. að hvað varðar heita vatnið og raforkuna. Okkar stóra verkefni á þessu sviði snýr því fyrst og fremst að samgöngum og fiskveiðum," segir Sigurður Friðleifsson framkvæmdastjóri Orkuseturs.

Sigurður segir mesta áherslu lagða á samgönguþáttinn, bæði vegna þess að hann hafi verið í hvað mestum vexti að undanförnu en einnig séu lausnir á þessu sviði hvað lengst komnar. Sem best sjáist á því að nú er talsvert úrval af rafknúnum ökutækjum sem og bílum sem nýta metan eða vetni sem orkugjafa.

„Við erum ekki komin alveg svo langt hvað skipin varðar en það styttist mjög í það. Þróunin í skipunum er á svipuðum stað og rafbílaþróunin var fyrir fimmtán til tuttugu árum," segir Sigurður.

■ Sigurður Friðleifsson við Mitsubishi MiEV sinn, sem er 10 ára gamall og elsti bíll landsins með lithium rafhlöðu.

Drægni rafbílanna dugar flestum í dag

Rafbílum á götunum fjölgar jafnt og þétt en engu að síður ber ennþá mikið á efasemdaröddunum sem segja bílana ekki hafa nægjanlega drægni á hleðslunni, hleðslustöðvar séu of fáar og fleira í þeim dúr. Sigurður telur hins vegar að lang stærstur hluti þjóðarinnar geti notað þá rafbíla sem bjóðast í dag fyrir sína daglegu notkun.

„Spurningin er hvernig á málið er horft og við höfum fallið í þá gryfju að hugsa um orkuskipti 100% og fundið á því vankantana. Við getum líka stillt málinu þannig upp að segja að við ætlum okkur að ná 90% orkuskiptum og það þýðir tölfræðilega að þá gætum við skilið 20-30.000 fólksbifreiðar eftir fyrir þá sem ættu allra erfiðast með breytingarnar vegna séraðstæðna, fjölskyldustærðar, drægniþarfar, staðsetningar heimilis, hálendisferða eða annarra slíkra þátta. Með öðrum orðum höfum við kannski orðið of hikandi í þessum breytingum vegna þess að við höfum of miklar áhyggjur af þessum hópi," segir Sigurður.

■ Rafhleðslu- og metanstöðvum mun væntanlega fjölga í framtíðinni eftir því sem orkuskipum í samgöngum vindur fram.

Þurfum að breyta hratt

Hvað varðar þá gagnrýni að uppbygging innviða, sem breyttur bílafloti þarfnast, sé of hæg segir Sigurður ekki óeðlilegt að kerfið fylgi þróuninni í bílunum eftir, auk heldur sem tækniþróunin hvað hleðslukerfið varðar sé gríðarlega hröð. „Núna er áherslan á að þétta kerfið og gera það öflugra, þ.e. búa það mun öflugri hleðslustöðvum en þekktust fyrir fáum árum," segir Sigurður og sú spurning er áleitin hvort við Íslendingar séum að hans mati á þeim stað í orkuskiptum bílaflotans sem hann hefði vonast eftir fyrir 5-10 árum að búið yrði að ná á árinu 2019.

„Ef ég á að vera alveg heiðarlegur hvað þetta varðar þá erum við komin býsna langt og lengra en ég hefði búist við. Hins vegar hlýt ég að svara þessu þannig frá faglegu sjónarmiði að við verðum að fara mjög hratt. Ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af því að orkuskipti verði ekki. Það eru engin merki sjáanleg um annað. Spurningin snýst fyrst og fremst um tíma og þar kemur til sögunnar þrýstingur sem er orðinn greinilegur vegna t.d. loftslagsmála," segir Sigurður. Hann segir að með skattlagningu á jarðefnaeldsneyti og ívilnunum þegar kemur að kaupum á bílum sem knúnir eru öðrum orkugjöfum sé hægt að hafa mikil áhrif á þróunarhraðann í samgöngum.

„Slíkar aðgerðir í bílalandi eins og Íslandi eru auðvitað stórpólitískar en þá verða innviðirnir líka að vera í mjög góðu lagi og að allir fái valkosti. Ennþá er greinilegur hópur fólks sem er tortrygginn gagnvart t.d. rafmagnsbílum og upplifir að það sé verið að taka einhverja ákveðna menningu í burtu þegar bensín- og díselmótorarnir hverfa. Ég er hins vegar ekki hræddur við þetta. Rafmagnsbílar eru stórskemmtilegir í akstri og á vissan hátt má líkja þessu saman við það þegar bíllinn tók við af hestinum í samgöngum á sínum tíma. Þrátt fyrir þá byltingu er hestamennska samt enn til staðar. Bílamenningin verður með sama hætti til staðar þó aðrir orkugjafar taki við í bílaflotanum, það er ég viss um," segir Sigurður Friðleifsson.

orkusetur.is

IÐNAÐARGASIÐ FÆST HJÁ ÍSAGA

ÍSAGA hefur í 100 ár stutt við ört vaxandi íslenskan iðnað og framleiðslu ásamt því að sjá nú heilbrigðiskerfinu fyrir hágæða súrefni á öruggan hátt.

ÞÚ FINNUR NÁNARI UPPLÝSINGAR UM SÖLUSTAÐI OG UMBOÐ FYRIR IÐNAÐARGAS Á AGA.IS

Reykjavík
ÍSAGA ehf.
Breiðhöfða 11
Sími: 577 3000

Garðabær
Metal ehf.
Suðurhrauni 12b
Sími: 545 4600

Akureyri
Sandblástur & málmhúðun hf.
Árstíg 6
Sími: 460 1500

Sauðárkrókur
Kaupfélag Skagfirðinga
-byggingavörudeild, Eyrarvegi 21
Sími: 455 4610

Ísafjörður
Þröstur Marsellíusson hf.
Hnífsdalsvegi 27
Sími: 456 3349

Reyðarfjörður
Launafl ehf, verslun
Austurvegi 20a
Sími: 414 9460 | 414 9462

Selfoss
Vélaverkstæði Þóris
Austurvegi 69
Sími: 482 3548

Vestmannaeyjar
Nethamar
Strandvegi 105
Sími: 481 3226

ÍSAGA
100 ÁRA
FYRIR IÐNAÐINN

Íslensk hús frá Lettlandi

„Húsasmiðjan hefur áratuga reynsla af sölu einingahúsa á Íslandi en Snorri heitinn Halldórsson, stofnandi fyrirtækisins hóf smíði slíkra húsa árið 1956. Við byggjum á þessari löngu hefð og bjóðum nú frábær hús frá Lettlandi sem eru hönnuð af íslenskum arkitektum og byggingatækni-fræðingum fyrir íslenskar aðstæður. Þetta eru hagkvæm og vönduð hús sem hægt er að treysta," segir Guðbjartur Halldórsson, söluráðgjafi í Húsasmiðjunni í samtali við Sóknarfæri.

■ Guðbjartur Halldórsson, söluráðgjafi í Húsasmiðjunni. „Húsin okkar eru hagkvæm og vönduð og þeim er hægt að treysta við íslenskar aðstæður í veðurfari."

Mismunandi stærðir

Að sögn Guðbjarts er hægt að velja um mismunandi stærðir, allt frá 27 m^2 upp í 167 m^2. Húsin koma í stórum einingum og aðeins tekur 3-4 daga að setja þau upp á steyptri plötu og loka fyrir veðri og vindum. Hann segir fólk geta valið um ýmsar útfærslur innanhúss en húsin séu borin uppi af límtrésbita og því hægt um vik að færa til veggi og þess háttar. Ráðgjafar Húsasmiðjunnar séu í góðu sambandi við hönnuði húsanna og vísi fólki á þeirra þjónustu sé óskað frekari ráðgjafar við hönnun, skil á teikningum til sveitarfélaga o.fl. Sama gildi um að koma fólki í samband við smiði þegar kemur að uppsetningu og frágangi og þar sé eftir föngum reynt að útvega iðnaðarmenn frá því svæði þar sem húsið á að rísa.

■ Gerður er stórt og glæsilegt, 107 m^2 heilsárshús. Íslendingar hafa sýnt þessu húsi mikinn áhuga og þessi gerð hefur risið og mun rísa víða um land á næstu mánuðum.

Hagstætt verð

„Verðið á þessum húsum er mjög hagstætt en það byggir auðvitað á stöðlun í framleiðslunni. Eitt vinsælasta húsið heitir Gerður en það er 107 m^2, afar rúmgott og glæsilegt hús. Slíkt hús kostar innan við 14 milljónir króna eftir að plata hefur verið steypt. Allar einingar afhendast samsettar með hurðum og gluggum, allt þakefni er innifalið, öll einangrun komin í veggi og húsin eru klædd lóðréttri greniklæðningu að utan. Þá fylgja auðvitað hönnunarteikningar af húsinu sjálfu. Þetta er afar hagkvæmur pakki sem skilar sér ekki síst í því að vinna iðnaðarmanna á verkstað er í lágmarki enda einingarnar stórar og einfalt að setja húsins saman. Húsin eru að jafnaði afhent 8-10 vikum eftir undirritun kaupsamnings."

Nýja bílskúrshurð á 10 dögum!

„Húsasmiðjan býður einnig upp á gott úrval af vönduðum bílskúrs- og iðnaðarhurðum á góðu verði en hurðirnar eru framleiddar eftir máli af ÍS hurðum fyrir okkur. Þetta er aðili sem hefur áratuga reynslu af smíði og uppsetningu slíkra hurða en þær eru úr hráefni frá Flexiforce og Epco sem hefur reynst einstaklega vel við íslenskar aðstæður. Staðallitur er hvítur og hann er til á lager en einnig er hægt að sérlita hurðir í flestum litum RAL litakerfisins. Við bjóðum upp á tvær gerðir af panil, bæði riffluðan og sléttan, en hann er 40 mm þykkur með mjög gott einangrunargildi. Hægt er að fá stílhreina og vandaða glugga í hurðinar sem hleypa birtu inn í rýmið. Loks má nefna að afgreiðuslufrestur á hurðum úr efni sem við eigum á lager er einungis 10 dagar og við finnum að það er kostur sem kaupendur kunna vel að meta," segir Guðbjartur í Húsasmiðjunni að síðustu.

husa.is



Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS

■ Brynjar Valþórsson, verslunarstjóri Skanva á Íslandi.

Skanva slær í gegn á Íslandi

„Við opnuðum þessa netverslun sl. vor og viðtökur hafa verið alveg gríðarlegar. Íslendingar virðast kunna vel að meta svona verslun þar sem kostnaði við yfirbyggingu og lager er haldið í lágmarki og fólki tryggð gæðavara á mun lægra verði en það hefur átt að venjast. Ég get fullyrt að þau verð sem við erum að bjóða á einstaklingsmarkaði hafa ekki sést hér á landi fyrr," segir Brynjar Valþórsson, verslunarstjóri Skanva á Íslandi.

Allt eftir máli

Skanva á Íslandi er hluti af dönsku fyrirtæki sem hóf rekstur fyrir um sjö árum og býður upp á viðskipti í Danmörku, Noregi og á Íslandi. Um er að ræða danska hönnun en smíði og öll samsetning fer fram í Hvíta Rússlandi. Framleiðsluvörur Skanva eru úr norðlægri furu sem meðhöndluð hefur verið á sérstakan hátt og er þekkt fyrir styrk og endingu.

„Ferlið er afar einfalt. Þú einfaldlega slærð inn mál á því sem þú vilt kaupa og samstundis birtist verðið á vörunni. Allir gluggar okkar og útihurðir eru sumsé framleiddar eftir málum og þörfum viðskiptavina. Hægt er að velja um fjölmargar útfærslur í gleri, áferð, litum, opnunum, læsingum o.s.frv. Við smíðum úr tré eða tré/áli og uppistaðan er límtré sem gerir að verkum að mun ólíklegra er að viðurinn verpist. Einnig bjóðum við plastglugga og hurðir þar sem efniviðurinn kemur frá þýska framleiðandanum VEKA AG," segir Brynjar.

■ Skanva býður upp á glugga og hurðir eftir máli.

35% ódýrara á netinu

Brynjar segir að vissulega geti viðskiptavinirnir pantað vörur Skanva með því að koma með mál í sýningaraðstöðuna á Fiskislóð 31 E í Reykjavík, hringt í sölumenn eða sent tölvupóst og beðið um að varan sé pöntuð. Hins vegar sé mun ódýrara að versla á netinu. „Við bjóðum í raun 35% afslátt ef fólk sér um pöntunina sjálft og þannig skilar það sér strax í lægra verði. Ástæðan fyrir því að við getum boðið lægra verð en aðrir er líka sú að hjá okkur er ekkert lagerhald en slíkt kostar auðvitað mikla fjármuni. Afgreiðslufrestur frá pöntun til þess að vara er komin til viðskiptavinarins er venjulega um átta vikur," segir Brynjar enn fremur.

Allar nánari upplýsingar um vörur Skanva er að finna á vefsíðu fyrirtækisins en einnig getur fólk komið í sýningarsalinn á Fiskislóð og bæði séð og þreifað á vörunni auk þess að fá frekari upplýsingar um allt sem að henni lýtur.

skanva.is

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla við gististaði

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Eitt af áhersluatriðum áætlunarinnar eru orkuskipti í samgöngum sem er stærsti losunarþátturinn sem snýr að beinum skuldbindingum Íslands.

Markmiðið með verkefninu er að fjölga hleðslustöðvum við gististaði þannig að mögulegt verði að auka hlutdeild rafbíla í ferðaþjónustu. **Þeir gististaðir sem falla undir liði (a) og (b) í 4 gr. reglugerðar nr. 1277/2016, geta sótt um styrki til uppsetninga á hleðslustöðvum.**

Við úthlutun styrkja verður miðað við að:

- Verkefnið leiði til uppsetningar á hleðslustöðvum í öllum landshlutum þannig að notendur rafbílaleigubíla geti ferðast um landið með öruggu aðgengi að hleðslustöðvum á næturstað.
- Þegar fleiri en einn sækir um uppsetningu stöðva á sama svæði, þá er sá umsækjandi valinn þar sem kostnaður við uppsetningu er lægstur miðað við fjölda gesta sem nýtt geta hleðslustöðina
- Við uppsetningu hleðslustöðva verði hugað að aðgengi fatlaðra

Til úthlutunar í eru 50 m.kr. Eingöngu eru veittir fjárfestingarstyrkir og geta styrkir hæst numið 50% af áætluðum kostnaði verkefnis.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2019.

Rafrænar umsóknir sendist um þjónustugátt af vef **www.os.is**

Staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 15. október 2019

Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Sími: 569 6083. Netfang: jbj@os.is.

ORKUSTOFNUN ORKUSJÓÐUR

Stólpi Gámar
fyrir atvinnulífið

Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- hitastýrða gáma
- geymslugáma
- einangraða gáma
- fleti og tankgáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Hafðu samband **568 0100**

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík

Ískraft í Kópavogi

Frábærar lausnir í hleðslu fyrir rafbíla

„Við hjá Ískraft erum með minnstu hleðslustöðina á markaðnum í dag. Hún heitir EOMini en það er 7.2kW 32A hleðslustöð sem er lítið stærri en tengill utan á húsinu. Þessar stöðvar koma með 6mA viðbótarvörn og það er hægt að álagsstýra 6 svona stöðvum. Þær henta gríðarlega vel fyrir smærri fjölbýli eða heimili með nokkra rafbíla," segir Sigurður G. Ragnarsson, vörustjóri EO Charging og sölumaður hjá Ískraft í Kópavogi.

■ Sigurður G. Ragnarsson, sölumaður hjá Ískraft í Kópavogi og vörustjóri EO Charging.

Sigurður segir að viðtökur viðskiptavina hafi verið frábærar. „Við hjá Ískraft leitumst alltaf við að fræða viðskiptavininn um hvernig skuli bera sig að við hleðslu rafbíla og komum þeim svo í samband við rafverktaka sem setja upp búnaðinn hjá fólki. Við bjóðum einnig upp á þá þjónustu að koma á kynningarfundi hjá húsfélögum og fara yfir hvað lausnir eru í boði sem gæti hentað fyrir viðkomandi hús. Í framhaldinu gerum við svo tilboð í þann búnað sem hentar hverju sinni."

Lausnir fyrir stærri húsfélög

„Fyrir stærri húsfélög bjóðum við upp á EO Genius stöðina. Þetta er stöð sem tengd er við litla tölvu sem staðsett er í töflurými hússins. Þar mælum við rafmagnsnotkun hússins og tölvan skammtar svo hleðslustöðvunum það rafmagn sem er aflögu hverju sinni út frá getu heimtaugarinnar. Þetta gerir það að verkum að ekki þarf að fara í kostnaðarsama stækkun á heimtauginni og í langflestum tilfellum getum við nýtt það rafmagn sem er til staðar. Húsfélagið getur svo fylgst með notkun hvers og eins og sent út greiðsluseðil mánaðarlega fyrir því rafmagni sem viðkomandi hefur notað. M.o.ö þá borgar hver notandi fyrir það rafmagn sem hann nýtir við hleðslu rafbílsins hverju sinni," segir Sigurður enn fremur.

Þjónustan skiptir mestu máli

Eins og flestir vita hefur Ískraft verið leiðandi fyrirtæki hér á landi varðandi sölu á raflagnaefni til verktaka en með innleiðingu nýrrar tækni eru bílhleðslustöðarna nýjasta viðbótin í vöruúrvali fyrirtækisins. Ískraft þjónar ekki eingöngu þeim sem kaupa búnað frá þeim ef því er að skipta. „Ég væri að skrökva ef ég segði ekki að auðvitað viljum við að sem flestir kaupi hleðslubúnað frá okkur því við teljum okkur bjóða fyrsta flokks vörur og þjónustu. Okkar áhersla er hins vegar á að leiðbeina fólki og við svörum öllum fyrirspunum, óháð því hvort þær varði búnað frá okkur eða einhverjum öðrum framleiðendum. Öryggið í þessu er okkur efst í huga og við tökum hlutverk okkar alvarlega um að veita alltaf faglegar og réttar upplýsingar. Allir eru velkomnir í kaffi og spjall til okkar."

Sigurður leggur áherslu á það í lokin að ávallt skuli fenginn löggiltur rafverktaki til að setja upp hleðslustöðvarnar. Á heimasíða Mannvirkjastofnunar sé að finna upplýsingar um þær reglur sem eru í gildi

iskraft.is

Þéttbýliskjarni í Hörgársveit

Líf og fjör á Lónsbakka

Framkvæmdir eru hafnar á nýju íbúðasvæði í þéttbýlinu við Lónsbakka, skammt norðan Akureyrar, en í mars á þessu ári var byrjað á gatnagerð og lagnavinnu á þessu nýja svæði sem nefnist Reynihlíð. „Allar lóðir í fyrsta áfanga eru nú byggingarhæfar og framkvæmdir þegar hafnar á fyrstu parhúsalóðinni af 6, en á þessu ári verða byggðar 12 parhúsaíbúðir," segir Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri í Hörgársveit. Gatna- og veituframkvæmdum lauk í lok maí eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. „Við eigum aðeins eftir að setja á malbik og steypa gangstéttir en það verður væntanlega ekki gert fyrr en á næsta ári þar sem götustæðið gæti átt eftir að síga eitthvað á ákveðnum kafla," segir Snorri.

■ Samhliða fólksfjölgun í Hörgársveit þarf að byggja upp þjónustu. Verið er að stækka leikskólann Álfastein með viðbyggingu sem tekin verður í notkun síðar í sumar.

■ Framkvæmdir eru hafnar á nýju íbúðasvæði í þéttbýlinu við Lónsbakka, skammt norðan Akureyrar.

Raðhús og fjölbýlishús

Á nýja svæðinu verður byrjað á að grafa fyrir raðhúsum á þremur lóðum fyrir komandi mánaðamót, en alls verða 18 íbúðir á þessum lóðum. Þá segir Snorri að ráðgert sé að reisa eitt 6 íbúða tveggja hæða fjölbýlishús í haust. „Það er því nokkuð víst að á þessu ári muni rísa hús með 36 íbúðum." Snorri segir að þá sé búið að úthluta í viðbót einni byggingahæfri raðhúsalóð í fyrsta áfanga og er hún fyrir 5 íbúðir, en ekki sé nú ljóst hvort byrjað verði á framkvæmdum við húsið á þessu ári eða því næsta. „Þá er byggingarverktaki líka með byggingahæfar lóðir fyrir 2 fjölbýlishús til viðbótar í þessum áfanga, alls 14 íbúðir." Alls verður því hafist handa við byggingu 55 nýrra íbúða við Reynihlíð á þessu ári og því næsta.

Snorri segir að framhaldið, þ.e. hvenær hafist verði handa við næsta áfanga í Lónsbakkahverfinu, ráðist af viðtökum, svæðið sé til staðar sem og skipulag fyrir fjölbreyttar húsagerðir.

Leikskóli stækkaður

Íbúum í Hörgársveit hefur fjölgað umtalsvert, þeir voru 580 í upphafi ársins 2018 en orðnir 624 í byrjun þessa árs. Snorri segir að byggja þurfi upp þjónustu samhliða fólksfjölgun, en þegar eru hafnar framkvæmdir við viðbyggingu við leikskólann Álfastein. „Það er ljóst að þörf fyrir meira rými á leikskóla verður fyrir hendi strax núna í sumar og við erum að bregðast við því," segir hann, en jafnvel gera menn ráð fyrir að ráðast þurfi í aðra stækkun á leikskólanum á árinu 2020. Húsnæði í Þelamerkurskóla er á hinn bóginn nægjanlegt og þar þurfi ekki að grípa til ráðstafana, í það minnsta ekki fyrst um sinn.

Breytt skipulag á Hjalteyri

Tveir þéttbýlisstaðir eru í sveitarfélaginu, Lónsbakki sem liggur við bæjarmörkin við Akureyri og Hjalteyri. Nýtt deiliskipulag var gert fyrir Hjalteyri í fyrra og eru í boði þar nokkrar nýjar einbýlishúsalóðir auk sumarhúsalóða. Þar er í byggingu eitt nýtt og glæsilegt sumarhús, en Snorri segir að verið sé að vinna að breytingum á skipulaginu til að koma til móts við aðila sem gætu hugsað sér smærri íbúðir fremur en einbýlishúsalóðir. „Við erum einnig að skoða með úthlutanir á lóðum niðri á eyrinni sjálfri í framhaldi af fyrirspurnum sem borist hafa þar um," segir Snorri.

Nýtt athafnasvæði við Lækjavelli er einnig í uppbyggingu og segir Snorri að síðustu smærri lóðinni á því svæði verði væntanlega úthlutað fljótlega, en þá er eingöngu eftir ein stór byggingarhæf lóð á því svæði.Möguleiki er á því að þeirri lóð verði skipt niður í smærri lóðir ef eftirspurn verður eftir því.

Glæsileg sjávarútvegssýning í Laugardalshöllinni

25. – 27. september 2019

Fjöldi íslenskra og erlendra fyrirtækja sýna allt það nýjasta í tækjum og þjónustu við sjávarútveginn.

Sýningin er opin:

Miðvikudag: 25. sept. 14.00-19.00

Fimmtudag: 26. sept. 10.00-18.00

Föstudag: 27. sept. 10.00-18.00

Allar nánari upplýsingar á **www.icelandfishexpo.is**

ICELAND FISHING EXPO 2019

Sjávarútvegur 2019

■ Hafnartorg tengir fallega við gamla miðbæinn.

Hafnartorg – lifandi kjarni í miðborginni

Framkvæmdir við verslunarrými á Hafnartorgi eru nú í fullum gangi en um þessar mundir opnar fjöldi spennandi verslunar- og veitingastaða á svæðinu. Leigutakar eru sérvaldir á svæðið með heildarbrag og ímynd svæðisins að leiðarljósi en fasteignafélagið Reginn á allt verslunar- og þjónusturými á jarðhæð við Hafnartorg.

Tinna Jóhannsdóttir, markaðsstjóri Regins segir að vel hafi gengið við opnun Hafnartorgs og væntingar eigenda og rekstraraðila verslunar á svæðinu hafi gengið eftir. Verslun hefur gengið vel og mikil umferð gangandi fólks verið um svæðið. „Hafnartorg opnaði í október á síðasta ári með HM og HM home. Það var mjög mikilvægt að fá þessa vinsælu og þekktu verslunarkeðju á svæðið enda nýtur hún bæði mikilla vinsælda meðal Íslendinga og er vel þekkt meðal erlendra ferðamanna. Síðan hafa aðrar verslanir fylgt í kjölfarið og á vordögum opnuðu verslanir sem Íslendingar þekkja vel, GK Reykjavík, COS og Collections. Nú í sumar eru enn fleiri opnanir fyrirhugaðar en sem dæmi opnar Michaelsen brátt fyrstu Rolexverslunina á Íslandi. Hér opna líka veitingahúsin Joe & The Juice, sem flestir kannast við og Maikai veitingahúsakeðjan sem hefur tröllriðið öllu í Bandaríkjunum og víðar en hún opnar nú í

Hafnartorg er hluti af miðbænum

„Við vildum vera hluti af þeirri uppbyggingu sem er í gangi á svæðinu hérna, vildum vera innan um þessar merkjavörubúðir sem eru að opna hérna og vera hluti af þeim,“ segir Heimir Geirsson en hann er yfir herradeildinni í Collections sem opnaði við Hafnartorg nú í apríl.

■ Heimir Geirsson hefur umsjón með herradeild Collections en hann telur að svæðið eigi eftir að vaxa og dafna.

„Þetta hefur verið mjög skemmtilegt og við höfum fengið afar góðar viðtökur, ekki síst þegar veðrið hefur leikið svona við okkur eins og síðustu vikurnar. Hafnartorg hentar mjög vel til verslunarreksturs, en hér er bæði góð aðstaða fyrir gangandi vegfarendur og svo tekur fólk eftir okkur sem keyrir hér framhjá.

Ég hef fengið margar athugasemdir um að fólk hafi beðið lengi eftir að hafa svona verslun niðri í bæ og ég held að svæðið eigi eftir að vaxa og dafna, sér í lagi þegar allt verður tilbúið hérna í kring,“ segir Heimir. „Það eru náttúrulega margir sem segja að það sé svolítið eins og að koma til útlanda, hér er auðvitað allt nýtt og verslunarrýmin minna marga á skandinavískar verslanir. En að sama skapi upplifir maður sig strax sem hluta af miðbænum, við hlið Hörpu og hafnarinnar og allt smellur saman.“

■ Hágæða vörumerki munu setja svip sinn á verslanir á Hafnartorgi.

fyrsta sinn á Íslandi. Nú þegar hefur um 80% fermetra sem við höfum tilráðstöfunar verið leigðir út," segir Tinna.

Reginn hefur til umráða alls um 9000 m² á Hafnartorgi. Verslunarrýmin eru sérhönnuð með þarfir hverfisins í huga, eru með hárri lofthæð og vítt er til veggja auk þess sem keypt var sérstakt Low Iron gler sem er tærasta gler í heiminum. Hafnartorg býr svo vel að undir því er einn stærsti bílakjallari landsins með um 1100 bílastæðum og er innangengt beint í hverfið úr honum. Nú þegar er búið að opna bílakjallarann undir Hafnartorgi og er keyrt inn í hann frá Geirsgötu, á milli Hafnartorgs og Kolaportsins.

Verslunarhverfi með skýra stefnu

„Stefna okkar er að velja inn í verslunarhverfið þekkt, hágæða vörumerki. Það er mikill styrkleiki fyrir verslunarhverfið að það er í eigu eins aðila sem getur þannig skipulagt það með langtímahagsmuni og heildarásýnd í huga. Okkur liggur því ekkert á, við viljum skapa hér sérstakt verslunarhverfi líkt og við þekkjum erlendis með annars konar upplifun en þekkst hefur hér á landi. Hér er því einstakt tækifæri á að gera það vel og þess vegna vöndum við okkur við val á samstarfsaðilum og horfum til langs tíma. Framtíðarsýn okkar hjá Reginn er að hér verði til verslunarhverfi með verslun og þjónustu þar sem í boði verði þekkt vörumerki og iðandi mannlíf í göngugötum.

Þegar svæðið verður fullklárað á næstu árum er það okkar trú að þetta verði lykilsvæði innan miðborgarinnnar sem muni hafa jákvæð áhrif á nærliggjandi svæði og styrkja hverfið í heild sinni. Það er einnig mikil kostur við Hafnartorg að það er mjög auðvelt að koma að svæðinu á bílum sem er hlutur skiptir Íslendinga miklu máli. Einnig mun Borgarlínan vera hér við Hörpu sem mun bæta aðgengi og styrkja svæðið mikið," segir Tinna að endingu.

hafnartorg.is

■ **Reginn hefur til umráða alls um 9000 m² á Hafnartorgi.**

Nýtt vígi fyrir miðborgina

■ **Svava Johansen, eigandi og forstjóri NTC: „Hér er að byggjast upp mjög skemmtilegt samspil mismunandi verslana, kaffihúsa og veitingastaða."**

„Þegar við sáum þetta hverfi í byggingu vakti það strax athygli hvað það tengdist vel gamla bænum. Allt umhverfið hérna er að verða ótrúlega flott: Tengingin við höfnina og Hörpu finnst mér æðisleg, líka nálægðin við fimm stjörnu hótel og stóra íbúðabyggð og við Arnarhólinn og að fá alla þessa sól, en verslunin snýr í suðurátt. Þetta tikkaði í öll box hjá okkur," segir Svava Johansen, forstjóri/eigandi NTC sem rekur m.a. GK Reykjavík sem opnaði nýverið verslun við Hafnartorg. „Við höfum alltaf verið ánægð í miðbænum og það hefur verið mjög farsælt fyrir okkur að vera þar. Við erum með verslunina Evu á Laugavegi, rekum Fló og Fransí að hluta og rákum Gallerí 17 stórverslun þar í áratugi, svo það er mjög eðlilegt fyrir okkur að vilja vera niðri í miðbæ."

Svava bendir á að mörg svæði á Laugaveginum séu mjög skemmtilleg og tengjast vel við verslanir Hafnartorgs. „Ég hóf verslunarrekstur í miðbænum árið 1981 – 17 ára gömul og hef séð hann stefna í ýmsar áttir. Nú má segja að Hafnartorg sé að verða verði nýtt vígi fyrir miðborgina og er það ótrúlega spennandi."

„Við erum búin að vera við Hafnartorg í einn og hálfan mánuð og erum mjög ánægð með hvernig þetta fer af stað. Við höfum líka frábært starfsfólk og skemmtilegar vörur sem henta vel fyrir þessa staðsetningu. Hingað kemur mikið fólk úr miðbæ, vesturbæ og af Seltjarnarnesi, fólk með miklar skoðanir á hlutunum og það er einmitt fólkið sem við vildum fá. Við einblínum alltaf á íslenskan markað en viðskipti við erlenda ferðamenn mun þó líklega verða næstum 30% af okkar viðskiptum í GK Reykjavík. Nálægðin við höfnina og nýja 5 stjörnu hótelið er því afar hentug og við höfum væntingar um enn fleiri ferðamenn þegar það fullbyggt. Við erum með falleg og vönduð merki, sem er kannski dýr ef við miðum við H&M og COS, en ódýr ef þú berð þau saman við merki á borð við Gucci og Prada. Hér er að byggjast upp mjög skemmtilegt samspil mismunandi verslana, kaffihúsa og veitingastaða."

Útgáfa fyrir atvinnulífið

Starfsmenn Ritforms eru með áratuga reynslu af hvers konar textavinnslu og fréttamiðlun, auglýsingasölu og fjármögnun verkefna, hönnun og umbroti, samskiptum við prentsmiðjur og dreifingaraðila.

Ritform leggur megin áherslu á útgáfu eigin miðla. Fyrirtækið annast einnig útgáfu tímarita og fréttablaða fyrir aðra og hefur þá heildarumsjón með verkinu, allt frá undirbúningi til lokafrágangs.

Fjölbreytt útgáfa

Á vegum Ritforms eru gefin út kynningarblöð þar sem fjallað er með faglegum hætti um íslenskt atvinnulíf.

Í útgáfuflóru Ritforms er að finna blaðið **Sóknarfæri** sem dreift er til allra fyrirtækja í landinu. Þar er fjallað um sjávarútveg, verklegar framkvæmdir og orkumál. Einnig gefur Ritform út tímaritið **Ægi** í áskrift og **Cool Atlantic**, kynningarrit á ensku um íslenskan sjávarútveg. Ritform hefur og með höndum útgáfu ferðablaðanna **Ævintýralandið Ísland** og blaðsins **Outdoors** sem ætlað er erlendu ferðafólki.

Hönnun og umbrot

Ritform tekur að sér hönnun af ýmsu tagi:

- Blaðaumbrot
- Ársskýrslur
- Auglýsingar
- Markpóstur
- Bæklingar
- Nafnspjöld

Við sjáum um öll samskipti við prentsmiðjur og finnum ávallt hagkvæmustu prentunina.

Riform ehf.
Síðumúla 23 // 108 Reykjavík
Glerárgötu 24 // 600 Akureyri
ritform@ritform.is

ritform.is

Sjómannaskólareitur í deiglunni

Nú liggja fyrir drög að breytingu á skipulagi fyrir svokallaðan Sjómannaskólareit til að nýta betur auð svæði sem þar er að finna. Fyrirætlanir borgarinnar ganga út á þéttingu byggðar en að uppbyggingin verði á forsendum þeirrar byggðar sem fyrir er. Skiptar skoðanir eru meðal íbúa í nærliggjandi hverfum um þessi áform.

Fundur fyrir íbúa vegna breytinga á deiliskipulagi og aðalskipulagi fyrir Sjómannaskólareit ásamt kynningu á aðalskipulagi fyrir Veðurstofuhæð var haldinn 14. maí sl. í Borgartúni 14. Haraldur Sigurðsson deildarstjóri kynnti drög að breytingu á aðalskipulagi fyrir Sjómannaskólareitinn og raunar einnig Veðurstofuhæð. Aðalheiður Atladóttir og Falk Krüger arkitektar kynntu drög að deiliskipulagi fyrir Sjómannaskólareit og Anna Lísa Guðmundsdóttir hjá Borgarsögusafni kynnti menningarminjar.

■ Í drögum að nýju deiliskipulagi Sjómannaskólareits er gert ráð fyrir þéttingu byggðar. Skiptar skoðanir er í hverfinu með áformin.

Mismunandi skoðanir

Í breytingatillögu að aðalskipulagi er lagt til að hluta lóðar Sjómannaskólans, sem nú er öll skilgreind sem samfélagsþjónusta, verði breytt í íbúðabyggð að hluta og opið 0,7 ha svæði. Samkvæmt tillögunni yrði leyft að byggja allt að 150 nýjar íbúðir á árunum 2020-2024.

Á fundinum komu fram komu áhyggjur íbúa af fjölda íbúða og hæðum húsa á reitnum. Svöruðu arkitektar því að húsin sem standa næst Sjómannaskóla hafi verið lækkuð í drögum að deiliskipulagi, íbúðum fækkað og húsin færð til að skyggja ekki á framhlið skólahússins. Fram kom á fundinum að forsvarsfólk Sjómannaskólans væri sátt við tillöguna og prestur Háteigskirkju upplýsti einnig að kirkjan ætlaði ekki að nýta byggingarreit móttökuhúss næst Nóatúni.

■ Á Sjómannaskólareit er tækifæri til að þétta byggð og nýta landið betur en hingað til.

■ Komið hefur verið til móts við skoðanir íbúa og íbúðum á reitnum verið fækkað frá því sem áður var lagt upp með.

Stakkstæðið verndað

Á fundinum kom fram að lagt er til að stakkstæði og vatnsgeymarnir tveir á svæðinu njóti hverfisverndar. Í umsögn Borgarsögusafns segir: „Fiskþurrkunarreiturinn, stakkstæðið er sjaldgæfur og einstakur minjastaður. Margir slíkir reitir voru víða í Reykjavík fyrr á tímum bæði náttúrulegir við ströndina og manngerðir eins og á Rauðarárholtinu, en hann er eini sjáanlegi reiturinn sem eftir er í Reykjavík.“ Þá hafi vatnsgeymarnir mikið sögulegt og umhverfislegt gildi.

Fram kom hjá skipulagsfulltrúa á fundinum að það eigi eftir að taka málið fyrir í skipulags- og samgönguráði og samþykkja í auglýsingu. Þegar að það verður gert þá taki við sex vikna auglýsingatími þar sem hagsmunaaðilum gefist kostur á að koma með formlegar athugasemdir við deiliskipulagið.

ÍSRÖR



Hjá ÍSRÖR færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar

- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar

- PexFlextra sveigjanlegri pexrör
- Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR

Hjá ÍSRÖR færðu einnig

- Viðvörunaborða
- Hlífðarborða
- Opnanleg hlífðarrör
- Jarðvegsmottur

- Hitaveituskápa
- Ljósleiðaraskápa
- Gasskápa
- Dæluskápa

og svo margt fleira

ÍSRÖR

Hjá ÍSRÖR færðu pressutengi og pressuvélar frá Haelok fyrir stálrör frá 3/8" upp í 4"

- Minnkanir
- Bein tengi
- Viðgerðartengi
- Nippla
- Múffur
- Hné
- Té
- Blindlok

Hringhella 12, Hafnarfjörður • Sími 565-1489 • isror@isror.is • www.isor.is

ÍSKRAFT

Nánari upplýsingar á **iskraft.is** og ráðgjöf veitir sérfræðingur okkar Sigurður Gunnar Ragnarsson, **siggig@iskraft.is** og í síma **535-1209**.

Grunnlitir eru silfur og hvítt. Hægt að panta aðra liti

EO HLEÐSLUSTÖÐVAR

fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki, hagstætt verð, gæði og falleg hönnun

EO hleðslustöðvarnar eru frábær lausn fyrir rafbílaeigendur. Þessar hleðslustöðvar eru breskar og sameina gæði og hagstætt verð í fallegri hönnun sem vakið hefur verðskuldaða athygli í Evrópu.

Einfalt og þægilegt í uppsetningu

EO Mini – Hleðslustöð fyrir heimili og fyrirtæki
verð frá 98.900 kr með/vsk

EO Basic hleðslustöð
verð frá 119.900 kr með/vsk

Smiðjuvegur 5, Kópavogi, sími 535-1200 I Hjalteyrargata 4, Akureyri, sími 455-1200
Eyrarvegur 42, Selfoss, sími 483-5200 I Fitjum 2, Reykjanesbæ, sími 421-6526

iskraft.is



VÉLSMIÐJA ÍSTAKS

Í vélsmiðju Ístaks starfa faglærðir menn með mikla reynslu af stórum og smáum verkefnum í stálsmíði. Í samstarfi við viðskiptavini hefur vélsmiðjan einnig tekið að sér hönnun á margvíslegum verkum sem smíðuð eru í vélsmiðjunni.

Vélsmiðjan starfar í um 1.300fm húsnæði og er vel tækjum búin í stálsmíði og plötusmíði. Þar af er um 100fm sand-blástursklefi og 300fm málningarsalur. Öll aðstaða er til staðar til að taka við stórum og flóknum verkefnum jafnt sem minni verkum.

ÍSTAK
VÉLSMIÐJA

Ístak hf - Bugðufljóti 19 - 270 Mosfellsbær - Sími 530 2700 - istak@istak.is - www.istak.is